



Dúkkurnar hjálpa Þórkötlu með allt

Þórkatla Eiríksdóttir, dóttir Áslaugar Friðriksdóttur, er fötluð og styður sig við dúkkur og ýmsa aðra hluti. Hver dúkka á sér eigin rödd og eiginleika sem Þórkatla nýtir sér. Mæðgurnar segja frá skrautlegu hversdagslífi sínu.

→ 26



Heilsurækt á nýju ári
Aldrei fleiri
möguleikar. → 24



Bókaannáll
Jól Jóns Kalmans
og ljóða. → 38



Kirkja aðventista
Gavin Anthony,
formaður aðventista
á Íslandi. → 32

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

SMÁRALIND



50%

ÚTSALA
OPIÐ TIL 18 Í DAG

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Kringlan

30
ára


ÚTSALA

LAUGARDAGUR
10-18

SUNNUDAGUR
13-18



Veður



Suðvestan hvasviðri austan til á landinu fram eftir degi, en mun hægari vindur vestan til. Rigning eða slydda suðaustan til fram að hádegi, annars dálítill él, en þurr að kalla sunnan til á landinu síðdegis.

SJÁ SIÐU 50

Elliði tilbúinn í fyrsta prófkjör í Eyjum í 28 ár

STJÓRN MÁL Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélagsins í Vestmannaeyjum fellði skömmu fyrir áramót tillögu um að stillt yrði upp á framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Aníta Óðinsdóttir, formaður fulltrúaráðsins, segir að ráðið muni því á næstunni kjósa um hvort valið verði á listann með prófkjöri. Nái sú tillaga ekki fram að ganga verði kosning kjörnefndar þrautalendingin.



Elliði Vignisson,
bæjarstjóri í Vestmannaeyjum

Elliði Vignisson, oddviti flokksins, sem hefur verið bæjarstjóri í tólf ár, hefur lýst því yfir að hann gefi kost á sér áfram og hvíkar hvernig frá því þótt tillagan um uppstillingu hafi verið felld.

„Ég gef kost á mér sama hvaða leið verður farin og er nú uppteknari af því hvernig við vinnum kosningar frekar en hvaða aðferð er notuð til þess að stilla upp lista.“ Elliði segist aðspurður ekki vera kominn í neinn sérstakan prófkjörsham strax. Hann bíði einfaldlega rólegur eftir lokaniðurstöðunni.

Elliði lýsti því yfir í desember að hann gæfi kost á sér áfram. Hann sagðist þá, á undanförunum mánuðum, hafa verið þrjúspurður hvort hann myndi sækjast eftir endurkjöri.

Eftir að hafa ráðfært sig við fjölskyldu, vini og samstarfsfólk tók hann ákvörðun „um að láta reyna á hvort ég hafi áfram traust Eyjanna til að vinna sveitarfélaginu gagn“.

Sjálfstæðisfólk í Vestmannaeyjum var síðast með prófkjör árið 1990, fyrir 28 árum. – þþ

Þrumustuð í þrítugsafmæli



Mikil gleði var í þrítugsafmælisfögnuði stúdentahreyfingarinnar Röskvu í Iðónó í gær. Mættu þar meðal annars fyrrverandi Röskvuliðarnir Skúli Helgason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, sem var fyrsti formaður Röskvu, Krístrún Heimisdóttir, Steinunn Valdis Óskarsdóttir og Pétur P. Óskarsson. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Valdamenn á lista vegna mútugreiðslna

DANMÖRK Á nýjum lista danska fjármálaeftirlitsins er að finna 830 stjórnálmenn og embættismenn sem hætta er á að taki við mútum vegna starfs síns.

Því er þó bætt við að listinn sé ekki gerður vegna gruns um mútubægni þeirra sem tilgreindir eru á listanum, heldur frekar til þess að benda á þá sem mögulega gæti verið reynt að múta.

Tilgangurinn er að listinn gagnstætt bönkunum í landinu við að hafa eftirlit með því hvort fólk í valda- stöðum í samfélaginu taki við grunsamlega háum upphæðum.

Bönkum og annars konar fjármála fyrirtækjum í landinu er skylt að fylgjast með málum af þessu tagi, að því er segir í frétt danska ríkisúvarpsins. – ibs

Þúsundir sérfræðinga eftir sementssprengingu

Sú staðreynd að ekki tókst að fella fjögur síló á lóð Sementsverksmiðjunnar á Akranesi var ein margra sviðsmynda sem uppi voru hjá verktakanum. Verktakinn segir að furðu margir Íslendingar virðist vera orðnir sprengjusérfræðingar.


AKRANES. „Við vissum að þetta væri rammgert en þegar svona fer af stað þá eru allt í einu 10 þúsund sprengjusérfræðingar til á landinu,“ segir Þorsteinn Auðunn Pétursson, framkvæmdastjóri Work North ehf. sem sér um niðurrif á Sementsverksmiðjunni á Akranesi. Tilraun til að fella fjögur síló á lóð verksmiðjunnar með sprengjum mistókst síðasta laugardag en Þorsteinn segir að gert hafi verið ráð fyrir að það gæti gerst.

„Þeir fóru ekki niður í þetta skiptið en þetta var líka ein margra sviðsmynda sem við vorum með uppi því það var ekki vitað hversu óhemju mikil járnabinding og steypa væri þarna í.“

Þorsteinn segir að nú sé búid að stilla turnana af með fyrstu sprengingunni og vitað að þeir fari í þá átt sem þeir vildu að þeir færu.

Eins og fram hefur komið gerðu bæjaryfirvöld ekki ráð fyrir að ráðist yrði í framkvæmdirnar fyrr en á nýju ári og kom sprengingin því bæði stjórnendum og mörgum íbúum á óvart. Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness, sagði í Fréttablaðinu að þetta hefði gert það að verkum að bærinn hafi ekki getað sinnt upplýsingaskyldu sinni við bæjarbúa sem skyldi. Verktakinn vildi ekki draga athygli að sprengingunni til að tryggja öryggi fólks sem ætti til að safnast saman við slík tækifæri.

Framkvæmdin hefur verið gagnrýnd og sú staðreynd að vanmetið hafi verið hversu járnþent mannvirkið var. Nokkuð sem margir heimamenn segja að þeir hefðu getað sagt þeim sem vildu vita. Þor-



Silóin fjögur reyndust sérlega rammgerð og hallast nú lítið eitt eftir umtalaða sprengingu Work North á Akranesi á laugardag. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Þetta er allt samkvæmt bókinni. Við gætum fyllsta öryggis.

Þorsteinn Auðunn Pétursson, framkvæmdastjóri Work North ehf.

steinn segir að farið hafi verið eftir teikningum, en margir verði sérfræðingar eftir á.

Aðspurður um reynslu fyrir tækisins af sprengjunni segir Þorsteinn að Work North hafi keypt sér þjónustu sprengjusérfræðings

fyrir verkið sem hafi séð um framkvæmdina. Nú sé verið að skoða næstu skref með þeim sérfræðingi og verkfræðingum.

„Þetta er ekkert mál. Við erum með svæðið tryggt, þetta er innan okkar verksvæðis og hluti af niðurrifinu. Þessir turnar fara auðvitað niður. Ef við þurfum að sprengja aftur þá gerum við það og tilkynnt verður um þá framkvæmd. Þetta er allt samkvæmt bókinni. Við gætum fyllsta öryggis og þetta er allt í samráði við opinbera eftirlitsaðila.“

Akranesbær sendi svo í gærkvöldi frá sér tilkynningu þess efnis að reyna ætti aftur við silóin í dag. mikael@frettabladid.is

11. JAN – 12. MARS



BAKLEIKFIMI Í HEILSUBORG

Betri liðan í hálsi og baki undir leiðsögn sjúkráþjálfara.

Skemmtileg tónlist og dansspor sem bæta líkamsbeitingu auk æfinga sem styrkja og liðka líkamann.

Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12:05 (miðlungs álag),
16:20 (létt álag) og 17:20 (meira álag).

Frábær aðstaða, góður tækjasalur og næg bílastæði að Bildshöfða 9.

Upplýsingar og skráning: www.bakleikfimi.is

BREIÐU BÖKIN



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

STÓRSÝNING FJÖLLUM HÆRRA NÝR LAND CRUISER

LEASING/SALES/TOY 8002 1217



Orkuskiptin eru hafin!
Sérstakt nýárstilboð
á öllum Hybrid bílum.

Í dag, 6. janúar kl. 12–16 hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi

Við frumsýnum nýjan **Land Cruiser 150** sem einfaldlega toppar allt. Ásamt því að kynna konung jeppanna gengur það fjöllum herra að við verðum með afslætti og nýárstilboð á sýningunni:

- Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu
- Nýjum Land Cruiser 150 fylgir 2 ára þjónustupakki
- Allir Hybrid bílar verða á sérstöku nýárstilboði
- 50 sérvildir Toyota bílar bjóðast með 10% afslætti

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 31.12.2017 TIL 06.01.2018

1,7

prósent var atvinnuleysi í nóvember en að jafnaði voru 198.100 manns á aldrinum 16-74 ára á vinnumarkaði. Af þeim voru 194.700 starfandi og 3.400 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnulausir eru um 1.200 færri en á sama tíma árið 2016 og hlutfall þeirra lækkaði um 0,6 prósentustig.


700

metrar var skyggnið á höfuðborgarsvæðinu um miðnætti á nýársnótt vegna mikils magns svifryks. Vanalega er skyggnið 40 til 50 kílómetrar.



79

kjarasamningar verða lausir í desember á þessu ári, að því er Ríkissáttasemjari gerir ráð fyrir. Sjö kjara-deilumál eru á borði Ríkissáttasemjara í byrjun árs.



632

var sagt upp í hópuppsögnum á árinu 2017. Fjöldinn hefur aukist stöðugt frá árinu 2014 þegar 231 missti vinnuna. Árið 2008 misstu rúmlega fimm þúsund manns vinnuna í hópuppsögnum.

415

rafbílar seldust hér á landi í fyrra samkvæmt tölum frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Árið 2016 seldust hér 227 rafbílar. Aukningin er 86 prósent.



650

þúsund krónur fyrir sólarhringsvinnu var íslenska ríkið dæmt til að greiða verjanda í sakamáli sem aldrei náði í aðalmeðferð. Af tímaskrá verjandans þótti ljóst að hann hefði varið 25 klst. í rekstur málsins.



Þrjú í fréttum Bónusar, þögn og mengun

Guðni Bergsson

formaður KSÍ

greindi frá því að stjórn sambandsins hefði ákveðið að karla- og kvennalandslið Íslands í fótbolta fengju jafnháar árangurstengdar greiðslur vegna leikja í undankeppnum HM og EM. KSÍ fer því sömu leið og norska knattspyrnusambandið sem ákvað í desember að greiða jafnháa bónusa fyrir þau stig sem vinnast.



Sigríður Á. Andersen

dómsmálaráðherra

kvaðst á ráðstefnunni Þögnin, skömmin og kerfið binda miklar vonir við að opin umræða leiddi til þess að þeir sem telja að á sér sé brotið með alvarlegum hætti veigri sér ekki við að stíga fram og leita réttar síns sem fyrst. Sigríður sagði samþing fólks með þeim sem orðið hefðu fyrir kynferðisbrotum ekki geta annað en yljáð um hjartarætur. Það sýndi að enginn ætti að þjást í þögninni.



Jón Magnús Kristjánsson

yfirlæknir bráðalækninga á Landspítalanum

greindi frá því að spítalinn hefði tekið á móti allt að 15 manns með andþyngsli og súrefnislækkun í blóði um áramótin. Eru það mun fleiri en á sama tíma á undanföllum árum. Í sumum tilfellum hafi fólk þurft að leggjast inn. Fleiri leituðu til bráðamóttökunnar vegna öndunarörðugleika nú en þegar gaus í Eyjafjallajökli 2010.



Segir nauðsynlegt að breyta strúktúrnum í sauðfjarrækt

Sérfræðingur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins var fenginn til að skoða umhverfi sauðfjarræktar á landinu. Segir eðlilegt að búum fækki og erfitt sé að byggja greinina upp að svo stórum hluta á útflutningi. „Það fæst ekki það verð fyrir vöruna sem þarf til að framleiða hana.“

LANDBÚNAÐUR Bændum og fé þarf að fækka ef ekki finnst erlendir markaðir, starfsumhverfi sauðfjarræktar hvetur til offramleiðslu og ekkert sem ríkið getur gert til þess að koma stöðugleika á verð sem fæst fyrir kjöt erlendis. Þetta er niðurstaða Kára Gautasonar, sérfræðings hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sem skoðaði gaumgæfilega starfsumhverfi sauðfjarræktarinnar fyrir Landssamtök sauðfjarræktar (LS).

„Ef það er markmið að menn hafi allar heimilistekjur úr sauðfjarrækt þá held ég að það þurfi að verða strúktúrbreyting á sauðfjarrækt eins og hefur verið í nautgriparrækt. Það er að búin stækki verulega og til að það sé pláss til þess þurfa einhverjir að hætta,“ segir hann.

Kári var fenginn af LS til að skoða rekstrarumhverfi sauðfjarræktarinnar og hvaða meðul aðrar þjóðir noti til sveiflujöfnunar fyrir bændur. Engum dylst að staða sauðfjarræktar er grafalvarleg þar sem rekstrargrundvöllur stórs hluta sauðfjarræktar



Fækka þarf sauðfé að mati rannsakanda. Engum dylst að staða sauðfjarræktar er grafalvarleg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samfélagslega er æskilegra að það verði fækkun á fé frekar en fækkun á búum.

Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjarræktar



er brostinn í landinu vegna verðfalls afurða erlendis.

Kári bendir á að neysla á lambakjöti innanlands breytist ekki í bráð og með aukinni framleiðslu verði

framleiðsla á lambakjöti viðkvæmari fyrir sveiflum erlendis. Ríkið geti litið sem ekkert gert í að breyta verðlagi á lambakjöti á heimsmarkaði.

Á fyrstu tíu mánuðum ársins hafa verið fluttar út sauðfjarræktir fyrir rúmlega fimm hundruð krónur á hvert kíló að meðaltali. Kári segir það nærri helmingi lægra en framleiðslukostnað best reknu búa landsins. „Persónulega finnst mér mikil áhætta að byggja greinina að svo stórum hluta á útflutningi,“ segir Kári. „Raunveruleikinn er sá að það fæst ekki það verð fyrir vöruna sem þarf til að framleiða hana og þá er svarið að það sé framleitt of mikið.“

Oddný Steina Valsdóttir, formaður LS, segir stöðuna ekki góða og finna þurfi lausnir. „Við höfum bent á að sveiflujöfnun af einhverju tagi þurfi að koma á og sú aðferð er viðhöfð í fjölda landa. Við teljum, sérstaklega í grein með langa framleiðsluferla og fjölskyldubú sem þola ekki miklar ytri sveiflur, að það sé rökrétt að setja á útflutningskyldu á lambakjöt,“ segir Oddný. „Samfélagslega er æskilegra að það verði fækkun á fé frekar en fækkun á búum. Því er hægt að búa til hvata fyrir bændur til að fækka fé og greiða til að mynda fyrir landbótaverkefni.“ sveinn@frettabladid.is

COMPASS

ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Aflmikill og sparneytinn jeppi í millistærðarflokki

2.0 lítra díselvél 170 hö., 9 gíra sjálfskiptur, 4 drifstillingar, 18" álfelgur, ríkulegur staðal- og öryggisbúnaður, árekstrarvari o.fl.

Verð frá 5.890.000 kr.*

Fáanlegur aukabúnaður m.a.: 8,4" skjár, leiðsögukerfi, Beats hljómkerfi, bakkmyndavél, 19" álfelgur o.fl.

Komdu í reynsluakstur - Opíð í dag milli kl. 12-16



ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opíð virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

Kringlan

30
ára

EIN STÆRSTA ÚTSALA LANDSINS

ÚTSALA



LAUGARDAGUR
10 - 18
SUNNUDAGUR
13 - 18

**ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

Vetur hagræðingar fram undan að mati Samtaka atvinnulífsins

EFNAHAGSMÁL „Í mínum huga verður þessi vetur vetur hagræðingar hjá mörgum fyrirtækjum,“ sagði Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), á hádegisfundi samtakanna með fjölmiðlum í gær. Fram kom í máli hans að eftir undraverðan hagvöxt á umliðnum árum væri íslenska hagkerfið að breyta um takt. Hægt hefði á vexti þess. Eftir riflega sjö prósent hagvöxt á síðasta ári gera

greinendur ráð fyrir þriggja til fjögurra prósent vexti í ár.

„Við fundum fyrir þessu í fundaherferð SA um landið á haustmánuðum síðasta árs þar sem við ræddum við hundruð manna og tugi fyrirtækja. Sagan var alltaf efnislega sú sama: Það hefur gengið vel en við finnum að launakostnaðurinn er farinn að taka í,“ sagði hann.

Halldór Benjamín benti á að raungengi á mælikvarða launa hefði

hækkað verulega undanfarin ár og væri nú álika hátt og 2007. Hækkunin væri til marks um þverrandi samkeppnishæfni íslenskra útflutningsgreina. „Ef launaþróunin verður áfram sú sama næstu þrjú ár eins og hún hefur verið síðustu þrjú ár teiknast upp einhvers konar ómöguleiki þar sem íslenskir útflutningsatvinnuvegir verða svo gott sem fullkomlega ósamkeppnishæfir á erlendri grundu.“

Við getum ekki treyst á þessa aðferð aftur vegna þess að við verðum ekki svo heppin aftur.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA



Stundum er mikið svigrúm til launahækkana og stundum lítið. Nú er það lítið og við verðum að laga okkur að því. Við höfum farið í gegnum gríðarlega miklar launahækkunir til alls þorra manna sem hafa skilað sér nánast að fullu í vaxandi kaupmætti þar sem verðbólga hefur á sama tíma verið lág. Við getum ekki treyst á þessa aðferð aftur vegna þess að við verðum ekki svo heppin aftur.“ – kij

Ekki nóg til að hækka launin

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráðherra vonar að aukning til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni í nýsamþykktum fjárlögum verði til þess að laun hjúkrunarfræðinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) hækki og verði til jafns á við laun á Landspítalanum. Framkvæmdastjóri hjúkrunar á SAK segir hækkinguna langt í frá nægja.

Fréttablaðið greindi frá því að laun hjúkrunarfræðinga á SAK væru lægri en laun kollega þeirra á Landspítalanum. Blaðið innti heilbrigðisráðherra svara um hvort vilji væri til að breyta þessu og til hvaða aðgerða ráðherra myndi gripa.

„Mönnunarmál eru eitt af því mest aðkallandi í heilbrigðiskerfinu öllu. Það heyrum við alls staðar á landinu,“ segir Svandís.

Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á SAK, segir þá hækkingu sem stofnunin fái á fjárlögum duga skammt. „Miðað við það sem við lögðum fram þá þurfum við miklu meira til að laga þetta að fullu.“ – sa

Sáttmáli gegn einelti, áreitni og ofbeldi

SAMFÉLAG Samtök atvinnulífsins hvetja starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja til að gera gildan sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi, sem samtökin hafa útbúið, að hluta af daglegum rekstri. Í sáttmálanum eru dregin fram gildi sem minnkað geta hættu á einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustöðum, að því er fram kemur á heimasíðu samtakanna. „Samtök atvinnulífsins hafa útbúið veggspjöld með sáttmálanum en þau er hægt að hengja upp í kaffistofum eða á göngum fyrirtækja til að minna á mikilvægi þess að tryggja velliðan á vinnustöðum, öryggiskennd og góðan starfsanda.“ – bg

Ódýrustu bensínlítrarnir hækkað um tuttugu krónur

Eftir hækkanir um áramótin og mánuðina þar á undan eru nú aðeins þrjú fyrirtæki sem selja bensínlítrann á minna en 200 krónur. Lítraverð hjá Costco, Orkunni X og Dælunni hefur hækkað um og yfir 20 krónur síðustu mánuði. Framkvæmdastjóri FÍB segir þróunina í takt við hækkingu á heimsmarkaði.

NEYTENDUR Lítraverð á bensíni hjá Costco og Dælunni hefur hækkað um og yfir 20 krónur frá því um miðjan ágúst. Þrátt fyrir þessa hækkingu eru þessi tvö fyrirtæki þau einu, auk valinna sölustaða Orkunna X, sem selja bensínlítrann á undir 200 krónum í dag.

Opinberar álögur á bensínlítrann hækkuðu um 4,15 krónur um áramótin vegna hækkingar bensín-gjalds, sérstaks bensín-gjalds og kolefnisgjalds en Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) hafði reiknað út að lítrinn til neytenda myndi hækka um 5,2 krónur fyrir viknið. Þessar hækkanir hafa skilað sér í lítraverði og hækkað listaverð allra söluaðila á nýju ári. Mánuðina þar á undan hafði þróunin sömuleiðis verið til hækkingar.

Mestar hækkanir hafa orðið á lítraverði Dælunnar og Costco þar sem verð frá því í ágúst hefur hækkað um rúmlega 11 prósent. Stóru olíufélagin, sem eru almennt með töluvert herra lítraverð, hafa á sama tíma hækkað lítraverðið um 5,3-5,9 prósent.

Fréttablaðið fjallaði um það í október síðastliðnum að verulega hefði dregið saman með Costco, sem þá hafði verið að hækka lítraverðið hjá sér, og Dælunni sem á sama tíma hafði verið að lækka. Þegar minnstu munadi á verði þeirra var bensínlítrinn 5,9 krónum ódýrari í Costco en hjá Dælunni en dísilítrinn fjórum krónum ódýrari. Í dag er þessi munur 11,8 krónur á bensíni en 15,6 krónur á dísil.

Þegar lítraverðið á bensíni var sem lægst hjá Costco, skömmu

Ódýrari stöðvar tóku kipp auk þess sem ríkulegri afsláttarkjör og fleiri afsláttardagar hafa fylgt í kjölfarið.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB



eftir opnun verslunarinnar síðasta sumar, kostaði lítrinn 166,9 krónur og hefur því hækkað um 20 krónur síðan. Meðlimir í Costco hafa þó á þessum tíma ávallt getað fengið ódýrasta lítrann á dælustöð verslunararrans í Kaupþingi.

Í aðdraganda opunar Costco, fyrri hluta síðasta árs, lækkuðu olíufélagin eldsneytisverð hjá sér nokkuð en frá því í haust hefur verið leitað upp á við á ný. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir hækkanirnar í takt við sviptingar á heimsmarkaðsverði.

„Um það leyti sem Costco er að koma inn á markaðinn var heimsmarkaðsverðið, umreiknað í kostnaðarverð í krónum per lítra miðað við gengi Bandaríkjadals, um 39-40 krónur en í lok árs var það komið í kringum 49 krónur.“

Runólfur segir áhrif Costco hafa verið meiri en sést í skráðu verði olíufélaganna. „Ódýrari stöðvar tóku kipp auk þess sem ríkulegri afsláttarkjör og fleiri afsláttardagar hafa fylgt í kjölfarið hjá félagunum.“ mikael@frettabladid.is



Costco hefur látið finna fyrir sér á eldsneytismarkaði. Byður enn lægsta verðið en það hefur hækkað um 19 krónur síðustu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þróun 95 okt. bensínverðs

	Ágúst	Október	Desember	5. janúar	Hækkun kr.	Hækkun %
Costco	167,9	171,9	180,9	186,9	19,0 kr.	11,4%
Atlantsolia	198,4	199,9	203,9	208,9	10,5 kr.	5,3%
N1	199,9	202,8	206,8	211,8	11,9 kr.	5,9%
Dælan	177,8	180,5	193,7	198,7	20,9 kr.	11,7%
Olis	199,9	202,8	206,8	211,8	11,9 kr.	5,9%
ÓB	198,4	199,9	203,9	208,9	10,5 kr.	5,3%
Skeljungur	199,9	202,8	205,8	210,8	10,9 kr.	5,4%
Orkan	198,3	199,8	203,8	208,8	10,5 kr.	5,3%
Orkan X skemmuveggi*	177,6	180,6	195,6	196,9	19,3 kr	10,8%

*Mismunandi verð á sölustöðum. Frá 196,9 kr. upp í 200,6 kr.

BílaSýningin



í HEKLU 2018

Allir velkomnir á Bílasýninguna í HEKLU í dag!

Frumnýning á nýjum Polo og T-Roc, Octaviu RS245 og Scout, forsala á nýjum Skoda Karoq, veltibíllinn, Annie Mist og ótrúleg tilboð á nýjum bílum. Komdu í Kaffitár með Dunkin' Donuts og settu í girinn fyrir nýja árið. Hlökkum til að sjá þig!





HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR

ÚTSALA ÁRSINS Í HÚSASMIÐJUNNI
HEFST Í DAG

ÚTSALA

FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR

FLÍSAR 25% • PARKET 20-45% • SMÁRAFTÆKI (ELECTROLUX) 30% • HÁFAR 30%
BLÖNDUNARTÆKI (ELDHÚS OG BAÐ) 25-40% • HANDRYKSUGUR (ELECTROLUX) 20% • RYKSUGUR (ELECTROLUX) 25%
HELLUBORÐ 25-30% RAFMAGNSVERKFÆRI 20% • MOTTUR OG DREGLAR 30% • HANDVERKFÆRI 20-30%
VERKFÆRATÖSKUR 20-40% • BLACK+DECKER VERKFÆRI 30% • HÁPRÝSTIDÆLUR (NILFISK) 20%
MÁLNING OG LÖKK 25% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 20% • HILLUREKKAR (AVASCO) 20% • VINNUFATNAÐUR 25%
BÚSÁHÖLD 25% • PLASTKASSAR 30% • ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-40% • GJAFAVARA 25% • JÓLAVÖRUR 40%
VALDAR POTTAPLÖNTUR 40% • JELD-WEN INNIHURÐIR 20% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

45% afsláttur

1.250 kr/m²
2.289 kr/m²

Hardparket
8 mm, eikarplanki, bandsagað.
147071

KAINDL

25% afsláttur

11.471 kr
15.295 kr

damixa®
Eldhústæki Pine
Með hárrí sveiflu.
8000032

30% afsláttur

27.925 kr
39.985 kr

LAUFEN®
Salerni
Gólfalerni, 650-360-890 mm.
Seta seld sér.
7920000

33% afsláttur

5.995 kr
8.995 kr

BLACK+DECKER
Höggborvél
500W, 13 mm patróna.
5245599

25% afsláttur

6.487 kr
8.649 kr

JOTUN
Lady Vegg 10, 3 ltr.
Hægæða innanhúss vegg-
málning í gljástigi 10%
7122223

32% afsláttur

16.997 kr
24.995 kr

BLACK+DECKER
Þrjár rafhlöður
Borvél 18V + 120 fylgihlutir
3 stk., 1.5Ah Li-ion rafhlöður, hleðslutími
90 mín., högg, Led ljós, hersla 40Nm.
5245562

30% afsláttur

f t i p

Byggjum á betra verði

ÚTSALAN ER LÍKA
Í VEFVERSLUN HUSA.IS

Afsláttir á útsölu glíða ekki af vörum merktum „Jægsta léga verð Húsasmiðjunnar“ og tilbodsvörum.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Hóta sektum og vilja að ryki sé fargað

Umhverfisstofnun ætlar að leggja dagsektir á Kratus á Grundartanga verði úrgangsryk verksmiðjunnar ekki fjarlæggt. Fyrirtækið hefur ítrekað fengið frest síðustu fimm ár. Framkvæmdastjórinn lofar úrbótum, en vill ekki svara hversu mikið af ryki megi finna á lóðinni.

IDNADUR Umhverfisstofnun (UST) hótar að leggja dagsektir á Kratus ehf. sem hefur síðustu fimm ár ítrekað fengið frest til að fjarlægja mörg tonn af úrgangsryki af lóð sinni á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir útlit fyrir að öll spilliefnin verði fjarlægð af lóðinni og send úr landi á næstu vikum.

Stofnunin sendi forsvarsmönnum Kratusar bréf rétt fyrir jól, þess efnis að verksmiðjan yrði sektuð um 50 þúsund krónur á dag frá og með 11. janúar. Álagningu dagsekta hafði þá áður verið frestað eftir að mörg hundruð tonn af siuryki og finryki höfðu safnast upp í lokuðum gámum á lóðinni og í geymslu við Gjahellu í Hafnarfirði. Um er að ræða framleiðsluúrgang en fyrirtækið vinnur ál úr algjalli og hóf starfsemi í nóvember 2012.

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir enga staðfestingu um úrbætur hafa borist en að fyrirtækið hafi fundað með forsvarsmönnum Kratusar eftir að bréfið var sent. Von sé á frekari gögnum og því komi í ljós í næstu viku hvort það verði sektað.

„Það er búið að fjarlægja allt finrykið og það er farið úr landi. Ég tók við starfi framkvæmdastjóra fyrir ári og þurfti þá að finna aðila fyrir þessi efni. Í lok 2017 klárudum við þann hluta og restin fer í janúar



Kratus keypti rekstur Al álvinnslu í árslok 2014 og flutti hann í húsnæðið á Grundartanga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

eða febrúar og við munum svara Umhverfisstofnun fyrir þann tíma sem okkur er gefinn,” segir Brynja E. Silness, framkvæmdastjóri Kratusar, í samtali við Fréttablaðið.

Brynja segir að spilliefnin séu send til Asíu og að 400 tonn hafi farið utan í desember. Hún vill ekki svara hversu mikið af ryki megi enn finna á lóðinni. Umhverfisstofnun

hótaði fyrirtækinu einnig dagsektum í júní 2014 þegar í ljós kom að svokölluð saltkaka, spilliefni sem getur myndað eldfim gós í hættulegu magni komist hún í snertingu

Ég tók við starfi framkvæmdastjóra fyrir ári og þurfti þá að finna aðila fyrir þessi efni.

Brynja E. Silness, framkvæmdastjóri Kratusar

við vatn, var geymd óvarin á malarplani við verksmiðjuna. Síðan þá hefur stofnunin gert aðrar athugasemdir við starfsemina og í árslok 2015 fóru starfsmenn hennar í fyrirvaralaus eftirlitsferð eftir ábendingu frá slökkviliðsstjóra Vesturlands um „megna ammóníakslykt á lóðinni“.

Kratus er samkvæmt fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra í eigu einkahlutafélaga Eyþórs Laxdals Arnalds, fjárfestis og fyrrverandi bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks í Árborg, og hjónanna Þorsteins I. Sigfússonar, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, og Bergþóru Karenar Ketilsdóttur, forstöðumanns viðskiptavers Borgunar. Eyþór var hluthafi í verksmiðju GMR Endurvinnslunnar á næstu lóð á Grundartanga sem Umhverfisstofnun hafði einnig aukið eftirlit með, hótað dagsektum og afturköllun starfsleyfis, áður en hún var úrskurðuð gjaldþrota í janúar í fyrra.

haraldur@frettabladid.is


FRUMSÝNING

Nýr T-Roc

FORSÝNING

Nýr Karoq

BílaSýningin



í HEKLU 2018

Allir velkomnir á Bílasýninguna í HEKLU í dag!

Frumkýning á nýjum Polo og T-Roc frá Volkswagen, Octaviu RS245 og Scout frá Skoda. Forsala á nýjum Skoda Karoq, veltibíllinn, Annie Mist, ótrúleg tilboð á nýjum bílum og tveggja ára þjónustuskoðun fylgir nú með Mitsubishi Outlander PHEV. Komdu í rjúkandi Kaffitár með Dunkin' Donuts, gerðu þér glaðan dag með okkur og settu í girinn fyrir nýja árið.



Þolendur fylgist með málunum rafrænt

Gera þarf brotapolum í ofbeldismálum kleift að fylgjast rafrænt með meðferð málanna. Það getur sparað tíma og takmarkað það álag sem málsmeðferð getur valdið brotþola. Þá þarf að skýra betur hlutverk réttargæslumanna. Styttu þarf málsmeðferðartíma í kerfinu.

DÓMSMÁL Skilgreina þarf betur hlutverk réttargæslumanna brotþola í sakamálum. Þá þarf líka að gera brotþola kleift að fylgjast með máli sínu rafrænt í réttarvörslukerfinu. Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra á ráðstefnu um kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi sem fram fór í Háskólanum í Reykjavík í gær.

Sigríður sagði að undanfarna tvo áratugi hefðu verið gerðar verulegar breytingar til batnaðar á meðferð ofbeldisbrota. „Til dæmis má nefna lög frá árinu 1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, lög frá árinu 1999 en með þeim var réttarstaða brotþola styrkt verulega með tilkomu réttargæslumanna. Árið 2000 var nálgunarbann lögfest til verndar þeim sem verða fyrir slíkri áreitni,“ sagði Sigríður. Hún kvaðst vera þeirrar skoðunar að hægt væri að gera enn betur í réttarvörslukerfinu þegar kemur að þolendum kynferðisbrota og heimilisofbeldis.

Hún benti jafnframt á að í nýjum stjórnarsáttmála hefði verið tekinn af allur vafi um að aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu yrði sett í framkvæmd og fjármögnuð að fullu.

„Ég tel afar brýnt að styttu málsmeðferðartímann og setja kynferðisbrot í forgang í réttarvörslukerfinu. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur reyndar tekið



Fundurinn í Háskólanum í Reykjavík um meðferð ofbeldismála var fjölmennur. Þar sagði Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra að aðgerðaáætlun í málaflokknum yrði fjármögnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

mjög góð skref í þá átt og lagt sérstaka áherslu á heimilisofbeldisbrot í sínum störfum með góðum árangri,“ sagði Sigríður.

Skilgreina þurfi betur hlutverk

réttargæslumanna þannig að þjónusta þeirra við brotþola sé þeim til gagns. „Ég hef einnig talað fyrir rafrænu réttarvörslukerfi, í það minnsta einhverjum þáttum þess,“

sagði Sigríður og benti á að vinna við þetta væri þegar hafin. „Ég tel til dæmis augljóst hagræði að því fyrir alla aðila að brotþoli geti fylgst með máli sínu rafrænt í réttarvörslukerf-

Mikilvægt að kæra brotin strax til lögreglu

„Kynferðisbrot eru þau afbrot sem eru sjaldnast kærð. Það er staðreynd,“ sagði Svala Ísfield Ólafsdóttir, dósent í lögfræði við HR, á ráðstefnunni. Hún kynnti rannsókn sem hún hefur gert á öllum dómum Hæstaréttar Íslands, þar sem ákært er fyrir kynferðisbrot gagnvart þolanda sem er barn.

Niðurstöður hennar sýna að 64 prósent brotamála, þar sem sakfelling næst, eru kærð til lögreglu innan sólarhrings eftir að brotið á sér stað og 76 prósent brotanna eru kærð innan tveggja sólarhringa. „Sem segir okkur það að langflest þeirra brota þar sem sakfellt er fyrir nauðgun berast lögreglu hratt og örugglega,“ sagði Svala og bætti við að 88 prósent væru komin til lögreglu innan tveggja vikna.

Jón H.B. Snorrason saksóknari sagði að mat dómara á trúverðugleika frásagnar kæranda gæti ráðist af því hvenær kært er.

inu. Á það hefur verið bent að það geti sparað tíma og takmarkað það hugarangur sem meðferð málsins óhjákvæmilega veldur brotþola,“ sagði hún. jonhakon@frettabladid.is

Volkswagen á vistvænu tilboði!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5



Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum. Nú bjóðast þeir á vistvænu tilboði og verða á Bílasýningunni í HEKLU í dag. Gríptu tækifærið og keyrðu inn í nýja árið á rafbíl sem gengur fyrir íslenskri orku.

e-up!

Vistvænt tilboð
2.890.000 kr.

e-Golf

Vistvænt tilboð
3.950.000 kr.

Golf GTE

Vistvænt tilboð
3.850.000 kr.

Passat GTE

Vistvænt tilboð
3.990.000 kr.



Volkswagen

Við látum framtíðina rætast.



Fáðu nýjan Tucson á janúar smellverði.



SÝNING Í DAG FRÁ 12-16

KEYRUM NIÐUR

VERÐIÐ

Hyundai Tucson Comfort
2WD, 1,7 l dísil, sjálfskiptur

VERÐ: **4.790.000 KR.**

JANÚAR SMELLVERÐ:

4.290.000 KR.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

 **HYUNDAI**

Jón Torfi Gyfason, kvensjúkdómalæknir

hefur opnað læknastofu í Lækningu, Lágmúla 5, 108 Rvk.

Tímamantanir í síma 590 9200 og á heimasíðu Lækningar
www.laekning.is

Alvöru útsalan er NÚNA!

20%
AFSLÁTTUR



Tengibox 1x32A-
1 x 16-4x230v

15.992
Áður kr. 19.990

MIKIÐ
ÚRVAL

Rafmangshitablasarar
Verðdæmi
2kw. 1.fasa.
Verð **5.512** kr.
verð áður 6.890
15kw. 3. fasa.
Verð **23.992** kr.
verð áður 29.990



20%
AFSLÁTTUR

Rafmagnshita-
blásari 2Kw

1.592
Áður kr. 1.990

20%
AFSLÁTTUR

20%
AFSLÁTTUR



Lavor Rudy
ryk/vatnssuga
1200W

7.120
Áður kr. 8.900

Kapalkefli 10m H05vv-
F3G1,5mm

2.152
Áður kr. 2.690

Fjöltengibox IP44
H07RN F3G1,5
1,5 m snúra

1.352
Áður kr. 1.690

20%
AFSLÁTTUR

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ



SAFT

Ábendingarnappinn má
finna á www.barnaheill.is



Potum Icelandair var lagt einni af annarri í verkfalli flugvirkja fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Segja yfirmann hafa brotið á flugvirkjum

Flugvirkjar Icelandair telja yfirmann hafa gengið í störf þeirra þegar tvær þotur voru undirbúnar til brottfarar í verkfalli í desember. Yfirmaðurinn segist ekki brotlegur þótt hann hafi unnið starf sem hefð sé fyrir að sé á verksviði flugvirkja.

FLUGMÁL „Ef starf hefur verið í höndum ákveðinnar iðnstéttar í áratugi er því ekkert breytt með því að einhverjum dettur það í hug einn morguninn,“ segir Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands, sem telur tæknistjóra hjá Icelandair hafa gengið í störf flugvirkja í verkfalli fyrir jól.

Að morgni verkfallsdagsins 17. desember tók Jens Þórðarson, þáverandi framkvæmdastjóri tæknisviðs Icelandair, af hlifur sem settar höfðu verið yfir hreyfla og læsingar í lendingarbúnaði tveggja farþegaþota Icelandair. Sömu leiðis hlifur af nemum á vélunum sem gefa upplýsingar um hæð og hraða.

„Þessar vélar voru útskrifaðar af flugvirkjum nema að flugvirki átti eftir að leggja lokahönd á að gera vélarnar tilbúnar undir brottför með því að fjarlægja þessar hlifur,“ segir Óskar. „Hann tók upp hjá sjálfum sér að taka þessar hlifur af og kvitta fyrir það verk í log-bækur vélanna sem á að vera í höndum flugvirkja eða flugmanna.“

Óskar segir Jens ekki vera flugvirkja. „Við lítum þetta alvarlegum augum. Hann tekur sér það bessaleyfi að ganga í þessi störf og fullvissar flugmenn um að hann sé að gera hluti sem hann hafi rétt til að gera,“ segir hann. Flugvirkjafélagið sé að ihuga næstu skref. „Ég er ekki búinn að skoða ofan í kjölinn hvað má samkvæmt ýrústu reglugerðum en úr þessu þarf að skera.“

Jens hafnar því að hann hafi verið í órétti er hann tók vetrarvarnirnar af vélunum. „Það krefst ekki flug-

Við lítum þetta alvarlegum augum. Hann tekur sér það bessaleyfi að ganga í þessi störf og fullvissar flugmenn um að hann sé að gera hluti sem hann hafi rétt til að gera.

Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands

virkjamenntunar en engu að síður hefur verið hefð fyrir því að flugvirkjar geri þetta,“ segir Jens. Hann hafi skráð verkið í log-bækur en gert það á annan hátt en flugvirkjar geri.

Að sögn Jens fölst í verkum hans ekkert frávik frá reglum eða reglugerðarumhverfi. „Við tókum það eins alvarlega og flugrekandi getur gert og það er ekki verið að vika frá því. Hins vegar er þetta aðeins öðruvísi en venjulega og það er fullkomlega löglegt,“ segir Jens sem kvæðst sjálfur þegar hafa sent Samgöngustofu ábendingu um málið með útskýringum.

„Ég hef kannað þetta ítarlega og margstaðfest að ég hafi ekki gert neitt sem var ekki heimilt þennan morgun,“ segir Jens sem nú hefur tekið við starfi sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Icelandair. gar@frettabladid.is

Segja fréttirnar varða almenning

FJÖLMIÐLAR Adalmedferð í lögmannsmáli Glitnis HoldCo gegn fjölmiðlunum Stundinni og Reykjavík Media fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í upphafi voru Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Stundarinnar, og Jóhannes Kr. Kristjánsson, hjá Reykjavík Media, fengnir í skýrslutöku. Mátu báðir það svo að umfjöllunin sem átti sér stað varðaði almannahag. Er þar vísað til umfjöllunar um Bjarna Benediktsson og viðskipti hans og venslamanna við Glitni, dagana fyrir efnahagshrunið 2008. Tóku þeir Jón og Jóhannes fram að það hefði aldrei verið ætlunin að birta viðkvæmar upplýsingar um hagi hefðbundins fólks sem finna má í gögnum.

Þegar lögmaður Glitnis óskaði svara um heimildarmann og umfang

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins

gagnanna varð litið um svör. Visuðu bæði Jón og Jóhannes til 25. greinar fjölmiðlalaga um vernd heimildarmanna. Fór lögmaður stefnenda fram á úrskurð dómsins um að vitnum yrði gert skylt að svara spurningunum. Þeirri beiðni var hafnað.

Lögmaður Glitnis, Ólafur Eiríksson, sagði í málflytningu sínum að málið snerist hvorki um

Bjarna Benediktsson né kosningarnar sem fram fóru í október síðastliðnum. Timasetning lögbannskröfunnar hefði einungis ráðist af því hvenær miðlarnir tveir hófu að fjalla um málið opinberlega.

Bar þrotabú bankans fyrir sig ákvæði um bankaleynd í lögum og einnig þagnarskyldu í lögum um fjármálafyrirtæki. - **dfb**



Mínar síður á www.reykjavik.is

Á vef Reykjavíkurborgar undir „mínar síður“ geta fasteignaeigendur:

- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda (eftir 29. janúar 2018) og alla breytingarseðla þar á eftir
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum þar sem þeir verða, líkt og áður, ekki sendir út til greiðenda, 18-75 ára
- sent inn erindi vegna fasteignagjalda

Fasteignagjöld ársins 2018, yfir 25.000 kr., greiðast með níu jöfnum greiðslum á gjalddögum 3. febrúar, 4. mars, 2. apríl, 2. maí, 2. júní, 2. júlí, 4. ágúst, 1. september og 2. október. Gjaldtagi fasteignagjalda undir 25.000 kr. er 3. febrúar.

Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í netbönkum. Fasteignaeigendum er jafnframt bent á boðgreiðslur af greiðslukortum og á beiðgreiðslur hjá öllum bankastofnunum.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið upplýsingar@reykjavik.is eða í síma 411 1111.



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Útsalan er hafin!

25- 50% afsláttur af húsgögnum og gjafavöru!




Luktir Day Home,
frá kr. 9.800,-, nú frá kr. 7.350,-



Camerich Crescent tungusófi í áklæði
Stærð: 285 x 163 cm. Litir: brúnt.. Verð kr. 498.000,-, nú kr. 373.500,-



PB home stytur,
settið kr. 28.000,-, nú kr. 21.000,-



SC mottur, margar stærðir,
verð frá kr. 28.000,- (120x160 cm),
nú frá kr. 21.000,-



Mikið úrval af púðum, verð frá kr. 7.200,-, nú frá kr. 5.400,-



idp Sphera sófasett
Verð 3+1+1 kr. 796.000,- nú kr. 597.000,-, Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.



PB Home kertakróna
kr. 12.900,-, nú kr. 9.675,-



PB Home borðlampi 53 cm
kr. 29.800,-, nú kr. 22.350,-



Idp coco Sófasett í leðri 3+2 (itölsk hönnun og framleiðsla)
Stærð: 3ja 200 x 95 cm, 160 x 95 cm
Litir; svart og grátt. Verð kr. 598.000,-, nú kr. 388.700,-



PB home stóll
kr. 39.000,-, nú kr. 29.250,-



PB home skápur 218x105x45 cm,
verð kr.189.000,-, nú kr. 141.750,-



Camerich Crescent sófasett 3+1+1
Stærð: 3ja 228 x 93 cm., stóll 80x80 cm
Verð í áklæði frá kr. 662.000,-, nú frá 496.500,-.



Day Home motta 60x90 cm,
kr. 19.800,-, nú kr. 14.850,-



Islandia heilsurúm. Stærð 180x200 cm, verð kr. 180.000,-, nú kr. 126.000,-



Hübsch klukka
kr. 19.800,-, kr. 14.850,-

HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.



7 ára ábyrgð á öllum
nújum Kia bílum

Ertu klár í framtíðina?

Rafbílasýning Kia í dag, frá kl. 12–16.



Kynntu þér spennandi úrval rafbíla frá Kia

Við komum fullhlaðin inn í nýtt ár. Í dag sýnum við glæsilega rafbílalínu Kia. Magnað úrval HEV, PHEV og EV rafbíla, hlaðnir spennandi tæknilausnum og að sjálfsgöðu fylgir hin einstaka 7 ára ábyrgð, bæði bíl og rafhlöðu.*

Sjáumst á sýningunni í dag. Við tökum vel á móti þér.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd



The Power to Surprise


Brýnt að uppfæra stýrikerfi þegar í stað

Alvarlegir öryggisgallar eru á nærri öllum framleiddum örgjörvum nútímans. Hægt er að stela upplýsingum með því að nýta sér gallann. Netöryggissveitin CERT-ÍS ráðleggur öllum að uppfæra stýrikerfi á tölvum sínum og snjallsímum.

TÆKNI Mikilvægt er fyrir eigendur næstum hvaða tölvu eða snjallsíma sem er að uppfæra stýrikerfi sín sem allra fyrst, það er að segja ef slíkar uppfærslur hafa verið gefnar út. Ættu þeir sem nota Windows, Android, ChromeOS eða stýrikerfi Apple því til að mynda að huga að uppfærslum. Ástæðan er sú að alvarlegir öryggisgallar finnast í nærri öllum nýjum örgjörvum.

Þessir öryggisgallar hafa verið nýttir í svokallaðar Meltdown- og Spectre-árásir. Fyrirnefnd árás er þó einungis möguleg sé örgjörvinn úr smíðju Apple eða Intel, ekki AMD. „Gallarnir eru fölgirnir í útfærslu á svokallaðri „speculative execution“ tækni sem er notuð til að auka vinnsluhraða nútíma örgjörva,“ segir í tilkynningu íslensku netöryggissveitarinnar CERT-ÍS.

Í tilkynningunni er mælt með því að notendur fylgist með nýjum öryggisuppfærslum og uppfæri sem



Gallar í meginþorra örgjörva valda áhyggjum. Þessi mynd er sviðsett en vandinn er raunverulegur. NORDICPHOTOS/GETTY

fyrst. Hugbúnaðaruppfærslur séu eina þekktá mótvægisáðgerðin gegn bæði Meltdown og Spectre.

„Árásirnar keyra sem notendaforrit á tölvunni sem ráðist er á. Til dæmis með því að blekkja notandann til að keyra spillikóða. Því er vert að benda á góðar venjur við umgengni tölvu-kerfa, sem sagt uppfæra varnir (meðal annars vírusvarnir) og forðast að keyra óþekkt forrit. Einnig er mögulegt að útfæra spillikóðann á vefsíðu, til dæmis sem JavaScript, þannig að heimsókn á spillt vefsvæði gæti valdið skaða,“ segir enn fremur í tilkynningu CERT-ÍS. Báðar árásirnar miða að því að stela upplýsingum.

Hin fyrirnefnda „speculative execution“ tækni er fölginn í því að örgjörvar giska á nokkrar mögulegar aðgerðaslóðir og keyra samhliða til að flýta vinnslu sinni. Að öllu öðru óbreyttu er röngu slóðinni síðan eytt. Við þetta getur vinnslutími sparast. Örgjörvar Intel og Apple sem nýta þessa tækni aðgreina hins vegar ekki minnissvæði stýrikerfisins og notendaforrita. Er því hægt að þvinga örgjörvann til að vinna of lengi á ágiskaðri slóð og sækja þannig gögn í minni sem viðkomandi ferli á ekki að hafa aðgang að.

Að mati Jane Wakefield, tækni- blaðamanns BBC, eru áhyggjur þó óþarfar, uppfæri maður stýrikerfi sín og smelli ekki á ókunnuga hlekk. „Hægt er að ráðast á hvaða tölvu sem er sem er með örgjörva sem hefur þennan galla. Hins vegar er talsvert líklegra að ráðist verði á fyrirtæki en einstaklinga.“ thornyr@frettabladid.is

Munu ræða Ólympíuleika í fyrstu viðræðum í tvö ár

NORÐUR-KÓREA Einræðisstjórn Kim Jong-un í Norður-Kóreu hefur þegið boð Suður-Kóreustjórnar um að halda formlegar viðræður þann 9. janúar næstkomandi. Búist er við því að viðræðurnar fari fram í landamærabænum Panmunjom en þetta verða fyrstu viðræður ríkjanna tveggja frá því í desember 2015. Ekki liggur fyrir hverjir mæta til viðræðna og er þar af leiðandi óljóst hvort einræðisherrann Kim eða suðurkóreski forsetinn Moon Jae-in hittast á þriðjudaginn.

Viðfangsefni viðræðnanna verður þátttaka Norður-Kóreu á vetrarólympíuleikunum sem fara fram í suðurkóresku borginni Pyeongchang síðar á árinu. Unnið verður að því að finna út úr því hvernig þátttökunni verði best háttáð. Heimildarmaður suðurkóresku fréttastofunnar Yonhap frá skrifstofu forseta sagði í gær að þar í landi væri talið líklegt að viðræður færu fram um bæt samskipti ríkjanna.

Svo virðist sem Norður-Kóreustjórn vilji vinna að bætum samskiptum og friði en fyrr í vikunni var tilkynnt að bein neyðarlína á milli

Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

» Viðfangsefni viðræðnanna verður þátttaka Norður-Kóreu á vetrarólympíuleikunum í Pyeongchang í Suður-Kóreu og ef til vill verður líka rætt um bæt samskipti ríkjanna.

ríkjanna hefði verið tengd á ný. Síðustu neyðarlínunni, áður en þessi var opnuð, hafði verið lokað stuttu eftir viðræðuslitin í desember 2015.

Ekki eru þó allir sannfærðir um að stjórn Kim hafi nokkurn áhuga á að vinna af alvöru að friðsamlegri framtíð. James Mattis, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sagði til að mynda í gær að samkomulagið um viðræður væri til komið vegna þrýstings alþjóðasamfélagsins. Ekki væri hægt að fullyrða hvort um væri að ræða raunverulega stefnubreytingu Kim-stjórnarinnar eða einstaka undantekningu.

– þea



Vantar þig starfsmenn í styttri eða lengri tíma?

Erum með starfsmenn með reynslu sem:

Smíðir - Flísarar - Málarar - Múrarar - Blikksmiðir
Mótamenn - Kranamenn - Píparar - Rafvirkjar
Almennir verkamenn - Aðstoðarmenn - Afgreiðslufólk
Þjónar - Meiraprófsbílstjórar - Bifvélavirkjar

Aðeins greitt fyrir unna tíma

Við sjáum um laun og launatengd gjöld, lögbundna frídaga og veikindadaga. Einnig sjáum við um að koma starfsfólki til og frá vinnustað ef starfsmenn eru tveir eða fleiri. Allir starfsmenn koma í vinnufatnaði með öryggishjálum.

Allir starfsmenn okkar njóta allra þeirra starfs- og mannréttinda sem eru í gildi á Íslandi.

Fyrirspurnir má senda á menn@mennivinnu.is
Sími: 419-1111 Ráðgjafar: 780-3000 & 780-4000

VINSÆLASTUR

FRUMSÝNING



Nýr Polo



Outlander PHEV

FRUMSÝNING



Nýr T-Roc

5
EINM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU

Q5 TILBOÐ



Q5

BílaSýningin í HEKLU 2018

FRUMSÝNING



RS245



FORSÝNING



Nýr Karoq

Allir velkomnir á Bílasýninguna í HEKLU í dag!

Það er mikil tilhlökkun í okkur fyrir nýja árinu og því langar okkur að bjóða þér í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16 þar sem við frumsýnum nýjan Polo og T-Roc frá Volkswagen, Octaviu RS245 og Scout frá Skoda. Tveggja ára þjónustuskoðun fylgir nú með Mitsubishi Outlander PHEV. Forsala á nýjum Skoda Karoq fer í gang, veltibíllinn verður á staðnum, Annie Mist mætir og ótrúleg tilboð verða á nýjum bílum. Komdu í rjúkandi Kaffitár með Dunkin' Donuts, gerðu þér glaðan dag með okkur og settu í gírinn fyrir nýja árið. Hlökkum til að sjá þig!



Trúður við hnappinn



Kristin Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

S umir segja að ríkisrekstur í lýðræðisríki sé eins og sjálfstýringu, það sé í raun ekki endilega æðsti maður ríkisins sem skipti öllu heldur miklu frekar embættismannakerfið og skipulagið.

Þessu til stuðnings má benda á sterkt embættismannakerfi í Bretlandi, en þar er haft fyrir satt að embættismenn eigi það til að taka fram fyrir hendur jafnvel forsætisráðherrans með vísan í gamlar venjur og hefðir.

Hér á landi, og í Þýskalandi, höfum við nýleg dæmi um að langan tíma hafi tekið að mynda ríkisstjórnir. Þess á milli gerðist ekkert, spítalarnir voru opnaðir á morgnana og skattur var innheimtur af launaseðlunum. Ríkisstjórnarleysið olli því ekki að ríkisreksturinn endaði ofan í skurði.

Þetta felur þó ekki í sér að hægt sé að gera lítið úr valdi stjórnmalamanna. Ákvarðanir þeirra geta ráðið hvort styrjöld ríki eða friður, hvort við fáum tækifæri til að taka á móti og kynnast fólki frá öðrum heimshlutum, eða hreinlega hvort við fáum þjónustu sem við teljum sjálfsgöða, til að mynda aðgang að lækningu ef við veikjumst.

Því er ekki hægt að hundska hátterni og framgöngu Donalds Trump Bandaríkjaforseta. Orð hans og gjörðir hafa þegar valdið Bandaríkjunum tjóni sem langan tíma mun taka að bæta.

Þær fregnir sem borist hafa af nýrri bók Michaels Wolff um embættistíð Trumps til þessa eru furðuleg lesning. Þar er manni lýst sem seint getur talist forsetalegur. Svívirðingar og fúkyrði virðast daglegt brauð og er beint gegn samstarfsfólki, andstæðingum og jafnvel eigin fjölskyldu. Þá virðist skilningur hans á pólitík hvort sem er innan lands eða utan vera vandræðalega fátæklegur.

Í utanríkismálum er hans helsta framlag að skattyrðast við annan furðufugl, Kim Jong-un, en báðir geta þeir hafið kjarnorkustyrjöld með því að ýta á þar til gerðan hnapp. Einnig hefur hann vingast sérstaklega við einræðisherra í Saudi-Arabíu og í Egyptalandi, og reitt bæði Palestínunum og alþjóðasamfélagið allt til reiði með gáleysislegum yfirlýsingum um Jerúsalem og Ísraelsríki.

Heima fyrir er það litlu skárna. Ferðabannið á múslima var eitt, stanslausar yfirlýsingar á Twitter annað og þaður við Rússa enn eitt. Helstu áherslumálin virðast vera einangrunarstefna í efnahagsmálum og afnám nánast alls sem forveri hans fékk áorkað í starfi.

Samkvæmt bók Wolffs hafa næstum allir samstarfsmenn Trumps snúið við honum baki. Hans helstu stuðningsmenn í kosningabaráttunni eru jafnframt sagðir vera með mikla bakþanka. Sennilega er hans eina von til endurkjör að vel takist til í efnahagsmálum.

Hið eina sem Bandaríkjamenn geta gert er að vona að embættistíð hans verði svo stutt að honum takist ekki að vinna óafturkræfan skaða á stjórnskipan og orðspori landsins. Við sem annars staðar búum vitum sem er að ef Bandaríkin hósta þá fær heimsbyggðin kvef. Málið varðar okkur öll.



Við sem annars staðar búum vitum sem er að ef Bandaríkin hósta þá fær heimsbyggðin kvef. Málið varðar okkur öll.

Gunnar



Mín skoðun Guðmundur Steingrímsson



Staða fíflagangsins

Í dag fara jólasveinarnir heim til sín. Þeir eru miklir grillaraspóar. Af persónulýsingum að dæma er ekki víst að þjóðfélagið myndi þola að hafa þessa menn hér mikið lengur en í nokkra daga á ári. Þetta er skellandi hurðum, nagandi kerti, gónandi á gluggann hjá manni, sleikjandi aska, þefandi í gættinni og stelandi kjöti. Þeir kunna augljóslega ekki að haga sér.

Þrátt fyrir kröfur um meiri háttvísi í samfélaginu munu jólasveinarnir þó líklega alltaf vera samir við sig. Sögurnar af þeim, sem við segjum börnunum okkar, eru dásamlegur vitnisburður um það að sérhvert þjóðfélag hefur gott af því að eiga í menningu sinni krassandi sögur af ræningjum, ólíkindatölum og skapofsa-fólki.

Spurning dagsins

Visst magn fíflgangs er mikilvægt í tilverunni. Nýtt ár ber með sér áleitnar vangaveltur um stöðu hans. Eitt stærsta menningarlega viðfangsefni samtímans er nefnilega glíman við þessa spurningu: Hvað má maður? Hvað er leyfilegt? Flestir eiga ekki í miklum vandræðum með þessa markalínu frá degi til dags, í sinni rútínu, og komast stóráfallalaust í gegnum dagana án þess að spurningin er orðin svona stór er mjög ánægjuleg: Fólki, ekki síst konur, sem hefur mátt þola alls kyns ömurlega áreitni, gáttaþef og gluggagægjur um aldir hefur núna loksins náð í gegn með einfaldan boðskap: Virðið okkur. Hættið að niðurlægja okkur.

Naflaskoðun

Þetta hefur kallað á almenna naflaskoðun þar sem enginn er undanskilinn. Í naflaskoðuninni vill auðvitað enginn vera fáviti. Langflestir vilja vanda sig. Við upphaf nýs árs er full ástæða til að vera nokkuð bjartsýnn á það að menningin sé raunverulega að breytast til batnaðar

og að fólk muni láta af alls kyns ósiðum hvert í garð annars, blessunarlega. Eitt er þó mögulegt áhyggjuefni út frá vangaveltum um stöðu fíflgangs: Við megum ekki drepa jólasveininn. Pólitískur rétttrúnaður má ekki festa of djúpar rætur, sem myndi lýsa sér í því að fólk fari að ritskoda sig um of og verði of hrætt við að fíflast. Þetta hefur gerst sums staðar í Bandaríkjunum þar sem grínistar eru hættir að koma fram í mörgum háskólum vegna ótta við lögsóknir og fordæmingu. Það er ekki það sem við viljum, held ég.

Trumpuð tilvera

En ég hef ekki miklar áhyggjur af þessu. Við finnum mörkin. Ég held líka að það verði alltaf kappnóg af vitleysisgangi þrátt fyrir allar siðbætur heimsins. Jólasveinninn lifir. Veröldin er í raun og veru fánleg um þessar mundir út frá sjónarhóli háttsemisbyltingarinnar. Fólk er að reyna að haga sér. Að vera kurteist. Stunda nærgætni. Hlusta. Vera skilningsríkt.

Á sama tíma er hinn svokallaði leiðtogi hins frjálsa heims að missa það á netinu á hverjum degi með forðemalausem fúkyrðaflaumi. Hann er gripandi um kloffð á kvenfólki og rifandi kjaft við þjóðir og manneskjur um allan heim. Á meðan við erum flest að keppast við að flokka rusl og skoða bæklinga um rafmagnsbíla, setja okkur samskiptareglur, brosa meira og erum almennt á blús yfir svifryki frá áramótasprenjum, þá er hann að stæra sig af því hvað hnappurinn hans til að sprengrja kjarnorkusprengr sé stór. Hvernig á maður að taka þessu?

Kannski er hægt að líta á Donald Trump sem jólasvein. Er hann kannski einn af flippkisunum sem hverfa um síðir til fjalla? Trumpur. Það hljómar vel í góðum norðlenskum framburði. Sá eini sem er á Twitter. Ég vona það. Eða er Donald Trump kannski bara flugeldur? Þúff. Smá svifryk og búíð. Það væri enn betra.



HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Styrkir til náms í hafrétti

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með til umsóknar styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademiunnar í hafrétti 1.- 20. júlí 2018.

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, tomas.heidar2016@gmail.com, fyrir 26. janúar 2018.



FRAMTÍÐIN ER
.origo.



FRAMTÍÐIN ER UPPLÝSINGATÆKNI

Nýherji og dótturfélögin **Applicon** og **TM Software** hafa sameinast undir nafninu **Origo**.

Við virkjum hugvit starfsfólks til að efla árangur viðskiptavina, veitum framúrskarandi þjónustu og bjóðum snjallar lausnir.

origo.is



Patrick Wienczek og félagar í þýska landsliðinu léku lausum hala gegn götöttri íslenskri vörn í leik liðanna í Stuttgart í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýjast

Domino's-deild karla

Þór Ak. - Haukar 74-96

Stigahæstir: Pálmi Geir Jónsson 17, Nino D'Angelo Johnson 15, Hilmar Smári Henningsson 10 - Haukar Óskarsson 21, Breki Gylfason 19, Paul Anthony Jones III 17.

Þór Þ. - Grindavík 83-104

Stigahæstir: Halldór Garðar Hermannsson 24, Dj Valentine II 24, Davíð Arnar Ágústsson 12 - J'Nathan Bullock 19, Ólafur Ólafsson 18, Dagur Kár Jónsson 17.

Enska bikarkeppnin

Liverpool - Everton 2-1

1-0 James Milner, viti (35.), 1-1 Gylfi Sigurðsson (67.), 2-1 Virgil van Dijk (84.)

Man. Utd. - Derby 2-0

1-0 Jesse Lingard (84.), 2-0 Romelu Lukaku (90.)

MUN EKKI VERJA TITILINN

Serena Williams mun ekki freista þess að verja titil sinn á Opna ástralska meistaramótinu í tennis. Williams eignaðist sitt fyrsta barn í september og er ekki komin í nógu gott keppnisform að eigin sögn. Williams, sem er 36 ára, hefur unnið Opna ástralska sjö sinnum og alls 23 risatitla í einliðaleik á löngum og glæsilegum ferli.

BJÖRN BERGMANN TIL ROSTOV Landsliðsframherjinn Björn Bergmann Sigurðarson er genginn í raðir Rostov í Rússlandi frá norska liðinu Molde. Hjá Rostov hittir Björn Bergmann fyrir félagi sinn í íslenska landsliðinu, Sverri Inga Ingason. Björn Bergmann skrifaði undir þriggja og hálfis árs samning við Rostov með möguleika á árs framlengingu. Skagamaðurinn átti frábært tímabil með Molde í fyrra og var þriðji markahæsti leikmaður norsku úrvalsdeildarinnar með 16 mörk.



Um helgina

Laugardagur
12.35 Fleetwood - Leicester Sport
14.50 Man. City - Burnley Sport
16.20 Snæfell - Keflavík Sport 2
17.20 Norwich - Chelsea Sport
20.00 Tourn. of Champ. Golfst.
21.35 Chiefs - Titans Sport
01.15 Rams - Falcons Sport

Sunnudagur
13.50 Shrewsb. - West Ham Sport
15.10 Barcelona - Levante Sport 2
15.50 Nott. Forest - Arsenal Sport
18.05 Jaguars - Bills Sport
19.40 C. Vigo - R. Madrid Sport 3
19.45 Haukar - Grindavík Sport 2
21.40 Saints - Panthers Sport
23.00 Tourn. of Champ. Golfst.

Vináttulandsleikur
\$13.00 Þýskaland - Ísland

Domino's-deild karla
\$19.15 KR - Stjarnan
\$19.15 Höttur - ÍR
\$19.15 Tindastóll - Valur
\$19.15 Keflavík - Þór Ak.
\$20.00 Haukar - Grindavík

Strembið í Stuttgart

Íslenska handboltalandsliðið tapaði með sjö mörkum, 36-29, fyrir Þýskalandi í vináttulandsleik í gær. Varnarleikur og markvarsla var ekki til útflutnings.

HANDBOLTI Strákarnir okkar máttu sín lítills gegn Evrópumeisturum Þýskalands í vináttulandsleik í Stuttgart í gær. Lokatölur 36-29, Þjóðverjum í vil.

Íslenska liðið byrjaði leikinn mjög vel, sérstaklega í sókninni þar sem Ólafur Guðmundsson var í aðalhlutverki. Hann skoraði þrjú affyrstu fimm mörkum Íslands sem komst í 6-8 eftir 11 mínútna leik. Þá seig á ógæfuhliðina, götin í vörninni stækkuðu og sóknin varð stíðari með hverri mínútnni.

Ísland skoraði átta mörk á fyrstu 11 mínútunum en aðeins fjögur á síðustu 19 mínútunum í fyrri hálfleik. Á meðan raðaði Þýskaland inn mörkum og leiddi með sjö mörkum í hálfleik, 19-12. Því forskoti ógnuðu Íslendingar aldrei.

Eins og tölurnar gefa til kynna var varnarleikur íslenska liðsins ekki burðugur, hvort sem um var að ræða 6-0 eða 5-1 varnarafbrigði. Markvarslan var heldur ekki viðunandi. Björgvin Páll Gústavsson varði þrjú skot í fyrri hálfleik og Ágúst Elí Björgvinsson fimm í þeim seinni.

Sóknarleikurinn gekk misvel en það verður þó að teljast ágætt að skora 29 mörk gegn einni sterkustu vörn í heimi. Ólafur var markahæstur í íslenska liðinu með sjö mörk. Aron Pálmarsson og Guðjón Valur Sigurðsson skoruðu fimm mörk

Vináttulandsleikur

Þýskaland 36-29 Ísland (19-12)

Mörk Íslands: Ólafur Andrés Guðmundsson 7, Aron Pálmarsson 5, Guðjón Valur Sigurðsson 5, Arnar Freyr Arnarsson 4, Arnór Þór Gunnarsson 4/1, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1, Ómar Ingi Magnússon 1/1, Janus Daði Smárason 1.
Varin skot (Hlutfall): Björgvin Páll Gústavsson 3 (14%), Ágúst Elí Björgvinsson 5 (22%).

hvor. Þann síðarnefnda vantar nú aðeins eitt mark til að jafna heimsmet Ungverjans Péter Kovács yfir flest landsliðsmörk í sögunni.

Það jákvæðasta við leikinn í gær var samt frammistaða Arnars Freys Arnarssonar í sókninni. Línumaðurinn öflugi spilaði ekki vel í leikjunum gegn Svíþjóð í október en hefur greinilega tekið sig taki og hefur litið vel út í leikjunum gegn Japan og Þýskalandi. Í gær skoraði hann fjögur mörk og fiskaði nokkur viti.

Ísland og Þýskaland mætast öðru sinni í Ulm klukkan 13.00 á morgun. Það er síðasti leikur íslenska liðsins fyrir Evrópumótíð í Króatíu og það er vonandi að ljósu punktarnir verði fleiri þá. ingvithor@frettabladid.is

Sumarið 2018 er komið

Bæklingur fylgir blaðinu í dag



Heimsferðir

Birting grunnlýsingar

Útgefandi: Félagsbústaðir hf., kt. 510497-2799, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík

Félagsbústaðir hf. hafa birt grunnlýsingu í tengslum við útgáfuramma skuldabréfa. Grunnlýsingin er dagsett 5. janúar 2018 staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og birt á vefsíðu Félagsbústaða hf., www.felagsbustadir.is/fjarfestar. Grunnlýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði og hjá útgefanda í höfuðstöðvum félagsins að Hallveigarstíg 1, Reykjavík.

Nánari upplýsingar um Félagsbústaði hf. og útgáfurammann má finna í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 5. janúar 2018. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hafði umsjón með því ferli að fá grunnlýsinguna staðfesta hjá Fjármálaeftirlitinu.




Reykjavík, 6. janúar 2018
 Stjórn Félagsbústaða hf.

Félagsbústaðir

Arion banki

Gjafakort Miðborgarinnar okkar

Fáanlegt í bókaverslunum
miðborgarinnar



Gerðu góð kaup í Miðborginni okkar

LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Yfir 300 verslanir og veitingahús sem spanna allt litróf fjölbreytileikans í hjarta höfuðborgarinnar óska þér og þínum gleðilegs nýs árs. Miðborgin iðar af lífi á þessum fyrsta langa laugardegi á nýju ári og þú getur nýtt þér ýmis kostaboð og afslætti sem í boði eru – nú eða bara sýnt þig og séð aðra. Þá eru kaffihúsin alltaf með heitt á könnunni og skemmtilegar uppákomur má finna víða. Sjáumst í miðborginni.

Lifandi tónlist á Laugavegi, Hverfisgötu, Skólavörðustíg
og í Kvos frá kl. 14:00

Alltaf nóg af bílastæðum og munið bílastæðahúsin.



BERGSTADIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRADARKOT
VESTURGATA
VITATORG



ALMENNA
LEIGUFÉLAGIÐ

VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN



BÍLA KARNIVAL

GEGGJUÐ
TILBOÐ!

GLÆSILEGIR
NÝIR BÍLAR

BRIMBORG BÝÐUR Á KARNIVALI!

Flottar frumsýningar allan janúar með geggjuðum tilboðum og dúndrandi fjöri.
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.

Þetta er viðburður sem þú vilt ekki missa af!

Komdu á karnival í Brimborg – við eigum rétta bílinn fyrir þig!

PEUGEOT 3008
BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018



VOLVO XC60
JEPPI ÁRSINS Á ÍSLANDI 2018



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

brimborg.is

ÓPIÐ ALLA HELGINA

REYKJAVÍK OG AKUREYRI - LAUGARDAG OG SUNNUDAG KL.12-16

KANDÍFLOSS & POPP

KYNNTU ÞÉR NÝJA GLÆSILEGA BÍLA
NÝTTU ÞÉR FRÁBÆR TILBOÐ
SIRKUS ÍSLANDS

LUKKUHJÓL, ANDLITSMÁLUN, BLÖÐRULISTAMAÐUR O.FL.

SIRKUS
ÍSLANDS

★ KOMDU Í STUDIDI! ★

MAZDA CX3

VINSÆLASTI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI

Á EINKABÍLAMARKAÐI



FORD FIESTA

MEST SELDI SMÁBÍLLINN

Í EVRÓPU



CITROËN C3 - MEIRA EN 25 ALÞJÓÐLEG VERÐLAUN!



Hvaða líkamsrækt er heitust árið 2018?

Möguleikar til að stunda líkamsrækt hafa aldrei verið fjölbreyttari, allir ættu að geta fundið eitthvað við hæfi í líkamsræktarsölum landsins. Setjum heilsuna í fyrsta sæti.

Hvort sem undir er stóll eða dívan þá vita allir að leikfimi er heilsubót. Fjöl-margt er í boði fyrir þá sem vilja bæta heilsu sína og taka upp nýjan lífsstíl, allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. En það er ekki nóg að reima á sig skóna og hendast í span-dex, það þarf að huga að ýmsu til að ná góðum árangri.

Hrafnhildur Halldórsdóttir, einkaþjálfari í World Class, hefur mikla reynslu af því að taka á móti fólki sem er að stiga sín fyrstu skref í líkamsrækt. „Ég mæli með því að fólk fái sér einkaþjálfara þegar það er að koma í fyrsta sinn í líkamsrækt eða að byrja aftur eftir nokkra fjarveru. Margir eru óruggir og kunna ekki á lóðin og fara því beint í brennslu og enda jafnvel á því að ofgera sér. Lykilatriðið er að fólk ætli sér ekki of mikið, taki ekki janúar-sprengjuna á allt, breyti mataræði, hætti að drekka og reykja og fari að hreyfa sig reglulega. Langskynsamlegast er að taka eitt í einu, byrja á hreyfingu og ná tökum á henni þá fylgir hitt oftast á eftir.“

Líkamsrækt er ekki óháð tiskusveiflum frekar en annað, einu sinni var eróbikk vinsælast og svo fóru allir í spinning og í jóga. En hvað skyldi vera aðalmálið þetta árið? Linda Hilmarsdóttir, eigandi líkamsræktarstöðvarinnar Hress í Hafnarfirði, segir að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í líkamsræktarstöðvum landsins, fjölbreytnin sé gífurleg. „Við erum mikið að vinna með HIIT-lotuþjálfun, það er feikivinsælt, tímarnir eru stuttir og henta því fólki sem hefur lítinn tíma en vill vera í góðri þjálfun. Æfingarnar eru í lotum þú gefur þitt besta í 30 sekúndur og hvílir svo í 15 sekúndur, allir eru með púls-mæla og get því fylgst vel með eigin ástandi og gefið í eða dregið úr eftir þörfum.“

Heitt er heitast

Æfingar í upphituum sal hafa notið mikilla vinsælda og virðist ekkert lát vera á. „Við finnum greinilega fyrir mikilli aðsókn í heitu tímana okkar, en þeir virðast henta þeim sem þurfa að ná sér eftir veikindi eða eru með stöðkerfisvandamál,“ segir Linda. Í sama streng tekur Hrafnhildur og segir að heitir tímar og HIIT-þjálfun sé það sem er í tisku í dag. „Það er svo margt í boði í dag og mér finnst æðislegt að sjá hvað fólk hefur úr miklu að velja. En ég myndi segja að allt sem heitir Hot

Markmið og leiðir að góðum árangri í líkamsrækt

- Settu þér raunhæf markmið – ekki klífa allt fjallið í einu
- Byrjaðu strax – að hika er sama og tapa
- Lífsstílsbreyting tekur tíma – þú verður ekki vegan á einni nóttu
- Gerðu það sem þér þykir skemmtilegast – það sama hentar ekki öllum
- Hreyfingin skiptir máli – ekki gallinn
- Nýttu tæknina í ræktina – notaðu hreyfiapp
- Leitaðu til fagaðila – einkaþjálfarar eru til að nota þá
- Hreyfing er besta forvörnin – vinnur á streitu og svefnvanda
- Þetta er auðveldara en þú heldur – hrósaðu þér fyrir góðan árangur

sé voða inn í dag, Hot jóga, Hot fit, Hot flex. Síðan er fólk mikið farið að fara í HIIT með lóðum og keyrir prógrammið fjórum sinnum í gegn. Það er frábær blanda af þoli og styrk. Crossfitið heldur vinsældum sínum sem og æfingar með ketilbjöllum.“

Sibreytileg matartiska

Þeir sem ætla að breyta um lífsstíl og taka mataræðið í gegn verða oft en ekki ráðvilltir og vita ekki í hvorn fótinn á að stiga þegar kemur að því að velja rétta matarkúrinn. „Það eru alltaf einhverjar tiskusveiflur í matarkúrnum, hvort sem það er vegan, LKL, 5:2 eða detox þá er það allt gott og blessað svo lengi sem fólk heldur það út og gerir það að lífsstíl. Allt er samt gott í hófi.“

Ég legg mikla áherslu á hreinan mat og gott skipulag, það sem verður fólki oft að falli er að það er á hraðferð gleymir að borða og „grípur í eitthvað í leiðinni“ sem er oftst ekki mjög næringarríkt. Besta leiðin til að viðhalda árangri er að taka eitt skref í einu, taka fyrst út hveiti, næst sykur og svo koll af kolli,“ segir Hrafnhildur.

Þrátt fyrir tiskubylgjur í hreyfingu og mataræði gildir að gera það sem hverjum og einum finnst skemmtilegast og réttast fyrir sig – úr nægu er að velja.

astahrafnhildur@frettabladid.is



Hrafnhildur Halldórsdóttir einkaþjálfari leggur áherslu á að fólk setji sér raunhæf markmið í líkamsræktinni.



Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í líkamsræktarstöðvum landsins.

Skattar, gjöld og bætur árið 2018



Staðgreiðsla

Staðgreiðsla skatta 2018 er reiknuð í tveimur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

Af fyrstu 893.713 kr. 36,94%
Af fjárhæð umfram 893.713 kr. 46,24%

■ Frádráttur vegna lífeyrisréttinda

Heimill frádráttur vegna greiðslu launamanna til almennra lífeyrisréttinda er 4% af iðgjaldsstofni. Frádráttur vegna séreignarsparnaðar er 4%.

■ Persónuafsláttur

Persónuafsláttur er 53.895 kr. á mánuði.

■ Skattlagning barna

Börn fædd 2003 og síðar greiða 6% af tekjum yfir 180.000 kr.

■ Laun frá fleiri en einum launagreiðanda

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðanda þurfa að gæta þess að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 893.713 kr. hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 46,24% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum.

■ Tryggingagjald

Tryggingagjald er 6,85%.

■ Fjársýsluskattur

Fjársýsluskattur er 5,5%.

■ Fjármagnstekjuskattur

Skattur á fjármagnstekjur er 22%.

Framtal og álagning

■ Barnabætur

Barnabætur með fyrsta barni hjóna eru 223.300 kr. og með hverju barni umfram eitt 265.900 kr. Með fyrsta barni einstæðs foreldris eru þær 372.100 kr. og með hverju barni umfram eitt 381.700 kr.

Skerðingarmörk vegna tekna eru 5.800.000 kr. hjá hjónum og 2.900.000 kr. hjá einstæðu foreldri. Bæturnar skerðast um 4% af tekjum umfram þessi mörk fyrir eitt barn, 6% fyrir tvö börn og 8% ef börnin eru þrjú eða fleiri.

Viðbótargreiðsla með hverju barni yngri en 7 ára er 133.300 kr. og skerðist um 4% af tekjum umfram ofangreind mörk.

■ Vaxtabætur

Hámark vaxtabóta er 400.000 kr. fyrir einhleyping, 500.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 600.000 kr. fyrir hjón/sambúðarfólk.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta ekki orðið hærri en 7% af eftirstöðvum skulda vegna íbúðarkaupa og að hámarki 800.000 kr. hjá einhleypingi, 1.000.000 kr. hjá einstæðu foreldri og 1.200.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

Skerðing vegna tekna er 8,5% af tekjustofni.

Vaxtabætur einhleypinga og einstæðra foreldra byrja að skerðast við nettóeign 4.500.000 kr. og falla niður þegar hún nær 7.200.000 kr.

Vaxtabætur hjóna og sambúðarfólks byrja að skerðast við nettóeign 7.300.000 kr. og falla niður þegar hún nær 11.680.000 kr.

■ Fjármagnstekjuskattur

Skattur á fjármagnstekjur er 20% við álagningu 2018.

Frítækjumark vegna vaxtatekna er 150.000 kr. á einstakling.

Frádráttur vegna leigutekna manna af íbúðarhúsnæði til búsetu leigjanda er 50% af leigutekjum.

Frítækjumark gildir ekki um arð, söluhagnað og leigutekjur af öðru en íbúðarhúsnæði sem leigt er til búsetu leigjanda.

■ Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra er 11.175 kr. á einstaklinga sem fæddir eru 1948 og síðar og eru með tekjur yfir 1.718.678 kr. á ári. Undanþegin eru börn innan 16 ára aldurs.

■ Útvarpsgjald

Útvarpsgjald er 17.100 kr. á einstaklinga sem fæddir eru 1948 og síðar og eru með tekjur yfir 1.718.678 kr. á ári. Undanþegin eru börn innan 16 ára aldurs.

■ Skattlagning lögaðila

Tekjuskattur hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga er 20% við álagningu 2018.

Tekjuskattur annarra lögaðila er 36% og gildir það m.a. um sameignar- og samlagsfélög, þrotabú og dánarbú.

■ Álagning einstaklinga

Álagning opinberra gjalda einstaklinga fer fram 31. maí 2018.



Þórkatla fer frjáls ferða sinna og lendir í alls konar ævintýrum. Á dögnum var hún handtekin. Áslaug segist taka ábyrgð á því sem hún leyfir. Frelsið sé dóttur hennar dýrmætt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Komst á fætur með aðstoð Míu úr Múmín-álfunum

Mæðgurnar **Áslaug Friðriksdóttir** og **Þórkatla Eiríksdóttir** settust niður með blaðamanni og sögðu frá lífi sínu. Þórkatla er fötluð og reiðir sig á dúkkur og ýmsa aðra hluti í daglegu lífi. Hver dúkka og hlutur á sér eigin rödd og eiginleika sem Þórkatla nýtir sér.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Straumur ferðamanna er stöðugur niður Skólavörðustíg þennan morguninn. Ofarlega á holtinu í gulleitu timburhúsi býr Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, og fjölskylda.

Þegar blaðamann ber að garði sitja mæðgurnar Áslaug og Þórkatla við borðstofuborðið, lesa blöðin og drekka kaffi.

Þórkatla er tuttugu og fimm ára gömul. Elst þriggja barna Áslaugar. Tveir synir hennar á fimmtánda og sautjándra ári halda sér til hlés.

Áslaug var tuttugu og þriggja ára þegar hún átti Þórkötlu.

Fljótlega kom í ljós að hún var fötluð. Hún fékk tíð flog og var með hjartagalla. Hún var send í aðgerð og var undir eftirliti lækna. „Hún er greind með mikla þroskaskerðingu og er á einhverfurófi. Er líka með lágan vöðvatón. Ég var svo ung þegar ég átti hana. Ég var að hugsa um það um daginn að við höfum verið lengur saman en ég ein.“ segir Áslaug frá.

Þórkatla er ánægð með jólagjafirnar sem hún fékk. Og sérstaklega forláta loðna ljónainniskó. „Ég er í ljónsmerkinu og öskra stundum á fólk eins og ljón. Ég fæ stundum svona ljónatilfinningu sem ég þarf að passa mig á.“ segir Þórkatla frá.

„Hún verður stundum pirruð og skammar túristana hér fyrir utan. Er það ekki Þórkatla? En það hefur ekki virkað?“ segir Áslaug.

„Það er ekkert hægt, það koma alltaf nýir og nýir.“ segir Þórkatla.

Vill byltingu í flokknum

Þórkatla vinnur á Ási vinnustofu. Þegar vinnudegi er lokið fer hún heim til sín og finnst þá gott að horfa á Eurovision-keppnir og syngja. „Ég veit allt um Eurovision.“ segir hún og Áslaug tekur undir. „Hún er með þetta allt á hreinu, getur romsað þessu upp úr sér. Einu sinni bauð afi hennar henni með sér til Óslóar á Eurovision.“



HÚN FINNUR HREINLEGA

INNRA LÍF Í HLUTUM

SEM VIÐ GERUM EKKI. ÉG

KALLA ÞETTA STUNDUM

BÖKMENNTALEGA LEIÐ-

SÖGN, SÉRSTAKLEGA

ÞEGAR UM ER AÐ RÆÐA

KARAKTERA EINS OG MÍU.

Áslaug

„Ég saknaði þín, mamma, ég þurfti að sitja geðveikt lengi í flugvél.“

„Já, núna bendi ég henni á hversu þægilegt það er nú að horfa á þessar keppnir í sjónvarpinu. Það er nefnilega mikið vesen að fara á þessar keppnir, langar raðir og mikið af fólk. En hún skemmti sér vel.“

Þórkatla mætir oft með mömmu sinni á fundi og hefur því fengið ákveðna innsýn í pólitíkina.

„Mig langar að verða lögmaður Sjálfstæðisflokksins.“ segir hún ákveðin.

„Nú, það er eitthvað alveg nýtt.“ segir Áslaug.

„Ég vil stjórnarbyltingu í Sjálfstæðisflokknum.“ segir Þórkatla og útskýrir að góðir vinir hennar hafi stungið upp á þessu embætti fyrir hana á dögnum enda hafi hún sterka dómgreind og viti margt um hvað er rétt og hvað er rangt.

„Þórkatla er auðvitað oft með mér í minni vinnu. Hún hefur viljað bjóða sig fram og því er alltaf vel tekið. Hún bjó til nýtt embætti og var kosin skemmtistjóri í hverfafélaginu í Miðbæ og Nordurmýri.“

Hún er ekkert alltaf hrifin af Sjálfstæðisflokknum. Sér í lagi ef henni

finnst ég vera of stjórnsöm, þá segist hún ekki munu kjósa flokkinn og sérstaklega ekki mig.“ segir Áslaug og brosir.

Mía er krefjandi

Þórkatla hefur sjálf komið sér upp merkilegu kerfi sem aðstoðar hana við daglegt líf, hugsanir og ákvarðanatöku. Hún styðst við dúkkur og ofurhetjugarla og ýmsa aðra hluti, bækur og geisladiska. Hver og einn hlutur hefur eiginleika sem aðstoðar hana. Hún kallar hlutina aðstoðarliða. Einn þessara aðstoðarliða er dúkkan Mía sem margir kannast við úr Múmínálfunum.

„Mía er með mikið skap, er ákveðin og gerir alltaf það sem hún ætlar sér. Þórkatla grípur þessa eiginleika og þegar Mía er nærri getur hún ýmislegt sem annars væri ekki mögulegt.“ segir Áslaug.

„Mía hjálpar mér. Hún styður mig og rekur mig áfram. Hún er oft að skamma mig og ég rökræði við hana. Stundum verður hún svo þreytandi að hún þarf að fara.“ segir Þórkatla frá.

„Mía er svo krefjandi og kraftmikil að hún á eiginlega heima hjá Gabríelu systur en hún er hér núna.“ segir Áslaug og spyr Þórkötlu hvort hún vilji ekki ná í Míu og kannski annan aðstoðarliða, Pétur, og kynna þá fyrir blaðamanni.

Þórkatla fer upp í herbergið sitt í þeim erindagjörðum.

„Hún hefur haft fjölbreytt kerfi í gegnum tíðina. Hver figúra á sér eigin rödd og Þórkatla á í samskiptum við þær. Maður heyrir á morgnana þegar samskiptin eru byrjuð.“ segir Áslaug.

Nú er Þórkatla komin niður með dúkkuna Míu og Pétur. Pétur er geisladiskur, tónverkið Pétur og úlfurinn.

„Eigum við að segja aðeins frá Míu?“ spyr Áslaug og Þórkatla kinkar kalli.

Með skráfur í fætinum

„Þórkatla fótbrotnaði mjög illa fyrir tveimur árum. Hún fór í aðgerð og það þurfti að setja skráfur í hana. Þetta var slæmt brot.“ segir Áslaug.

„Ég var að hoppa á trampólíni, það endaði illa. Ég lenti á stiga og allt.“ segir Þórkatla. ➔

Í öllum litum regnbogans



Komdu í sunnudagaskólann!

Fjörugt, fræðandi og skemmtilegt barnastarf í öllum kirkjum
á höfuðborgarsvæðinu – hefst 7. og 14. janúar!

Sjá nánar hverja kirkju fyrir sig og á heimasíðu þeirra.

Reykjavík, Kópavogur

ÁRBÆJARKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

ÁSKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.askirkja.is

BREIÐHOLTSKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.breidholtskirkja.is

BÚSTAÐAKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.kirkja.is

DIGRANESKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.digraneskirkja.is

DÓMKIRKJAN

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.domkirkjan.is

FELLA- OG HÓLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.fellaogholakirkja.is

GRAFARVOGSKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.gudridarkirkja.is

GRENSÁSKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.grensaskirkja.is

HALLGRÍMSKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.hallgrimskirkja.is

HÁTEIGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.hateigskirkja.is

HJALLAKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.hjallakirkja.is

KÓPAVOGSKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 í safnaðarheimilinu
Borgum **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.kopavogskirkja.is

LAUGARNESKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.laugarneskirkja.is

LANGHOLTSKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.langholtskirkja.is

LINDAKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.lindakirkja.is

NESKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.neskirkja.is

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN

Annan og fjórða sunnudag hvers mán.
kl. 14:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

SELJAKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.seljakirkja.is

Garðabær og Hafnarfjörður

STJARNARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.astjarnarkirkja.is

BESSASTAÐAKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 í Brekkuskógum 1
en 1. sunnudag hvers mán. í Bessastaðakirkju
FRÁ 7. JANÚAR
Nánar á www.bessastadasokn.is

VÍDALÍNSKIRKJA GARÐABÆ

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.vidalinskirkja.is

FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.frikirkja.is

VÍÐISTAÐAKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.vidistadakirkja.is

Mosfellsbær og Seltjarnarnes

LÁGAFELLSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13:00 **FRÁ 14. JANÚAR**
Nánar á www.lagafellskirkja.is

SELTJARNARNESKIRKJA

alla sunnudaga kl. 11:00 **FRÁ 7. JANÚAR**
Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is

Komdu með í
sunnudagaskólann!

➔ „Ég hafði ekki hugmynd um hvernig ég ætlaði eiginlega að gera þetta þegar hún var útskrifuð af sjúkrahúsinu. Því það var ekkert grín. Ég flutti skrifstofuna hingað heim því Þórkatla þurfti að fá aðstoð við að gera allt. Fara á klósettið, klæða sig, borða. Ég færði rúmið hennar hingað niður í stofu,“ segir Áslaug en húsið er á tveimur hæðum og í gömlum stíl með bröttum stiga.

„Ég fékk nettan hjólastól til að koma henni úr rúminu á klósettið, hún er ekki með fullan vöðvastyrk og ræð ekki við hækjur. Það lá svona fyrir að þetta yrði langt og strangt verkefni. En það var þangað til Mía kom í heimsókn frá Gabri- elu systur,“ segir Áslaug.

Skynsamur og merkilegar verur

„Ég vaknaði snemma morguns nokkrum dögum eftir að hún var komin heim við nokkuð sem ég taldi ekki mögulegt. Bara alls ekki! Þórkatla var búin að klæða sig sjálf og búin að fara á klósettið. Sem var bara heljarmikið mál fyrir hana þrátt fyrir mína aðstoð. Ég skildi ekkert í þessu. Hvernig í ósköpunum gat hún þetta? Ég spurði hana og þá kom í ljós að Mía hafði sagt henni að koma sér á lappir, hætta að kvarta, fara í fötin og fara á klósettið. Þannig hafðist þetta,“ segir Áslaug frá um magnaða rödd Míu sem Þórkatla hefur fengið að láni sér til styrkingar.

„Þetta er svolítið magnað. Við höfum nefnilega öll þessa innri rödd sem við hlustum á, án þess að taka eftir því í raun og veru. Við erum oft að rökræða við okkur sjálf. Skammast í okkur eða hvetja okkur áfram. Hvort við ættum ekki að vera búin að laga til eða drífa í að gera eitthvað. En við náum að vefa það saman við okkur sjálf, svo þétt að við erum hætt að hugsa um þetta sem einstakar raddir. En hjá henni eru þær fjölmargar og sumar mjög skynsamur og merkilegar verur með sína styrkleika sem Þórkatla nýtir.“

Bókmenntaleg leiðsögn

„Ég á þúsund aðstoðarliða,“ segir Þórkatla.

„Já, það er rétt,“ heldur Áslaug áfram. „Mía hefur verið lengst. Það hafa verið alls kyns brúður og plastkallar og við öll á heimilinu tókum þátt í þessu. Og svo eru þeir víðar, til dæmis hjá Gabri- elu systur og ömmu og afa. Hún fikrar sig áfram með þetta. Getur í raun tekið hvað sem er og gert það að aðstoðarliða. Til dæmis þegar við förum upp í sumar- bústað þá finnur hún sér aðstoðarliða úr hlutum sem eru til staðar. Gleraugu og bók fá nýtt hlutverk. Hún getur spilað við þessa vini sína og leikið við þá klukku- tímum saman. Hún finnur hreinlega innra líf í hlutum sem við gerum ekki. Ég kalla þetta stundum bókmenntalega leiðsögn, sérstaklega þegar um er að ræða karaktera eins og Míu. Því þarna tekur hún eiginleika sem rithöfundur býr söguhetjum sínum og gefur þeim líf í eigin hugarheimi og lífi.“

Mía er mjög ákveðin og gefur þér þá kraft, Þórkatla? spyr blaðamaður.

„Já, stundum þarf ég eiginlega að segja henni að slappa af. En ég fór með henni á sínfóniutónleika um daginn og það gekk mjög vel,“ segir Þórkatla.

„Þórkatla er eiginlega dauðhrædd við tónlist í opnum rýmum. Það er líklega einhverfan sem gerir það að verkum. Hræðslan gæti stafað af því að það getur alls konar óvænt gerst. Tónlistin getur skyndilega hækkað og svo framvegis. En það er ekki langt síðan það voru keyptir tveir miðar á tónleika Sínfóniuhljóm- sveitarinnar um Múmínálfana.“

„Já, einn fyrir mig og annar fyrir Míu,“ segir Þórkatla.

„En svo reyndar kom Yoko vinkona þín með líka, er það ekki? Af því að Mía þurfti ekki alveg heilt sæti,“ bendir Áslaug á og Þórkatla kinkar kalli.

„Oft fer það þannig að Mía þarf að fara strax út af heimilinu og til Gabri- elu. Því að hún er svo krefjandi. Þá verður Þórkatla bara að fá fri frá henni,“ segir Áslaug.

„Mía vill alltaf að ég standi mig betur og vill ekki að ég geri rangt,“ segir Þórkatla.

Hjálpa að hemja skapið

En Pétur? spyr blaðamaður. Hvernig aðstoðarliði er hann? „Pétur er hrifinn af mér og finnst ég alveg nóg og ágæt eins og ég er. Hann vill ekki breyta neinu.“

Þórkatla vill sýna blaðamanni fleiri aðstoðarliða. „Mía vill það,“ segir hún og þá kemur ekki annað til greina en að fylgja Þórkötlunni og hinni ströngu Míu



Á dögnum þurfti Áslaug að leysa Þórkötlunni út af veitingastaðnum Snaps þar sem hún hafði pantað sér steik sem var ekki innstæða fyrir á debetkortinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

upp stigann til að líta þá augum. „Sko, hér eru þeir margir. En ekki allir. Sumir eru farnir,“ segir Þórkatla og kynnir nokkra þrautseiga til leiks, til dæmis Robin aðstoðarmann Batmans, og gula skósveina sem margir þekkjast úr nýlegri teiknimynd. „Hér er Robin sem er mjög opinn og heilsar öllum. Svo hef ég líka þá Mola og Sólmund sem hjálpa mér ef ég verð leið um miðja nótt. Svo eru þá Grú og skósveinarnir sem hjálpa mér mjög mikið í því að vera hér heima og passa upp á skapið mitt. Reyndar gera þeir það allir. Hjálpa mér með skapið mitt. Ég þarf að hafa hemil á því.“

„Móðir mín hefur yfirgefið mig!“

Þórkatla vill nú syngja svolítið í herberg- inu sínu og tekur sér pásu frá viðtalsstússi. Áslaug segir hugarheim hennar stóran.

„Hann er alveg hreint gríðarstór og hún er upptekin í honum. Stundum þegar ég kem heim þá segir hún við mig, æi, getur þú ekki verið lengur í vinnunni?“

Ég hef alltaf gefið henni mikið frelsi. Öruglega myndi einhver segja að ég sem móðir væri að taka áhættu. Þórkatla fer frjálts ferða sinna um allan bæ. Er með símann sinn á sér og er mjög nútímaleg. Margir þekkjast hana hér í miðborginni og taka henni vel. Hún fór um daginn á Snaps og fékk sér steik að borða. Svo þegar hún átti ekki fyrir henni á kortinu sínu þá þurfti að hringja í mig til að græja málin. Það er ekkert mál, bara ef það er ekki steik á hverjum degi í matinn,“ segir Áslaug.

„Það eru alls kyns skrautlegar uppá- komur sem einkenna fjölskyldulífið. Hún er dramatísk. Bara sem dæmi þá man ég eftir því að hafa farið í göngutúr með syni mína í kerru þegar þeir voru litlir. Hún vildi ekki koma með. En gekk svo spól- korn á eftir okkur. Hún fór inn á Kaffitár í Bankastræti og kallaði: Móðir mín hefur yfirgefið mig! Þá var ég bara þar rétt hjá,“ segir Áslaug frá.

Handtekin

Þórkatla hefur stundum lent í vand- ræðum. Síðast í sumar þegar lögreglan handtók hana. „Hún fór út um miðja nótt án þess að ég tæki eftir. Hún er auð- vitað bara frjál, enginn að loka hana inni. Ég er að vinna í garðinum næsta morgun og þá gægist hún út um dyra- gættina og segir: Mamma, ég var með

óspektir á almannaferi í gær. Vildi ekki alveg gangast við þessu sýndist mér. Þá hafði lögreglan komið með hana heim um nóttina. Bróðir hennar tók á móti henni. Þeir höfðu tekið hana fyrir utan skemmtistað og þar var hún að skamm- ast í fólki.“

Dýrmætt frelsi

Áslaugu finnst frelsið skipta miklu máli. „Ég vil að hún fái að reyna sig í lífinu. Ég held að það styrki hana. Hún hefur eigin vilja og langanir. Skipuleggur tíma sinn til dæmis alfarið sjálf um helgar. Hún fer upp í RÚV og horfir á Útsvar í beinni útsendingu á föstudagskvöldum. Þar virðist hún alltaf velkomin og ég er mjög þakklát fyrir það. Svo skipuleggur hún bæjarrúnta, bíóferðir og heimsóknir. Þetta er mjög dýrmætt. Ef Þórkatla væri í umönnun hjá opinberum aðila þá held ég að henni myndi ekki leyfast jafn mikið. Ég tek svolítið ábyrgðina á því sem ég leyfi. Hún gerir ótrúlega margt sjálf.“

Spurð um framtíðina segir Áslaug lík- legast brátt koma að tímamótum. „Ég hafði alltaf séð fyrir mér að hún gæti keypt sér íbúð en svo hefur verið rokið upp svo við verðum að bíða aðeins með það. Hún er á biðlista eftir að fara í færni- mat vegna búsetu. Það veit enginn hversu mikla hjálp hún þarf í nýju umhverfi. En það sem þarf að tryggja er góð aðstoð heim. Þrátt fyrir að hún hafi ákveðið sjálfstæði þá erum við í stöðugu síma- sambandi allan daginn og systur mínar og bræður hennar hjálpa mikið til.“

Brotin börn úr almenna skólakerfinu

Þegar Áslaug lítur til baka til þess tíma þegar hún var ung móðir með Þórkötlunni segist hún þakklát góðum ráðum sem hún fékk. „Ég var hvött áfram til að gera allt það sem ég stefndi að áður. Fara í framhaldsnám og taka síðar fullan þátt á vinnumarkaðnum, huga að ferlinum. Ég fór því út til London í framhaldsnám í vinnusálfræði. Það var oft krefjandi en gekk upp á endanum. Þegar ég kom heim fór ég að vinna í félagsmálaráðuneytinu. Þar var ég í nokkur ár og var reyndar að taka út þjónustu við fatlaða. Ég hitti þar mikið af reynslumiklu fólki sem var búð að vinna með fötludum í áratugi. Sú reynsla kenndi mér margt og nýttist mér vel í mínum störfum í dag,“ segir Áslaug.

Þórkatla fór í Öskjuhlíðarskóla þegar



MÍA VILL

ALLTAF AÐ ÉG

STANDI MIG

BETUR OG

VILL EKKI AÐ

ÉG GERI

RANGT.

Þórkatla



ÞÁ HAFÐI

LÖGREGLAN

KOMIÐ MEÐ

HANA HEIM

UM NÓTT-

INA. BRÓÐIR

HENNAR

TÓK Á MÓTI

HENNI.

ÞEIR HÖFÐU

TEKIÐ HANA

FYRIR UTAN

SKEMMTI-

STAÐ OG ÞAR

VAR HÚN AÐ

SKAMMAST Í

FÓLKI.

Áslaug

hún var lítil. Þaðan fór hún í Borgarholts- skóla og var þar í starfsnámi. Eftir það lá leiðin í Háskóla Íslands þar sem hún stundaði diplómanám. Þess utan hefur hún stundað tónlistarnám hjá Tónstofu Valgerðar og ýmislegt fleira. „Fyrst vildi ég ekki trú á því að hún væri jafn fötlud og hún er. Ég vildi fyrst að hún færi í almenna skólakerfið. En hlustaði á ein- róma ráðleggingar fagfólks um að hún ætti heima í sérskóla. Ég varð fegin seinna og sá að sú ákvörðun var rétt. Þegar jafn- aldrar hennar komu brotnir úr almenna skólakerfinu yfir í Öskjuhlíðarskóla þegar þeir voru orðnir eldri.“

Stimpilkluukkan er dauð

Áslaug hætti í félagsmálaráðuneytinu og stofnaði Sjá, fyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf. Þá helst í að rýna í notagildi heimasíðna fyrirtækja. „Ég vildi blanda saman fjölskyldulífi og vinnu. Sveigjan- legur vinnutími skiptir mig öllu máli. Það er talsvert mikið mál að vera með fatlaðan einstakling á heimilinu en mikið ævintýri líka. Þú þarft að breyta fullt af hlutum. Krefjast sveigjanleika. Ég gerði það og komst að því að það ríkir skiln- ingur í atvinnulífinu. Stimpilkluukkan er dauð. Atvinnulífið þrífst á fjölbreytni og því er sveigjanleikinn hagur allra,“ segir hún.

Áslaug tók fyrst sæti á lista Sjálfstæðis- flokksins 2006. „Ég fékk símtal og var beðin um að taka sæti aftarlega á lista. Ég gerði það og endaði sem varaborgarfull- trú. Síðan þá hef ég starfað í borgarstjórn en á síðasta kjörtímabili í fyrsta sinn sem borgarfulltrúi allt kjörtímabilið.“

Gefur kost á sér í sæti oddvita

Brátt fer fram leiðtogakjör fyrir borgar- stjórnarkosningar í vor. Áslaug gefur kost á sér að leiða listann. Eftir að oddviti er kjörinn verður stillt upp á lista. „Auðvitað hef ég haft þetta í huga í margar vikur. Það er samt rólegt yfir núna, ekki venjulegur kosningavetur hjá Sjálfstæðisflokknum. Ég skynja kosningaþreytu í fólki. Mér finnst annars spennandi að prófa þessa nýju leið. Sjálfstæðismenn ætla að kjósa um oddvita og svo verður stillt upp á lista. Tíðir prófkjörsslagir eins og hafa verið í flokknum geta leitt af sér erfiðleika. Það stúrnar í vináttu og samstarf getur orðið erfiðara. Mér finnst skipta mestu máli að teymið sem fer áfram til kosninga í vor sé sterkt og samhent. Ég skil að fólk vilji sterkan leiðtoga en hópurinn skiptir líka máli. Í hópnum þarf að ríkja mikið traust og líka ákveðinn léttleiki. Með þéttum og góðum hópi tekst að koma stefnumál- unum vel til skila,“ segir Áslaug.

Það kemur kannski ekki mörgum á óvart að sá málaflakkur sem Áslaug leggur helst áherslu á er betri þjónusta við þá sem þurfa á mestri aðstoð að halda. „Þjónusta við fólk sem þarf á henni að halda, meðal annars við fatlaða og aldrada, er ekki nógu góð. Það þarf að forgangsraða í kerfinu enda eru miklar breytingar í farvatninu sem kalla á aukid fé til þjónustunnar. Aldraðir verða hlut- fallslega fleiri og þjónustu við fatlaða verður að bæta og nú liggur til dæmis fyrir að breytingar verða gerðar á lögum um þjónustu til fatlaðra,“ segir Áslaug og vísar í löggildingu samnings um réttindi fatlaðra og notendastýrða persónulega aðstoð.

Andinn í borgarstjórn versnar

Hvernig skyldi andinn vera í borgarstjórn núna þegar dregur nær kosningum? „And- inn! Hann versnar,“ segir Áslaug og hlær. „En við vinnum auðvitað alla jafna í sátt. Auðvitað rata ágreiningsmálin frekar í fjölmiðla. Stefnur flokkanna eru ólíkar og um margt deilt. Okkur greinir helst á um forgangsröðun fjármuna og við Sjálfstæðismenn viljum standa vörð um grunnþjónustu við íbúa. Verkefnið er of dreifið, of mikið lagt í að byggja loft- kastala í stað þess að sinna þeim málum sem mest brenna á fólki. Ég er í pólitík því að ég vil stuðla að breytingum í þá átt að ná fram meiri nýsköpun í opinberri þjón- ustu. Þannig nýttist opinbert fé betur og þannig tókumst við á við áskoranir fram- tíðarinnar. Þessi viðhorfsbreyting verður að eiga sér stað á næsta kjörtímabili,“ segir Áslaug og segir ljóst að þótt nú sé rólegt yfir muni færast meiri hiti í leikinn á næstunni.

Þórkatla kemur nú niður til að kveðja og gefur innilegt faðmlag. Mía er ekki langt undan. „Mía segir líka bless,“ segir hún og er jafnharðan snúin við upp í her- bergi í sinn gríðarstóra heim.



12. JANÚAR 2018 - GRAND HOTEL

LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ

Árleg ráðstefna Barna- og unglingsdeildar LSH

D A G S K R Á R Á Ð S T E F N U

Fundarstjóri: Helga Jörgensdóttir, deildarstjóri á BUGL

08:00 - 8:30

Skráning og afhending ráðstefnugagna

08:30 - 08:45

Setning ráðstefnu

Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs

08:45 - 08:55

Ávarp forseta Íslands

Hr. Guðni Th. Jóhannesson

09:00 - 09:40

Ögurstundir heilsufars

Dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor Læknadeild Háskóla Íslands

09:45 - 10:15

Áhrif streitu og erfiðleika á heilsu barna og fullorðinna
- sýn heimilislæknis

Margrét Ólafía Tómasdóttir, MD, PhD, heimilislæknir við Heilsugæsluna Efstaleiti og lektor við HÍ

10:15 - 10:40

Kaffihlé

10:40 - 11:00

Áhrif áfalla í æsku á andlega líðan á meðgöngu

Linda Bára Lýðsdóttir sálfræðingur og sviðsstjóri hjá VIRK

11:00 - 11:25

Falin áföll ómálga barna

Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir og sérfræðingur í meðferð fyrir ungbarnafjölskyldur hjá Miðstöð foreldra og barna

11:25 - 11:45

Foreldrar, meðganga, barn - FMB teymi

„Kynslóðamilliflutningur - tengslavandi“

Elisabet Sigfúsdóttir, félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur
Teymisstjóri í FMB teymi, Ferli og bráðapjónustu Geðsviðs Landspítal Háskólasjúkrahús

11:45 - 12:45

Hádegisverðarhlaðborð

12:45 - 13:25

Regulation as the key concept in a new trauma psychology

Dr. Dag Nordanger. Sérfræðingur í klínískri sálfræði

13:30 - 14:10

Regulation as the key concept in a new trauma psychology

Dr. Dag Nordanger. Sérfræðingur í klínískri sálfræði

14:15 - 14:35

Áhrif heimilisofbeldis á börn

Reynir Harðarson, sálfræðingur, Barnavernd Reykjavíkur

14:35 - 14:55

Kaffihlé

14:55 - 15:25

Aðkoma Barnahúss í málefnum barna og unglinga sem orðið hafa fyrir áföllum

Þorbjörg Sveinsdóttir, MSc sálfræði, sérfræðingur í Barnahúsi

15:30 - 15:50

Létt skemmtiatriði

Halldór Gylfason leikari

15:50 - 16:00

Ráðstefnuslit

Skráning á: www.landspitali.is/skraningBUGL

Ef óskað er eftir táknumálstúlki þarf að láta vita fyrir **8. Janúar**



**ELLY**Priggja sæta sófi. Dökkgrár.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm**62.993 kr.** ~~89.990 kr.~~**30%**
AFSLÁTTUR

IDdesign

KIRUNAHornsófi. Hægri og vinstri. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
Stærð: 236 x 200 x 78 cm**134.993 kr.** ~~179.990 kr.~~**25%**
AFSLÁTTUR**BOYD**

Priggja sæta sófi. Brúnt PU-áklæði eða dökkgrátt sléttflauel. Stærð: 215 x 87 x 78 cm

Brúnt PU-áklæði

93.743 kr. ~~124.990 kr.~~

Dökkgrátt sléttflauel

89.993 kr. ~~119.990 kr.~~**25%**
AFSLÁTTUR**NATUZZI EDITIONS**

B988 2ja og 3ja sæta sófar og stóll. Brúnt eða svart leður.

2ja sæta sófi: 166 x 76 x 76 cm

247.493 kr. ~~329.990 kr.~~**NATUZZI EDITIONS****25%**
AFSLÁTTUR

3ja sæta sófi: 205 x 76 x 76 cm

284.993 kr. ~~379.990 kr.~~**20%**
AFSLÁTTUR**EMPIRE**Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 80 x 70 x 102 cm**71.992 kr.** ~~89.990 kr.~~**25%**
AFSLÁTTUR**NORMAN**Svart og brúnt leður.
Stærð: 74 x 70 x 103 cm.**119.993 kr.** ~~159.900 kr.~~**25%**
AFSLÁTTUR**MARTINI**Svart leður.
Stærð: 83 x 94 x 97w cm**127.493 kr.** ~~169.990 kr.~~**25%**
AFSLÁTTUR**PINNACLE**Dökkbrúnt, ljósbrúnt, svart, hvítt eða vínrautt leður á slitflötum.
Stærð: 84 x 90 x 100 cm**134.993 kr.** ~~179.990 kr.~~**50%**
AFSLÁTTUR**HASLEV**Borðstofuborð. Ólíuborin eik, hvíttuð eða óhvíttuð.
Stærð: 180 x 105 x H: 74 cm.**114.995 kr.**
~~229.990 kr.~~**ELLIOT**Borðstofuborð. Villt eik, svört grind og svartir fætur.
Stærð: 220 x 95 cm.

Borð

27.996 kr. ~~69.990 kr.~~

Stækkun

5.996 kr. ~~14.990 kr.~~**60%**
AFSLÁTTURReykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudagaAkureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardagaÍsafjörður
Skeiði 1www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 4. febrúarr eða á meðan birgðir endast.

RISA ÚTSALA

í fullu fjöri



Allt að

60%

afsláttur



FRIDAY

U-sófi. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 330 x 230/170 x 90 cm

209.993 kr. ~~279.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR

EIFFEL

Borðstofustóll.
Turkisblár, rauður,
svartur, grár og
hvítur með
krómfótum.



30%
AFSLÁTTUR

Svartur, grár,
og hvítur með
svörtum fótum.
Hvítur með
hvítum fótum.

Með svörtum eða hvítum fótum.

6.993 kr. ~~9.990 kr.~~

Með krómfótum.

8.393 kr. ~~11.990 kr.~~

OTTAWA

Borðstofustóll,
brúnt, grátt
eða svart
PVC áklæði.



25%
AFSLÁTTUR

8.993 kr. ~~11.990 kr.~~

ALISON

Borðstofustóll.
Ljós- eða dökkgrátt
slitsterkt áklæði,
krómgrind.



60%
AFSLÁTTUR

4.796 kr. ~~11.990 kr.~~

NESTOR

Borðstofu-
stóll.
Coffee
áklæði.



40%
AFSLÁTTUR

10.794 kr. ~~17.990 kr.~~

ROMBO

Borðstofu-
stóll.
Dökkgrátt
PU-leður
og svartir
fætur.



30%
AFSLÁTTUR

27.993 kr. ~~39.990 kr.~~



VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN



HÚSGAGNA
HÖLLIN



Gavin Anthony, formaður Kirkju sjöunda dags adventista á Íslandi, er breskur. Adventistar leggja áherslu á heilsusamlegt mataræði og líferni. Hugur, sál og líkami er ein heild. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Baráttan við Satan og endurkoma Krists

Gavin Anthony, formaður adventista á Íslandi, ræðir um sérstöðu safnaðarins sem heldur laugar- dag heilagan sem hvíldardag og leggur höfuðáherslu á heilsusamlegt mataræði og líferni. Þótt adventistar séu fremur fáir hér á landi er söfnuður þeirra rötgróinn.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjana@frettabladid.is



Í Kirkju sjöunda dags adventista eru um fimm hundruð manns. Þrátt fyrir smæðina rekur kirkjan sex söfnuði, á Akureyri, í Hafnarfirði, í Reykjanesbæ, í Reykjavík, á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Adventistakirkjan rekur sinn eigin skóla, Suðurhlíðarskóla, sem er þó opin börnum úr öðrum trúfélögum.

Deilan mikla

Sjöunda dags adventistar líta á Biblíuna sem einu trúarjátningu sína. Eins og í lútherstrú trú þeir því að Guð sé skapari alls, að Jesús Krístur hafi dáið fyrir syndir mannsins og að hann hafi verið reistur upp frá dauðum. Þeir trúa því líka að Jesús muni koma aftur til að frelsa mannkynið. Mannkynið telja þeir statt mitt í átökum milli Krists og

Satans um yfirráð yfir alheiminum.

Endurkoman er von safnaðarins og hámark fagnaðarboðskaparins. Þegar hann kemur aftur trúa adventistar því að hinir réttlátu sem dánir eru risi upp og hinir ranglátu muni deyja.

Á hinn nýju jörð muni Guð búa með hinum réttlátu og syndin verði ekki framar til. Adventistar halda hjónaband manns og konu í miklum heiðri og hvíldardaginn halda þeir á laugardögum. Meðlimir eiga helst að lifa án tóbaks, áfengis og annarra vimefna og ekki að neyta óhreinna fæðu. Þeir eru hvattir til að neyta mestmegnis jurtafæðu þar sem það er mögulegt og eiga ekki að borða svínakjöt.

Hundrað ára saga á Íslandi

Gavin Anthony, formaður Kirkju sjöunda dags adventista á Íslandi, er frá Bretlandi. Hann er nýtekinn við formennsku og giftur íslensku konu, Þorbjörgu Ástu Þorbjarnardóttur, og þau eiga tvö börn, sjö og níu ára gömul. Hann er nýkominn úr hádegisgöngutúrnum þegar hann sest niður með blaðamanni til að veita innsýn í áherslur kirkjunnar sem á sér rúmlega hundrað ára sögu hér á landi.

Sviinn David Östlund kom til Íslands til að boða trú adventista árið 1897. Hann stofnaði söfnuð sjöunda dags adventista hér á landi 1906. Margt merkilegt er við starfsemi adventista frá þessum tíma.

„Hann gaf út blaðið Frækorn sem kom út vikulega í stóru upplagi,“ segir Gavin frá en upplagið var stærst allra dagblaða hér á landi í nokkur ár eða um 4.500 eintök.

„Adventistar tóku virkan þátt í samfélaginu hér. Með kirkjustarfi og aðstoð til fátækra, þá sérstaklega fyrir jólin,“ segir Gavin og vísar í starfsemi líknarfélagsins Alfa sem hefur starfað frá árinu 1924. Í félaginu störfuðu helst konur og margir Íslendingar sem áttu um sárt að

Viðmið úr safnaðarhandbók adventista

Tilfni til að beita safnaðaraga:

Tilfni til að beita safnaðaraga eru til dæmis afneitun trúar og brot á lögum Guðs svo sem morð, þjófnaður, guðlast, fjárhættuspil, brot á hvíldardagshelginni og vísvitandi blekkingar, kynferðisbrot, framhjáhald, lauslæti, sífjaspell, framleiðsla, notkun eða dreifing á klámi. Fráskilinni manneskju sem giftist aftur má vísa úr söfnuði nema þegar hún hefur skilið vegna framhjáhalds maka eða sliks.

Líkamlegt ofbeldi, svik í viðskiptum, áfengisneysla, ósiðleg hegðun, fíkniefnaneysla.

Þegar um alvarlegar syndir er að ræða verður að beita safnaðaraga. Það má gera með tvennu móti, með því að samþykka vitar eða brottvisun úr söfnuðinum.

FJÖLDI SAFNAÐARMEÐLIMA

Kirkja sjöunda dags adventista á Íslandi

698
MEÐLIMIR

Heimild: Hagstofan.*

*Adventistar telja að færri séu í söfnuðinum en eru skráðir eða um 500 manns.

Þjóðkirkjan

236.481
MEÐLIMIR

binda nutu góðvildar þeirra.

„Við erum tæplega fimm hundruð í söfnuðinum. Við fórum í gegnum skjölin nýverið. Það eru líklega fleiri sem eru adventistar en eru ekki skráðir. Flestir safnaðar meðlimir eru Íslendingar, það eru þó nokkrir innflytjendur. Nokkrir eru frá Brasilíu, hér er afrísk fjölskylda sem er hér við nám og nokkrir frá Austur-Evrópu.“

Kynferðisbrot Karls Vignis

Kynferðisbrot Karls Vignis Þorsteinssonar skóku söfnuðinn um aldamótin. Hann var rekinn úr söfnuðinum þegar upp komst um

brot hans en söfnuðurinn brást hins vegar lagalegri tilkynningaskyldu sinni. Viðurkenndi það og baðst afsökunar. Karl Vignir gekk laus þar til brot hans voru gerð opinber í Kastljósi meira en áratug seinna. Í dag fylgir söfnuðurinn ströngum starfsreglum til varnar gegn ofbeldi og misnotkun á börnum og unglíngum að sögn Gavins.

„Kirkjan hefur sett sér starfsreglur um aðgerðir til varnar gegn ofbeldi og misnotkun á börnum og unglíngum. Við tókum mjög alvarlega allar tilkynningar um ofbeldi. Fyrsta viðbragð er að vernda barnið. Fyrst og fremst er hlutverk okkar →

KEYRUM NIÐUR

VERÐ

Á OKKAR VINSÆLUSTU BÍLUM



STÓRSÝNING Í DAG FRÁ 12–16

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN BÍL Á JANÚAR SMELLVERÐI

RENAULT Kadjar



**JANÚAR
SMELLVERÐ**

VERÐ FRÁ: 3.550.000 KR.
3.200.000 KR.

NISSAN Qashqai



**JANÚAR
SMELLVERÐ**

VERÐ FRÁ: 3.550.000 KR.
3.300.000 KR.

SUBARU Forester



**JANÚAR
SMELLVERÐ**

VERÐ FRÁ: 5.290.000 KR.
4.890.000 KR.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Trúarlíf Íslendinga

2 af 10

➔ að vernda börn gegn ofbeldi í allri dagskrá kirkjunnar. Komi svona mál upp þá er fyrsta skylda prestsins að sinna þörfum barnsins og styðja það og fjölskyldu þess," segir Gavin.

Í starfsreglunum lýsir kirkjan yfir vanþóknun á hvers kyns líkamlegri, kynferðislegri eða andlegri misnotkun eða ofbeldi innan kirkjunnar og utan. Í reglunum heitir kirkjan því einnig að hún tilkynni allar staðhæfingar barna yngri en átján ára um hvers kyns ofbeldi og muni starfa með yfirvöldum og öðrum sérfræðingum til að bera kennsl á gerandann og til að vernda börnin. Þá vilji kirkjan halpa þolendum kynferðisofbeldis.

Sá sem brýtur á barni á ekki heima í söfnuðinum lengur," segir Gavin. „Hann á skilið refsingu lögum samkvæmt. Guð getur fyrirgefið öll brot, en það er mitt hlutverk og fyrsta skylda að vernda barnið og því fær sá sem brýtur á barni ekki að taka þátt í safnaðarstarfi," segir Gavin og segir mikilvægt að huga að því að það sé ekki hægt að koma í veg fyrir kynferðisbrot í samfélaginu. En það sé skylda að reyna það. „Við getum ekki komið í veg fyrir það vegna þess að maðurinn hefur frjálstan vilja en við getum sinnt skyldu okkar að vernda börn, þegja ekki, bregðast við.“

Í reglum kirkjunnar eru skýr til-mæli um viðbrögð þegar barn tilkynnir um misnotkun. Barninu skuli trúað undanbragðalaust, ekki megi slá málinu á frest, hringja eigi í Neyðarlínum eins fljótt og kostur er og þá megi ekki hafa nein samskipti við grunadann geranda varðandi samtalið við barnið.

Þá eru safnaðar meðlimir minntir á refsíakvæði um að sá sem láti hjá líða að tilkynna um illa meðferð barns og að það varði sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

„Við bjuggum áður á Írlandi þar sem ég þjónaði með fjölskyldunni, þar bjuggum við í átta ár. Umræðan um kynferðisbrot innan kirkjunnar voru áberandi þar. Brot sem hafði verið haldið leyndum og þöggðu. Samfélagið þar, eins og víðar þar sem slík leynd hefur verið viðhöfð, er í sárum, sárin eru lengi að gróa. Sem kristið fólk höfum við ríka skyldu til að takast á við þetta. Megum ekki láta þetta viðgangast," segir Gavin.

Hvenær er beitt safnaðaraga? Til dæmis með brottvísun úr söfnuðinum? „Þegar um alvarlegar syndir er að ræða þar sem einstaklingur afneitar trú og brýtur lög Guðs," segir Gavin.

Þú ert þá að tala um morð, nauðgun, þjófnað og slíka glæpi? „Já.“

En hvað með til dæmis framhjá-hald, heimilisofbeldi og slíkt? „Það er alveg ljóst að þegar manneskja lifir þvert á orð Guðs getur hún ekki verið hluti af söfnuðinum, adventistar lifa eftir orði Guðs.“

Hvað með hjónaskilnað? Framhjá-hald? „Við höldum hjónabandið í heiðri, manns og konu. Teljum það mikilvægt.“

Ög safnaðar meðlimir þurfa að borga tíund? „Ekki að borga, heldur gefa aftur til Guðs," segir Gavin. „Við störfum eftir heimsskipulagi. Tíundin fer í laun presta. Hér í okkar söfnuði eru öll laun presta jöfn. Það eru engar aukagreiðslur til okkar fyrir störf okkar. Svo sem skírn. Ef kirkja verður vettvangur viðskipta er hún ekki traust. Það er mitt álit," segir Gavin. „Við reukum líka hjálparstarf víða um heim þar sem áhersla er lögð á samhjálp og menntun.“

Hvað með kynin? Hafa þau mismunandi hlutverkum að gegna í söfnuðinum eða kirkjunni? „Kynin eru jöfn fyrir Guði, bæði kona og karl eru sköpuð í mynd Guðs. Mér finnst það alveg skýrt en aðrir gætu túlkað sköpunarsöguna öðruvísi. Textar í Biblíunni endurspeglar annan menningarheim en er í dag. Endurspeglar það valdamisræmi sem var þá og er

enn víða um heim. Kirkja sjöunda dags adventista er heimssamtök og því svoltið tekist á um ýmsa hluti í kosningum því menning landanna sem við störfum í er mismunandi. Á Íslandi hefur starfað kvenprestur og í Afríku þó nokkrir," segir Gavin. „Við erum að færast í átt að jafnrétti.“

En samkynhneigð? Er samkynhneigðum útskýfað úr söfnuðinum? „Samkynhneigðir geta verið í söfnuðinum en það er ætlast til þess að þeir stundi skírlífi. Þetta er grundvallarreglan," segir Gavin. „Aðvitað breytast samfélög og menning þeirra. Margt er breytt, en þetta breytist ekki og er grundvallarregla, hjónaband karls og konu sem við höldum í heiðri.“

Eitt af því sem einkennir adventista er áhersla þeirra á sjálfsrækt. Þeir leggja mikla áherslu á að safnaðar meðlimir hlúi jafnhliða að sál, huga og líkama. „Við borðum hina upprunalegu fæðu sem Guð gaf mannum samanþar sköpunarsöguna. Borðum helst hreina fæðu. Í dæmisögunni um Örkina hans Nóa sem við segjum gjarnan börnum er talað um dýrin á leið til arkarinnar. Sum dýr komu í þöfum, tvö og tvö. Þau teljast til óhreinna fæðu. Önnur komu sjö og sjö saman og teljast til hreinnar fæðu. Við borðum ekki svínakjöt, ekki krabbakjöt," segir Gavin og staðfestir einnig að helst eigi adventistar ekki að borða annan fisk en með hreistur. Sum sé ekki skötusel. Það má heldur ekki borða sel eða hval. „Okkur finnst mikilvægt að aðhyllast grænmetisæði.“

Adventistar eru á móti reykingum, áfengis- og eiturflyfjaneyslu. Leggja ríka áherslu á hvíld. Ekki bara á laugardögum heldur líka í lifinu sjálfu til að gæta að andlegri heilsu. Gavin útskýrir þessa sterku áherslu adventista. „Í sköpunarsögunni er talað um að maðurinn sé skapaður í mynd Guðs. Við erum hugur, sál og líkami og adventistar hafa alltaf haft mjög skýran skilning á tengslum hugar, sálar og líkama. Kristnir leiðtogar vilja sumir einblína á andlegu hliðina, við viljum líta á alla þessa þætti sem samverkandi heild. Ef við erum líkamlega veik þá hefur það áhrif á hugann. Mannleg tilvera í mynd Guðs snýst um að leggja rækt við alla þessa þætti til þess að vera sú manneskja sem Guð vill að við séum.“

Ekki besta útgáfan að sjálfum þér, heldur besta útgáfan sem Guð vill að þú sért? „Já, þetta er í tísku núna. Sjálfsrækt sem adventistar hafa lagt áherslu á í meira en öld," segir Gavin og brosir.

„Við reukum fjölmörg sjúkrahús víða um heim þar sem eru stund- aðar rannsóknir um þessa samverkandi þætti," segir Gavin og greinir til að mynda frá verkefni í kirkjunni sem hann var prestur í á Írlandi. „Við vorum með prógramm fyrir þunglynda sem læknað komu að í kirkjunni. Við viljum aðstoða fólk við að lifa í Guðs mynd og heilsu- samlegum lífsstíl. Viljum hjálpa fólk að takast á við sjúkleika. Sam- band okkar við Guð verður betra þegar við búum við góða heilsu.“

Adventistar hafa ekki viljað reka spítala hér á landi? „Nei, það er dýrt og krefst meiri mannafla en við höfum yfir að ráða hér á landi," segir Gavin. „En okkur hefur auðnast að reka hér skóla," segir hann og lítur út um gluggann að Suðurhlíðarskóla þar sem eiginkona hans starfar sem kennari.

Sjúkrahúsið í Celebration

„Þú veist um bæinn Celebration sem Disney byggði í Flórída?" spyr Gavin. Það rifjast upp fyrir blaðamanni fréttir frá tíunda áratugnum af þorpi sem átti að verða eins konar fyrirmyndarþorp í heimi sem hafði farið villur vegar. Útþýpa. Í Celebration átti að leggja áherslu á ferska fæðu og hreyfingu. Áfangastaður sálarinnar var slagorðið eitt sinn.



6 kirkjur

Söfnuðurinn rekur

kirkjur á Akureyri, í Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Reykjavík, á Selfossi og í Vestmannaeyjum.




1 skóli

Söfnuðurinn á og rekur

Suðurhlíðarskóla sem þó er opinn börnum úr öðrum trúfélögum.

Gavin segir frá því að Disney hafi valið sjöunda dags adventista til að reka sjúkrahús bæjarins eftir stórt útbod. Og þar kemur litríki kassinn við sögu og útskýrir heilsustefnu adventista sem þeir hafa stundum kynnt sem Creation Health. C Stendur fyrir Choice eða val. R stendur fyrir Rest eða hvíld. E stendur fyrir Environment eða umhverfi. A stendur fyrir Activity eða virkni. I stendur fyrir Interpersonal relations eða tengslanet. O stendur fyrir Outlook eða viðhorf og N stendur fyrir Nutrition eða næringu.

„Hér er hugtakinu heilsa skipt upp í átta þætti til einföldunar og þetta er áhugaverð leið sem nær til margra. Fólk nær virkilega árangri með því að skoða þetta í einföldum skrefum," segir Gavin og bendir á



Raufarhólshellir FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kynna skaparann í Raufarhólshelli

Opnað var fyrir gestí í Raufarhólshelli í Leitarhrauni austan Bláfjalla í Prengslunum í sumar og kostar 6.400 krónur að skoða hellinn. Í sumar heimsóttu tíu þúsund manns hellinn. Landið er í eigu Kirkju sjöunda dags adventista sem leigir fyrir tækinu Raufarhól landið. Stærsti fjárfestirinn er fjárfestingarsjóður á vegum Landsbréfa, Iceland Tourism Fund. Þá er Skúli Sigfússon, kenndur við Subway, einn fjárfesta.

Adventistar ákváðu að taka hellinn í gegn fyrir nokkru. Þóllum var komið upp, stigar hlaðnir og ljósabúnaði komið fyrir. Eiríkur Ingvarsson, adventisti og fjárfestir, var í forsvari fyrir verkefningu og leiddi saman fjárfesta.

Raufarhólshellir vakti mikla athygli eftir að Russell Crowe og Anthony Hopkins voru þar við tökum vegna kvikmyndarinnar Noah.

Adventistakirkjan hefur átt eignina í marga áratugi. Á tímabili fylgdi henni kostnaður en nú gefur hún af sér að sögn Björgvins Ibsen, fjármála- og eignastjóra adventista. Nú þegar hellirinn sé í útleigu og gefi af sér geti söfnuðurinn hugað að fleiri tækifærum.

Með því að leigja Raufarhólshelli hellinn segist söfnuðurinn vera að framvísa og leyfa þeim að sýna gestum sköpunina. Gavin vísar í Matteusarguðspjall í kynningarmyndbandi um hellinn: „Gakk inn í fögnuð herra þíns.“



KYNIN ERU JÖFN FYRIR

GUÐI, BÆÐI KONA OG KARL

ERU SKÖPUÐ Í MYND

GUÐS. MÉR FINNST ÞAÐ

ALVEG SKÝRT.

próf sem kannar hversu vel manneskja stendur að vígi í hverjum þætti. Lesendur geta spreytt sig á slíku prófi í vefútgáfu þessarar greinar.

„Það að manneskja þrífist betur þegar hún leggur alúð við þessa þætti í eigin lífi er ekki bara hug-

myndir eða frasar, heldur stutt af rannsóknunum.“

En hvers vegna er Gavin á Íslandi? Nú, ég á íslenska konu. Ég hef búið og starfað hér áður og líkar vel lífið hér. Ég hef sterka köllun og sannfæringu fyrir því að vera hér á Íslandi. Ég fann það strax þegar ég steig út úr flugvélinni. Hér á ég að vera.“

Gavin vinnur að doktorsritgerð sinni sem fjallar um möguleika einstaklinga til að trúa. Hann vill finna praktískar leiðir fyrir fólk til að lesa Biblíuna. „Það að hjálpa fólk að rækta sambandið við Guð er mitt áhugamál. Upplýsingar einar og sér hjálpa ekki fólk að breytast. Ef ég get hjálpað fólk að lesa Biblíuna þannig að það gagnist, ekki eins og heimspekirit, heldur til að það þroskist í trú sinni þá hef ég gefið fólk von og tækifæri.“

JÓLIN

LAUGARDAGUR 6. JANÚAR 2018

Helgin



Jólin kveðja í dag og síðasti jólasveinninn heldur til fjalla. Margir gera sér dagamun og halda upp á þrettándann. ➔6



Nýtt nikótínlyf: Skammtapokar undir vör

Zonnic mint er nýtt nikótínlyf í mjög nettum skammtapoka sem settur er undir vör. Zonnic mint inniheldur 4 mg af nikótíni í hverjum skammtapoka og er ætlað til meðferðar við tóbaksfíkn og auðveldar þannig fólki að draga úr eða hætta tóbaksnotkun. ➔2

NÝTT ÁR NÝ MÄRKMIÐ

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Stundaskrá gildir frá 8. janúar. Engin binding.

Sjö stöðvar · Þrjár sunlaugar · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS

Framhald af forsiðu →

Zonnic mint skammtapokar (posar) eru sænsk þróun og hafa verið notaðir þar í nokkur ár til að auðvelda fólki að draga úr eða að hætta tóbaksnotkun. Lyfið er einnig komið á markað í Noregi og Finnlandi.

Nikótíníð frásogast í munnholinu

„Zonnic mint skammtapokarnir með nikótíni eru vættir með tungunni og settir undir vörina og geymdir þar.“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Gott er að færa pokann til öðru hvoru með tungunni en það eykur losun nikótínsins úr honum.“ Sumir fá brjóstsvíða og ertingu í maga við notkun á nikótín lyfjatyggigúmmi en munnvatn myndast stöðugt þegar það er tuggið og er síðan kyngt og fer niður í maga. Nikótíníð úr Zonnic skammtapokum frásogast í munnholinu, sem lágmarkar magn nikótíns sem berst

niður í háls og maga, þar sem það getur valdið ertingu.

Hættu á þínum hraða

Zonnic mint hjálpar bæði þeim sem vilja hætta tóbaksnotkun alveg og þeim sem vilja draga úr reykingum og skiptir þá máli að hafa í huga að hver sigarett sem sleppt er að reykja er sigur. Þar sem mjög hátt hlutfall þeirra sem reyna að hætta reykingum hefur aftur tóbaksnotkun er mikilvægt að hver og einn taki ferlið á sínum hraða – sleppi einni sigarettu í einu. Oft á ekki við að nota tóbak og þá er Zonnic mint skammtapoki góð lausn. Þegar fólk vill ekki, getur ekki eða má ekki reykja, t.d. á fundum, í flugvélum eða á veitingahúsum, getur Zonnic mint skammtapokinn hentað vel þar sem hann er það lífill og þunnur að hann sést ekki, nikótíníð losnar úr pokanum yfir lengri tíma og gefur um leið ferskan andardrátt.

Sölustaðir

Zonnic mint inniheldur 4 mg af nikótíni í hverjum skammtapoka og kemur í 20 stk. dósum með skrufloki og barnalæsingu. Salan hófst 1. september og er Zonnic mint komið í sölu í helstu apótekum og í fjölda verslana og bensinstöðva.



Máttu ekki reykja? Zonnic mint skammtapokinn hentar þar.

zonnic®

Ítarlegar upplýsingar um Zonnic mint er að finna á www.zonnic.is.

Athugið að lesa vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari

upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Glucosamin LYFIS við liðverkjum

Glucosamin LYFIS við liðverkjum Glucosamin LYFIS sem ætlað er við vægri til meðalsvæsinni slitgigt í hné. Lyfið fæst án lyfseðils í öllum apótekum. Glucosamin LYFIS er í duftformi í skammtapokum og er leyst upp í vatni. Auðvelt er að taka lyfið inn og einungis þarf að taka það einu sinni á dag.

Fjöldi rannsókna staðfestir virkni glucosamin sulfáts.

„Margar rannsóknir hafa verið gerðar sem staðfesta virkni glucosamin sulfáts við einkennum vægrar til meðalsvæsinna slitgigtar í hné og hefur það lengi verið notað við liðverkjum. Síðan

2007 hefur verið gerð sú krafa að vörur sem innihalda glucosamin séu framleiddar og seldar sem lyf sem tryggir gæði, virkni og öryggi vörunnar,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

Glucosamin sulfát viðheldur gæðum liðvökva og dregur úr niðurbroti brjósks

Glucosamin LYFIS inniheldur glucosamin sulfát sem er eðlilegur efnisþáttur í liðbrjóski og liðvökva. Rannsóknir hafa sýnt að inntaka glucosamin sulfáts örvar nýmyndun mikilvægra „smurefna“ í liðum, m.a. hýalúrónsýru. Auk þess hefur glucosamin sulfát reynst hindra virkni

brjóskeyðandi ensíma sem og myndun annarra vefjaskaðandi efna. Þessi áhrif geta stuðlað að vægri bólgueyðandi verkun.

Vegna verkunarmáta glucosamins geta liðið nokkrar vikur þar til dregur úr einkennum slitgigtar (einkum verkjum).

Glucosamin LYFIS fæst í 30 skammta pökkum í apótekum og er á góðu verði. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



LYFIS

Traust í lyfjum

Glucosamin LYFIS inniheldur glucosamin sulfát í duftformi og eru 30 skammtapokar í hverjum pakka. Duftið er leyst upp í vatni og er því auðvelt til inntöku og einungis þarf að taka einn skammt á dag.



Liðverkir hrjá fjölda fólks og mikið mæðir á hnjáliðum sem eru stærstu liðir líkamans. Brjósök og liðvökvi eiga stóran þátt í hreyfanleika liða og þegar skemmdir verða minnkar hreyfanleiki og verkir geta komið fram.

- Glucosamin LYFIS hentar fyrir þá sem finna fyrir liðverkjum vegna slitgigtar
- Glucosamin er náttúrulegur efnisþáttur í liðbrjóski og liðvökva
- Fjöldi rannsókna á glucosamin sulfáti staðfestir virkni þess
- Einn skammtur á dag
- Leyst upp í vatni – auðvelt að taka inn
- Nær bragðlaust
- Ódýr valkostur



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarféni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@365.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@365.is, s. 512 5338

Sölu menn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelms-son, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Ruth Bergsdóttir, ruth@365.is, s. 512 5095,

Heilbrigð melting með Active Liver

Fita getur sest víða á líkamann, meðal annars innan í lifriferin, þar á meðal lifrinni. Active Liver stuðlar að eðlilegum efnaskiptum. Jóna Hjálmarsdóttir hefur mjög góða reynslu af Active Liver.

Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur veldur of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins. Matur, sem neytt er nú á dögum, inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Mikil neysla kolvetna getur haft áhrif á óhóflega uppsöfnun þriglýseríða í lifrinni. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætíðistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar aminosýruna hómósysteín.

Góður árangur

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúrulegum efnum í vörnunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvitund um líkamstarfseminu og veit að fita getur

» Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd.



safnast í lifrinni, þess vegna vildi ég prófa.“ Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér.

„Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira

og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri.“ segir Jóna.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

Brizo veitir lausn við óþægindum við þvaglát

Ég hef notað Brizo og er ánægður með hversu vel það hefur reynst mér. Ég er 69 ára og var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Þetta var óþægilegt og mér líkaði ekki ástandið,“ segir Skúli Sigurðarson.

„Ég vildi forðast að nota lyf, leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst að prófa mánaðarskammt af Brizo og fann fljótt að mér leið betur. Áhrifin eru minni þrýstingur á blöðrunni og þvagrásina. Ég er mjög ánægður með árangurinn og það, hvernig mér líður af notkun þess.

Ég hef mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geta komið í staðinn fyrir lyf.“



Nú vakna ég úthvildur, segir Skúli.

Brizo hjálpar eftirfarandi:

- Lítil eða slöpp þvagnbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátaþörf
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát
- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát
- Sviði eða sársauki við þvaglát

Vörurnar fást í apótekum, heilsverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



Jóna Hjálmarsdóttir mælir með Active Liver.

ENZYMEDICA®

Ein öflugustu meltingarensím á markaðnum í dag

- Áttu við meltingarvandamál að stríða?
- Ensím eru nauðsynleg fyrir meltingu og öll efnaskipti líkamans.
- Betri melting, meiri orka!
- Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum.
- 100% vegan hylki. Án fylliefna, bindiefna eða annarra flæðiefna.



Ekki lengur útblásin eftir máltíðir!

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en 20 ár og hef tekið töluvert af lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að eiga við magavandamál sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensímum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.“



Útsöluastaðir: Apótekarinn, Fjarðarkaup, Heilsuhúsið og Lyf & Heilsa

Sterk bein fyrir góða daga

Beinþynning er sjúkdómur sem ber að taka alvarlega en beinbrot verða þá við lítið álag og vegna áverka sem nægja að öllu jöfnu ekki til að brjóta heilbrigð bein.

Árlega má rekja 1.600–1.800 beinbrot á Íslandi til beinþynningar en ætla má að önnur hver kona um fimmtugt og fimmti hver karl á Íslandi, megi eiga von á broti síðar á lífsleiðinni. Beinþynning (e. osteoporosis) er sjúkdómur sem ber að taka alvarlega en beinbrot verða þá við lítið álag og vegna áverka sem nægja að öllu jöfnu ekki til að brjóta heilbrigð bein,“ segir Hrönn Hjálmsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

Hvað er beinþéttni?

„Beinþéttni segir til um hversu sterk bein okkar eru. Þegar beinvefurinn, innri hluti beinanna, fer að gisna er talað um að beinþéttni minnki og líkur á beinbrotum vegna álags eða áverka aukast. Fyrstu tvo áratugi ævinnar eru beinin að þéttast og þá, eins og alltaf, skiptir næringin öllu máli,“ útskýrir Hrönn. „Við verðum bæði að fá nægilegt kalk og nægilegt magn af D-vítamíni til að byggja upp sterk bein. Upp úr 30 ára aldri fer að draga úr beinþéttinni og þá getur skipt máli hversu góð uppbyggingin hefur verið.“

Áhættuþættir

„Um 60-70% af beinþéttni ráðast af erfðabáttum. Hversu þétt beinin eru á yngri árum ræður líka miklu um hvenær þau ná brotastigi. Beinþynning hefst oft hjá konum við tíðahvörf en aðrir þættir sem við getum ekki haft áhrif á eru aldur, kyn og kynstofn.“

Við getum þó eitthvað gert í máluðum því það eru nokkrir þættir sem hægt er að hafa áhrif á:

- Of grannt holdafar (vannæring)
- Kalk- og/eða D-vítamínskortur.
- Reykingar
- Hreyfingarleysi
- Óhollir lífshættir

Einnig hafa ákveðin lyf, eins og sykursterar áhrif.

Næring og þungaberandi æfingar

„Þrátt fyrir að við höfum ekki fulla stjórn á því hversu mikil eða lítil beinþynningin verður þegar við eldumst, getum við haft töluverð áhrif á það og með réttum ákvörðunum jafnvel komið í veg fyrir beinbrot á efri árum,“ segir Hrönn.

„Nægileg kalk- og D-vítamín-

Dagleg hreyfing styrkir beinin. Æfingar þar sem við berum okkar eigin líkamsþyngd eins og göngur og skokk gefa bestan árangur. MYND/ARTASAN




Beinvernd er mikilvæg alla ævi hvort sem einstaklingur hefur beinþynningu eða ekki. Góð bætiefni ásamt reglulegum líkamsæfingum eru nauðsynleg til að fyrirbyggja beinþynningu.

Hrönn Hjálmsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari



neysla ásamt reglulegum líkamsæfingum er nauðsynleg til að fyrirbyggja beinþynningu. D-vítamín þurfum við alltaf að taka inn á bætiefnaformi, alla ævi en það sér um að líkaminn taki upp kalkið úr næringunni. K2-vítamín er ekki síður mikilvægt þar sem það sér um að binda kalkið í beinunum. Svo eigum við að hreyfa okkur alla daga en til að styrkja beinin eru þunga-



berandi æfingar bestar. Það eru æfingar þar sem við berum okkar eigin líkamsþyngd svo sem göngur og skokk og einnig er mjög gott að lyfta lóðum.“

Osteo Advance – fullkomin beinablanda

„Fjöldi rannsókna gegnum tíðina hefur sýnt fram á að dagleg inntaka á kalki og D-vítamíni getur dregið verulega úr líkum á beinbrotum vegna beinþynningar. Fleiri vítamín og steinefni eru þó nauðsynleg

til að viðhalda sterkum beinum en þetta er til dæmis magnesíum og K-vítamín. Osteo Advance frá Natures Aid inniheldur allt það nauðsynlegasta til að viðhalda heilbrigðum beinum og tönnum en það er magnesíum og kalk í réttum hlutföllum ásamt D- og K2-vítamíni og sinki.“

Söluastaðir: Flest apótek og heilsu- búðir.



Osteo Advance frá Natures Aid inniheldur allt það nauðsynlegasta til að viðhalda heilbrigðum beinum og tönnum en það er magnesíum og kalk í réttum hlutföllum ásamt D- og K2-vítamíni og sinki.

Hair, Skin & Nails

Eru hár og húð líflaus og neglurnar farnar að brotna og klopna? Hvað þarf til að breyta því?

- **MSM** sem er græðandi fyrir húð og styrkjandi fyrir hár
- **Kísil** sem örvar efnaskipti og myndun frumna, eykur þéttleika og teygjanleika.
- **Aloe Vera** sem er ríkt af vítamínum og amínósýrum og er rakagefandi
- **Biotin**, kopar og sink sem viðhalda heilbrigðu hári og húð
- **Kelp**, kalk, E & C vítamín

Þessi ofurblanda getur breytt því en hún er sérstaklega samsett til að stuðla að fallegri húð, sterkum nögglum og líflegu hári.



Fæst í apótekum, heilsu- búðum og heilsuhillum verslana.

RISA ÚTSALA

PARKET, FLÍSAM, HURÐIR

40-70%
AFSLÁTTUR

Birgisson[®]

Upphafshátíð hversdagsins

Á þrettándaðnum síðasti sveinstaulinn fór, segir í jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum en þá fór Kertasníkir aftur upp á fjöll og jólunum þar með formlega lokið. Nú hefst hið daglega líf að nýju.

Brynhildur
Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Enginn veit nákvæmlega hvenær Jesús Kristur fæddist. Það stendur hvergi í Biblíunni enda fæðingardagar ekkert endilega taldir mikilvægir en vígsludagar eins og skírnin þeim mun mikilvægari. Af þeim sökum var skírn Krists fagnað í upphafi kristni og fundinn til þess hátíðisdagur sem þegar var fyrir hendi og hitti á 6. janúar ár hvert. Það var almennt viðtekið í upphafi kristni að nýta hátíðisdaga sem til voru fyrir, til dæmis voru þær hátíðir sem fagna árstíðum eins endurkomu sólar eða jafndægum á vori í eldri trúarbrögðum en í kristni gjarna endurnýttir til að fagna viðburðum í lífi Jesú.

Fæðing Krists þótti smám saman vera meira tilefni til fagnaðar og var fundinn staður á hinna fornu sólhátíð 25. desember þar sem sú dagsetning passaði vel við skírnarhátíðina sem þegar var fagnað en þá var heimsóknar Austurlandavitrिंगanna líka minnst enda eru það vitringarnir sem koma með jólagjafirnar á þrettándaðnum í sumum útgáfum af kristni. Nokkur átök voru milli kirkjudeilda þegar sú ákvörðun var tekin að færa fæðingardag Krists og málamíðlunin að hafa alla daga milli þessara tveggja dagsetninga hátíðisdaga. Þess vegna höldum við jóli í þrettán daga, auk þess sem talan þrettán hefur löngum haft ýmsa merkingu og til dæmis eru þrettán tungl á hverju ári.

Á Íslandi var þrettándinn almennur frídagur fram til ársins 1770 og einnig þriðji í jólum, þriðji í páskum og þriðji í hvítasunnu. Danska kónginnum fannst heldur mikið af helgi hjá verkalyðnum íslenska og því voru þessir frídagar afnumdir. Margir fagna þó þrettándaðnum vel og má segja að hann sé eins konar endaloka-hátíð, fólk notar tækifærið til að halda síðasta jólaboðið og klára síðustu smákökurnar, sest niður og nýtur jólaskeytinganna og trésins áður en allt er tekið niður og sett í geymsluna til næstu jóla og svo er líka algennt að klára það sem hófst á gamlárskvöld, sprengja síðustu flugeldana, halda brennu þar sem bæði eru brennd burtu jólin og



Jólasveinar, álfar og tröll heimsækja gjarna þrettándaðbrennur til að kveðja áður en hversdagurinn tekur við að nýju.

gamla árið og strengja heit sem er miklu auðveldara að halda þegar smákökurnar eru búnar og hátíða-höldum linnir.

Ýmis þjóðtrú sem tengist nýársnótt er líka talin eiga við á þrettánda-

anum. Þá er talað um að selir fari úr hömum sínum, álfar flytji búferlum og kýr tali mannamál. Mönnum er ekki ráðlagt að vera á ferli þar sem þessar athafnir eiga sér stað því þá geti þeir orðið ærir. Sem er ekki

ólíkleg skilgreining á hegðun þess sem segist hafa verið að spjalla við kýr.

Það tíðkast á mörgum stöðum á Íslandi að halda veglega upp á þrettándaðnum og munu þrettánda-

brennur loga víða í kvöld. Búast má við að álfar og huldufólk láti sjá sig á kringum þær, jafnvel jólasveinar og foreldrar þeirra. Og fjöldi Íslendinga sem vilja kveðja jólin með stæl og fagna komu hversdagsins.



Fiesta de Mexico hentar frábærlega á allt grænmeti.

Arabískar nætur er sjö kryddablandan ættuð frá Líbanon í grænmetisrétti

Reykt paprika bitur aðeins en er góð í marga grænmetisrétti.

Eðalsteik og grillblandan er góð fyrir tofusteikina.

Fiskikrydd er gott í grænmetis-súpur- og rétti.

Lamb Islandia er frábært á alla kartöflurétti og á kjúklingabaunarétti.



Krydd fyrir
VEGAN
matreiðslu

Benda skal á að öll stök krydd henta í VEGAN matreiðslu s.s. origano, basilikum, steinselja og fleiri. Töfrakryddið og ítalskt panini henta ekki í VEGAN matreiðslu því þau innihalda ostaduft.

Kryddin frá okkur eru ómissandi í eldhúsið hjá ykkur

Við leitum að kraftmiklum stjórnendum

Útibússtjórar á Egilsstöðum og í Reykjanesbæ

Við óskum eftir öflugum einstaklingum til að leiða útibú okkar á Egilsstöðum og í Reykjanesbæ. **Um er að ræða tvö spennandi og fjölbreytt störf sem krefjast frumkvæðis og leiðtogahæfileika.**

Við leitum að einstaklingum:

- › með reynslu og hæfileika á sviði stjórnunar
- › sem hafa góða þekkingu og reynslu af þjónustu á viðkomandi svæði
- › sem eru framsýnir, skipulagðir og með mikla þjónustulund
- › með háskólamenntun og/eða iðnmenntun sem nýtist í starfi

Störfin fela í sér:

- › umsjón og ábyrgð á rekstri útibúanna
- › ráðgjöf um sölu trygginga og umsýslu tjóna
- › viðhald og uppbyggingu viðskiptatengsla á svæðunum
- › ábyrgð á að tryggja framúrskarandi þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur fólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaðþjónustu. Kannanir sýna að starfsánægja hjá Sjóvá er með því allra mesta sem mælist hérlandis.

Umsóknum skal skila á
www.sjova.is/starfsumsoknir.
Umsóknarfrestur er til og með
15. janúar 2018.

Nánari upplýsingar veitir María Guðmundsdóttir,
forstöðumaður útibúa á Sölu- og ráðgjafasviði,
í síma 440 2000 eða maria.gudmundsdottir@sjova.is.

SJÓVÁ

Advania leitar að öflugu

Advania er lifandi þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Framundan eru ný og spennandi verkefni og þess vegna leitum við að metnaðargjörnunni fólki.

Ráðgjafi

Hefur þú reynslu af stjórnendaráðgjöf og færni í greiningu, framsetningu upplýsinga og kynningarhaldi? Við leitum að liðsauka á nýstofnað ráðgjafasvið, þar sem áhersla er á almenna stjórnendaráðgjöf með tæknilegu ívafi.

Um er að ræða spennandi tækifæri til taka þátt í mótun vöru- og þjónustuframboðs Advania á sviði stjórnendaráðgjafa. Meðal helstu verkefna er ráðgjöf um stafræna umbreytingu (Digital Transformation) og sjálfvirknivæðingu ferla (Robotics Process Automation).

Verkefnastjóri

Hefur þú reynslu af framendaforritun og Agile-vinnubrögðum? Við leitum að metnaðarfullum verkefnastjóra til að samræma stafræna samskiptamáta viðskiptavina okkar. Í starfinu felst að greina þarfir notenda, fylgjast með nýjungum og þróa viðmót lausna í náinni samvinnu við samstarfsfólk og viðskiptavini.

Sölusérfræðingur: viðskiptalausnir

Kemur þú vel fram og hefur gaman af því að tala við fólk? Við leitum að sölusérfræðingi til að sjá um sölu viðskiptalausna Advania. Lausnirnar eru meðal annars fjárhagskerfi Microsoft, viðskiptagreiningartól, og hópvinna-, vef- og mannauðslausnir.

Söluráðgjafi: hýsing og þjónusta

Hefur þú góða tækniþekkingu og reynslu af tilboðs- og samningagerð? Við leitum að liðsauka í söluteymi með áherslu á hýsingar- og rekstrarlausnir. Í starfinu felast almenn söluverkefni og kynningar á lausnamengi Advania.

Vefforritari

Hefur þú gott auga fyrir útliti og hönnun vefja? Við leitum að skapandi og reynslumiklum vefforritara til að vinna að þróun vefja með teymi hugbúnaðarsérfræðinga.

Forritari/ráðgjafi í SharePoint

Við leitum að manneskju sem getur veitt ráðgjöf um SharePoint-lausnir og séð um forritun og aðlögun þeirra. Í starfinu felst að vinna með fjölbreyttum hópi viðskiptavina og hjálpa þeim að greina kjarnann frá hisminu.

Forritari: Blockchain

Hefur þú reynslu af framendaforritun og Agile-vinnubrögðum? Við leitum að forritara sem mun í samráði við viðskiptavini og samstarfsfólk koma að þróun nýrra verkefna sem byggja á Blockchain-tækni.

Söluráðgjafi: netlausnir og rekstur

Ert þú reynslumikill söluráðgjafi með bakgrunn í kerfisfræði eða öðru sambærilegu? Við leitum að söluráðgjafa með reynslu úr heimi upplýsingatækninnar til að starfa í hópi sérfræðinga sem kynna netlausnir og veita viðskiptavinum ráðgjöf.

Launafulltrúi

Við leitum að talnaglögnum launafulltrúa með góða almenna tölvukunnáttu. Mikill kostur er að hafa þekkingu á H3-launakerfinu. Í starfinu felst að veita ráðgjöf og sinna fjölbreyttum verkefnum sem tengjast launavinnslu.

Ráðgjafi: UT öryggismál

Hefur þú brennandi áhuga á öryggismálum og reynslu af rekstri netkerfa? Við leitum að ráðgjafa í teymi reynslumikilla sérfræðinga sem sinna úttektum, hönnun og innleiðingu nýrra kerfa. Í starfinu felast einnig sérhæfð ráðgjafaverkefni og nán samvinna með viðskiptavinum og samstarfsaðilum Advania á sviði öryggismála, svo sem Trend Micro, RSA og Qualys.

Hugbúnaðarsérfræðingur: afgreiðslulausnir / fjármálalausnir

Hefur þú reynslu af hugbúnaðargerð og átt auðvelt með að tileinka þér nýja tækni við smíði hugbúnaðarlausna? Við leitum að tveimur hugbúnaðarsérfræðingum, einum til starfa í afgreiðslulausnahópi og öðrum í fjármálalausnahópi.

Sérfræðingur: rekstrarlausnir

Hefur þú reynslu af íslenska UT-markaðnum, verkefnastjórnun og ráðgjöf í upplýsingatækni? Við leitum að sérfræðingi til að sjá um vöruþróun og uppbyggingu nýrra dreifileiða á netinu. Meðal helstu verkefna er að finna leiðir til að auðvelda viðskiptavinum aðgengi að vörum og þjónustu Advania.

Kynntu þér störfn nána á www.advania.is/atvinna.
Nánari upplýsingar veitir Sigríður Gisela Stefánsdóttir,
radningar@advania.is / 440 9000.

Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og svara lausnir fyrirtækisins þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og er vinnutíminn sveigjanlegur. Ef þú leitar að spennandi verkefnum, góðu vinnuumhverfi og hressum vinnufélögum, þá finnur þú það hjá okkur. Við viljum nefnilega vera besti vinnustaður landsins!



fólki

Gagnagrunnssérfræðingur

Hefur þú góða þekkingu á gagnagrunnum og högun þeirra? Við leitum að sérfræðingi til að sjá um hönnun, þróun og viðhald á gagnagrunnskerfum mannauðslausnasviðs. Við leitum að manneskju með metnað fyrir því að gera upplýsingatækni aðgengilega og mannlega.

Kerfisstjóri: Dynamics NAV

Við leitum að kerfisstjóra með reynslu af Microsoft Dynamics NAV og þeirri högun sem þarf til að reka slíkt umhverfi. Í starfinu felst meðal annars uppsetning miðlægs búnaðar og umhverfisins sem keyrir NAV. Við leitum að manneskju með góða þekkingu á SQL og rekstri flókinna umhverfa í Azure.

Ráðgjafar: Dynamics NAV

Hefur þú góða tækniþekkingu og reynslu af fjárhagskerfum og ráðgjöf? Við leitum að liprum ráðgjöfum til að þjónusta viðskiptavinum við Dynamics NAV. Störfin fela meðal annars í sér aðkomu að innleiðingar- og uppfærsluverkefnum.

Forritarar: Dynamics NAV

Hefur þú góða þekkingu á Visual Studio, .NET og SQL og kannast jafnvel við Dynamics NAV? Við leitum að öflugum forriturum í teymi sem sér um forritun lausna í Dynamics NAV.





HEKLA hf. óskar eftir að ráða kröftugan markaðsstjóra.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Stjórnun og stefnumótun markaðsmála HEKLU.
- Ábyrgð á daglegum rekstri og stýringu markaðsdeilda.
- Framkvæmd og eftirfylgni markaðs- og kostnaðaráætlana.
- Yfirumsjón með viðburðum, auglýsingum og kynningarefni.
- Samskipti við fjölmiðla.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Starfsreynsla í markaðsmálum.
- Framhaldsmenntun á sviði markaðsfræða er kostur.
- Leiðtoga- og stjórnendahæfni.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku.
- Metnaður til að ná árangri í starfi.
- Framúrskarandi samskiptafærni og hugmyndaauðgi.

Yfir 130 manns starfa hjá HEKLU hf. en félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.

Höfuðstöðvar HEKLU hf. eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík og umboðsmenn eru um land allt.

Áhugasamir umsækjendur sendi ítarlega ferilskrá og kynningarbréf gegnum heimasíðu HEKLU www.hekla.is
Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Dröfn Ámundadóttir, mannauðsstjóri í síma 590 5000 eða gegnum tölvupóstfangið sigridur@hekla.is



HÉÐINN

Héðinn hf. er eitt stærsta fyrirtæki landsins í málmíðnaði og véltækni, með 120 starfsmenn. Starfsemin skiptist í tæknideild, véladeild, plötuverkstæði, renniverkstæði og Rolls-Royce Marine þjónustu. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Gjúhelli 4 í Hafnarfirði, en einnig rekur Héðinn þjónustuverkstæði á Grundartanga.

Gjaldkeri 50% starf - Hafnarfjörður

Héðinn hf. óskar eftir að ráða öflugan gjaldkera til starfa. Starfið er laust strax.

Starfssvið:

- Bókun inngreiðslna, innheimta, greiðsla innlendra reikninga, útsending greiðsluseðla, launaútreikningur og tengd verkefni.

Hæfniskröfur:

- Reynsla/þekking á framangreindu starfssviði er nauðsynleg.



Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Markaðsstofa Vesturlands er hlutafélag í eigu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, en hlutverk hennar er að kynna og markaðssetja Vesturland fyrir innlendum og erlendum ferðamönnum. Starfsmenn Markaðsstofu Vesturlands eru þrjár talsins og skrifstofa hennar er í Borgarnesi. Forstöðumaður starfar að verkefnum á öllu Vesturlandi.

Markaðsstofa Vesturlands óskar eftir að ráða forstöðumann

Starfssvið

- Ábyrgð á rekstri Markaðsstofu Vesturlands
- Ábyrgð á samræmingu markaðs- og kynningarmála í ferðaþjónustu á Vesturlandi
- Vinna að markaðssetningu og vörubrúun í ferðaþjónustu á Vesturlandi
- Samskipti við ferðaþjónustuaðila, sveitarfélög og opinberar stofnanir
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og stefnumótun er kostur
- Þekking á ferðaþjónustu og mannlífi, menningu og náttúrufari á Vesturlandi er kostur
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Frumkvæði, fagmennska og geta til að vinna sjálfstætt
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta, þekking á samskiptamiðlum og markaðssetningu á netinu.



Upplýsingar veita:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Gyða Kristjánsdóttir
gyda@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2018

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Fasteignasafn Regins telur 120 fasteignir og er heildarstærð safnsins um 322 þúsund fermetrar. Félagið er hlutfélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands.

Spennandi störf hjá Regin fasteignafélagi

Mörg verkefni eru framundan á nýju ári hjá einu stærsta fasteignafélagi landsins. Við leitum því að öflugum og kraftmiklu fólki til að slást í hópinn. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá okkur.

Umsjón fasteigna

Verksvið

- Umsjón og stýring á daglegum rekstri stærstu eigna félagsins m.a. öryggisgæslu, ræstingu, húsvörslu og viðhaldi
- Starfsmannahald, skipulag vakta og mönnun þeirra
- Samskipti við leigutaka, þjónustu- og eftirlitsaðila
- Umsjón og eftirlit með þjónustusamningum og viðhaldi
- Þátttaka í gerð rekstrar- og viðhaldsáætlana og eftirfylgni þeirra

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, iðnmenntun æskileg þó ekki nauðsynleg
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Jákvætt viðmót og þjónustulund

Iðnaðarmenn / húsvörður

Verksvið

- Viðhald fasteigna og lóða
- Umsjón og eftirlit með húskerfum
- Samskipti við verktaka, þjónustuaðila og leigutaka
- Uppsetning búnaðar, m.a. í tengslum við viðburði
- Almenn innkaup og öflun efnis til viðhalds fasteigna

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í iðngrein eða önnur menntun sem nýtist
- Handlagi, útsjónarsemi og metnaður
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Góð íslensku- og enskukunnátta kostur
- Jákvætt viðmót og þjónustulund

Starfsmaður á þjónustuborði Smáralindar

Verksvið

- Framkvæmd daglegra verkefna við rekstur þjónustuborðs
- Samskipti við leigutaka og gesti
- Sala gjafakorta og uppgjör
- Símavarsla
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Lágmarksaldur 21 árs
- Reynsla af þjónustustörfum skilyrði
- Jákvætt viðmót og þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli



Upplýsingar veita:
Gyða Kristjánsdóttir
gyda@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 16. janúar nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI Í SUMAR?



SUMARSTÖRF Í FLUGVERNDARDEILD

Við leitum að einstaklega þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklausum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi. Óskað er eftir starfsfólki bæði í hluta- og heilsdagsstörf en um er að ræða vaktavinnu. Helstu verkefni felast m.a. í vopna- og öryggisleit, og eftirliti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á flughlöðum á Keflavíkurlugvelli.

Hæfniskröfur

- Aldurstakmark 18 ár
- Hafa gott vald á íslenski og enski tungu bæði í rituðu og mæltu máli
- Hafa rétta litaskynjun
- Lágmark tveggja ára framhaldsmenntun eða sambærilega
- Þjónustulund

Allir umsækjendur þurfa að geta sótt undirbúningsnámskeið áður en þeir hefja störf og standast próf í lok námskeiðs.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í maí og unnið út ágúst.

Umsóknarfrestur til og með 21. janúar.

SUMARSTÖRF Í REKSTRARSTJÓRNSTÖÐ

Ertu um borð í tæknihraðlestinni?

Fylgir þolinmæðin þér í hvert fótímal?

Leynist ráðgjafi innra með þér?

Gæti verið að greiðslustýring sé millinafnið þitt?

Eru samskipti sérsvið þitt?

Er nákvæmni þér í blóð borin?

Langar þig að koma í liðið okkar?

Um starfið

Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Hlutverk sviðsins er m.a. að sjá um greiðslustýringu fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og þær ríkisstofnanir sem þess óska. Þá annast sviðið móttöku á innheimtu frá innheimtuembættum ríkisins ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum fyrir ríkissjóð

Helstu verkefni og ábyrgð

Taka þátt í þróun og rekstri á útgreiðslum fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir Uppgjör og afstemmingar
Koma að sjóðstreymisáætlun fyrir ríkissjóð og greiðslu á framlagsfé Samskipti við stofnanir ríkisins, lánastofnanir og lánadrottna
Önnur verkefni er tengjast greiðslustýringu fyrir ríkissjóð

Hæfniskröfur

Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða góð reynsla af ofantöldum verkefnum Góð þekking á upplýsingatæknimálum er æskileg
Þekking á Orra er kostur
Góð kunnátta á Excel
Skipulagshæfni
Sjálfstæði í vinnubrögðum
Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veita:

Pétur Ó. Einarsson mannauðsstjóri - sími 545-7500

Vilhjálmur Örn Sigurhjártarson forstöðumaður á fjárreiðusviði - sími 545-7500

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 22.01.2018

Sótt er rafrænt um störfín á www.starfatorg.is

Laun skv. gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins hafa gert



Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Kópavogsbær óskar eftir aðstoðarbyggingarfulltrúa

Kópavogsbær auglýsir laust til umsóknar starf aðstoðarbyggingarfulltrúa. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í góðu starfsumhverfi hjá metnaðarfullu sveitarfélagi sem er í mikilli uppbyggingu.

Helstu verkefni

- Yfirfer sérteikningar og hönnunargögn í samræmi við byggingarreglugerð.
- Annast öryggis- og lokaúttektir.
- Annast samskipti við eldvarnar- og heilbrigðiseftirlit.
- Vinnur að áfanga- og stöðuúttektum.
- Er staðgengill byggingarfulltrúa.
- Annast almenna upplýsingagjöf varðandi byggingarmál.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði á byggingarsviði.
- Viðtæk og góð reynsla af byggingarmálum.
- Löggildur mannvirkjahönnuður.
- Reynsla í opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Góð tölvufærni
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Frekari upplýsingar

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi háskólafélags.

Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar 2018.

Upplýsingar veitir Valdimar Gunnarsson byggingarfulltrúi í síma 441-0000 eða í tölvupósti valdimarg@kopavogur.is

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Iðjubjálfi

Hefur þú áhuga á að vinna við félagsstarf aldraðra?

Við á Sólvangi óskum eftir að ráða iðjubjálfa til starfa í 80-90% starfshlutfall.

Staðan er laus frá og með 1. apríl en kostur ef starfsmaður getur byrjað fyrr.

Hlutverk:

- Sjá um og skipuleggja dægradvöl aldraðra
- Hafa yfirumsjón með félagsstarfi íbúa hjúkrunarheimilisins
- Eiga í samstarfi við félagsþjónustu Hafnarfjarðar og heimahjúkrun

Hæfniskröfur:

- Íslenskt starfsleyfi sem iðjubjálfi
- Reynsla af félagsstarfi aldraðra kostur
- Góð samskiptahæfni
- Skipulögð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og metnaður í starfi

Sólvangur er rótgróið hjúkrunarheimili í fallegu hverfi sem mun taka á sig nýja mynd haustið 2018 þegar nýtt hjúkrunarheimili verður tekið í notkun.

Það eru því spennandi tímar framundan. Viltu vera með?

Upplýsingar veitir Hildur Björk Sigurðardóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á netfanginu hildur@solvangur.is



IVF-kliníkin Reykjavík

Fósturfræðingur við IVF klíníkina Reykjavík

Við viljum bæta við okkur starfsmann á rannsóknastofuna á IVF klíníkina Reykjavík. IVF klíníkin Reykjavík er einkarekin deild sérhæfð í rannsóknum og meðferðum á ófrjósemi. Við framkvæmum meðal annars tæknisæðingar, glasafrjóvganir og smásjárfrjóvganir. Við vitum að meðferð sem mætir þörfum sjúklinga og tekur tillit til bæði líkamlegra og sálrænna þátta er forsenda þess að ná besta mögulega árangri.

IVF klíníkin Reykjavík er rekin af IVF Sverige sem er stærsti aðilinn í meðferðum á ófrjósemi á Norðurlöndunum. Fyrirtækið er samsett af 9 tæknifrjóvgunardeildum í Svíþjóð, Noregi og Íslandi með 170 starfsmenn.

Verkefni

IVF klíníkin er að leita að nýjum starfsmanni á sérhæfða tæknifrjóvgunarrannsóknarstofu. Verkefni sem tilheyra starfinu eru meðhöndlun eggja og sæðis, ræktun og meðhöndlun fósturvísa, smásjárfrjóvgun, ásamt frýstingu eggja, sæðis og fósturvísa.

Ert það þú sem við erum að leita að?

Við erum að leita að þér sem ert með líffræði eða lífeindafræði menntun. Þú þarft að hafa reynslu af frumrannsóknarstofu og frumuræktunum og helst af öllu hefurðu reynslu eða menntun á sviði tæknifrjóvgana.

Vinnan okkar er teymisvinna og því er mjög mikilvægt að þú hafir mjög góða samskiptahæfileika og njótir þess að vinna með öðrum. Fyrir þér eru gæðastarf og nákvæmni sjálfsagðir hlutir og þú ræður við að vinna skilvirkt og af yfirvegun á álagstoppum. Þú hefur ríka ábyrgðartilfinningu, þjónustulund og metnað til að sinna markmiðum deildarinnar um stöðugt betri starfsemi í þágu sjúklinganna.

Vinnutími

80-100% starf samkvæmt samkomulagi sem unnið er frá 8-16 á virkum dögum ásamt helgarvinnu 1-2 helgar í mánuði. Í fyrstu verður ráðið til reynslu í 6 mánuði.

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Við leitum að hönnunar snillingi til að ganga til liðs við okkur hjá ELKO. Starfið felur í sér hönnun og framleiðslu á markaðsefni fyrir ELKO svo sem ELKO blaðið, auglýsingar, merkingar, efni fyrir samfélagsmiðla, tölvupóst og fleira. Um er að ræða 100% starf í líflegu og fjölbreytilegu starfsumhverfi.

HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla við grafíska hönnun
- Góð kunnátta í myndvinnsluforritum, s.s. InDesign, Photoshop, Illustrator, er skilyrði
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og áreiðanleiki
- Hæfileiki til að vinna í hópi sem og sjálfstætt

ÁBYRGÐ OG VERKEFNI:

- Uppsetning á auglýsingum fyrir prent og vefmiðla
- Uppsetning á auglýsingaskiltum og merkingum í búðir
- Prófarkalestur
- Gæðaeftirlit á markaðsefni

Umsóknir ásamt ferilskrá og sýnishorni af verkum óskast sendar í gegnum ráðningavef ELKO, www.elko.is/storf

Upplýsingar um starfið veitir Bragi Þór Antoníusson, Markaðsstjóri (bragi@elko.is)

Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar



Verkefnastjóri HáAust

Starfshópur um uppbyggingu háskólaseturs Austfjarða auglýsir eftir verkefnastjóra. Leitað er að kraftmiklum og úrræðagóðum aðila með brennandi áhuga á umbótaverkefnum byggðarlaga og uppbyggingarstarfi í háskólaumhverfi. Meðal verkefna er greining á þörfum fyrir háskólasetur og mótun framtíðarsýnar fyrir svæðisbundna háskólamenntun. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Umsóknarfrestur

22. janúar

Starfssvið

- Stefnumörkun, þarfagreining, daglegur rekstur og þróun á verkefnum.
- Umsjón og eftirlit með verkefnum.
- Starfsmaður stýrihóps.
- Fjármál og rekstur.
- Kynningarmál og samskipti við fjölmiðla.
- Umsjón með gerð aðildarsamninga.

Further details about job description and responsibilities can be found in Icelandic and English on www.fjardabyggd.is and on www.capacent.is.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6148

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á grunnstigi sem nýtist í starfi er skilyrði, meistaraþróf er kostur.
- Góð þekking á evrópsku háskólaumhverfi er kostur.
- Góð þekking á íslensku stjórn- og menntakerfi er kostur.
- Reynsla af stjórnun og rekstri / reynsla af verkefnastjórnun.
- Færni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.
- Hugmyndaríki, lausnarmiðun og þolgæði.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Fjarðabyggð, fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu, ásamt Fljótsdalshéraði og Háskólanum á Akureyri vinna að undirbúningi að stofnun Háskólaseturs Austfjarða. Verkefnastjórinn mun leiða undirbúninginn. Ráðið verður í starfið til tveggja ára með möguleika á framlengingu starfsins að þeim tíma liðnum.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Störf hjá Persónuvernd

Persónuvernd stendur á miklum tímamótum þar sem umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á evrópskri persónuverndarlöggjöf. Breytingarnar snerta alla borgara, stofnanir og fyrirtæki landsins – og eru svar löggjafans við tæknibyltingunni og hinni gríðarlegu upplýsingasöfnun og úrvinnslu persónuupplýsinga sem henni fylgir. Leitað er að framúrskarandi einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni með samhentum teymi hjá Persónuvernd.

TVÆR STÖÐUR SÉRFRÆÐINGA Á SVIÐI UPPLÝSINGAÖRYGGIS

Helstu verkefni:

- Ráðgjöf til stofnana, fyrirtækja og almennra borgara.
- Mat á öryggi persónuupplýsinga m.a. með hliðsjón af innbyggðri og sjálfgefni persónuvernd.
- Mat á áhrifum um persónuvernd (DPIA) og ábyrgðarskylda.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6184

Menntunar- og hæfniskröfur:

- BS-gráða í tölvunarfræði, eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af úttektum á upplýsingakerfum er kostur.
- Reynsla af upplýsingaöryggismálum er kostur.
- Nákvæmi, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum.
- Samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum er skilyrði.

TVÆR STÖÐUR LÖGFRÆÐINGA

Helstu verkefni:

- Hefðbundin lögfræðistörf, m.a. vinna að úrskurðum í ágreiningsmálum og álitum.
- Afgreiðsla fyrirspurna.
- Önnur verkefni sem forstjóri kann að fela starfsmanni, m.a. vegna fyrirsjáanlegra breytinga á verkefnum Persónuverndar.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6185

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.
- Mikil áhersla er lögð á gott vald á íslensku og ensku auk færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekking á Norðurlandamáli er kostur.
- Nákvæmi, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum er skilyrði.



Persónuvernd

Persónuvernd er sjálfstætt stjórnvald sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglna settra samkvæmt þeim. Eitt af helstu verkefnum Persónuverndar er að ráðleggja og leiðbeina þeim sem vinna með persónuupplýsingar. Persónuvernd er fjölskylduvænn og samhentur vinnustaður. Persónuvernd var stofnun ársins 2017 í flokki minnstu stofnana.

Umsóknarfrestur

11. janúar

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.

Framkvæmdastjóri

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun hita-, vatns- og fráveitu.

Umsóknarfrestur

30. janúar

Starfssvið

- Daglegur rekstur og stjórnun fyrirtækisins.
- Ábyrgð á fjármálum, áætlanagerð og eftirfylgni áætlana.
- Stjórnun starfsmanna.
- Umsjón með tæknibúnaði og hugbúnaði honum tengdum.
- Umsjón með útboðum framkvæmda.
- Umsjón með eignum og búnaði.
- Tilboðs- og samningagerð.
- Samskipti og samstarf við hagsmunaaðila.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6241

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun og rekstri er nauðsynleg.
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.
- Innsýn og þekking á tæknilegum þáttum í rekstri veitna.
- Reynsla af samningagerð kostur.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku sem og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.



Hitaveita Egilsstaða og Fella er sjálfstætt fyrirtæki í fullri eigu Fljótsdalshéraðs. Fyrirtækið var stofnað 22. mars 1979. Hitaveitan rekur jafnframt vatnsveitu og fráveitukerfi Fljótsdalshéraðs. Virkjunarsvæði HEF er við Urriðavatn í Fellum og við Köldukvísl á Eyvindarárdal. Tæplega 3000 íbúar eru á veitusvæði HEF sem nær yfir þéttbýliskjarnana Egilsstaði og Fellabæ, inn Velli að Úlfsstöðum og út að Þrándarstöðum í Eiðþinghá. Hitaveita Egilsstaða og Fella hefur þau markmið að framleiða orkugjafa, dreifa afurðum fyrirtækisins og styðja við hverja þá starfsemi sem nýtt getur þekkingu og búnað fyrirtækisins.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Akureyrarbær

Sviðsstjóri fræðslusviðs

Starf sviðsstjóra fræðslusviðs er laust til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað og sem sýnt hefur árangur í störfum sínum. Viðkomandi þarf að hafa sterka sýn á skólafélagi Akureyrarbæjar.

Umsóknarfrestur

16. janúar

Starfssvið

- Yfirumsjón með framkvæmd laga og samþykka um fræðslumál, s.s. um rekstur leik-, grunn-, og tónlistarskóla ásamt skólalæðingum á vegum Akureyrarbæjar.
- Hefur forgöngu um mótun faglegrar skólafélagi.
- Er framkvæmdastjóri fræðsluráðs, undirbýr fundi ráðsins og fylgir ákvörðunum þess eftir.
- Er næsti yfirmaður skólafélaga grunn-, leik- og tónlistarskóla og forstöðumanna á skrifstofu fræðslusviðs.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6232

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er skilyrði, framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur.
- Góð þekking á málefnum grunn-, leik- og tónlistarskóla.
- Reynsla og þekking af stjórnun og rekstri er skilyrði.
- Reynsla og þekking af starfsumhverfi opinberrar stjórnarsýslu og starfsmannastjórnun.
- Reynsla og þekking af stjórnarsýslu sveitarfélaga.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf og leita nýrra leiða.
- Leiðtogafærni, frumkvæði, skipulagsfærni og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Teymishugsun, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.



Akureyrarbær

Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.800. Akureyri er mikill menningar- og skólubær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar við botn Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey hluti sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



Verslunarstjóri óskast!

Flying Tiger Copenhagen leitar að áhugasömum og harðduglegum verslunarstjóra í eina af verslun okkar á höfuðborgarsvæðinu

Við segjum það bara hreint út: Það þarf einhvern sérstakan til að vinna í Flying Tiger Copenhagen. Flying Tiger Copenhagen er nefnilega ekki bara búð – það er staður þar sem viðskiptavinum er komið skemmtilega á óvart í hvert sinn sem þeir koma inn til okkar og við vinnum markvisst að því að skapa góða stemmningu í verslunum okkar.

Þú þarft ekki að kunna dönsku þó að við séum dönsk hönnunardeila, en við viljum að þú gleðjir viðskiptavinina, komir stundum á óvart, sért snyrtileg/ur, glaðleg/ur og með ríka þjónustulund.

Reynsla af stjórnun og afgreiðslustörfum er mikilvæg og að geta hafið störf sem fyrst. Ef þú elskar smá hasar, líst vel á Flying Tiger Copenhagen og ert spennur fyrir að stjórna verslun þar sem þú hefur sterka tengingu við bæði viðskiptavininn og vörurnar, þá hvetjum við þig til að senda inn umsókn og ferilskrá á <https://capacent.is/s/6089>. Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2018.

flying tiger
copenhagen

Seðlaver

Framkvæmdastjóri



Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn leita eftir framkvæmdastjóra til að stýra starfsemi sameiginlegs seðlavers bankanna. Um er að ræða sjálfstætt félag þar sem helstu verkefni eru að annast móttöku, talningu og dreifingu seðla og mynta.

Umsóknarfrestur

10. janúar

Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Stjórnun starfsmanna og uppbygging fyrirtækjamenningar
- Samræming verkferla, vinnubragða og stjórnun breytinga
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Samskipti við viðskiptavini, eftirlitsaðila og hagaðila
- Eftirfylgni með stefnu og ákvörðunum stjórnar

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6217

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði
- Reynsla af breytingastjórnun er æskileg
- Reynsla af ferlavinnu og straumlínustjórnun er æskileg
- Reynsla af bankastarfsemi er kostur
- Leiðtogaþæfni og afburða færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun

Capacent – leiðir til árangurs

capacent

Hringrás í Reykjavík

Móttöku- og skrifstofustarf



Hringrás í Reykjavík óskar eftir að ráða þjónustulípran og nákvæman aðila til starfa. Um er að ræða fjölbreytt starf fyrir fjölbreytt einstakling en viðkomandi mun sinna starfi í móttöku og aðstoða við ýmis verkefni á skrifstofu. Vinnutíminn er frá kl. 8-18 mánudaga til fimmtudaga og kl. 8-16 á föstudögum. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til þess að vinna einstaka laugardaga. Starfsstöðin er í Klettagörðum.

Umsóknarfrestur

15. janúar

Starfssvið

- Móttaka og afgreiðsla viðskiptavina.
- Símsvörun.
- Reikningagerð.
- Skipulag aksturs.
- Tímaskráning starfsmanna.
- Innkaup á rekstrarvörum, fæði og fatnaði.
- Ýmis tilfallandi störf.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6248

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking á Navision bókhaldsforriti er kostur.
- Framúrskarandi þjónustulund.
- Nákvæmni og talnagleggi er mikilvæg.

Fyrirtækið Hringrás er leiðandi í endurvinnslu brotajárns og móttöku spilliefna á Íslandi. Hringrás ræður yfir hagkvæmum og góðum tækjakosti sem gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar öflug og góða þjónustu. Hringrás vinnur eftir ströngum reglum gæðastjórnunar sem miða að því að bæta og straumlínulaga starfsemi fyrirtækisins. Hjá Hringrás starfa nú um 50 manns.

Capacent – leiðir til árangurs

capacent

GG Verk

Verkefnastjóri

Vegna stórra verkefna framundan óskar GG Verk ehf. eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í starf verkefnastjóra. Staða verkefnastjóra er ein af lykilstöðum innan fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur

14. janúar

Starfssvið

- Daglegur rekstur verkefna.
- Yfirumsjón með þjálfun og stjórnun framleiðsluteymis.
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana sem og framkvæmd verkþáttarýni.
- Innkaupastjórn, efnissamþykktir og skjölun gæðavottana efnis.
- Dagleg samskipti við verkkaupa og undirverktaka.
- Frávikagreining verkefna, gerð verklokaskýrslu og umsjón með afhendingu verks.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6027

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er skilyrði, menntun á sviði verkfræði er mikill kostur.
- Iðnmenntun í mannvirkjagerð er mikill kostur.
- Mikil reynsla af verkefnastjórnun innan mannvirkjagerðar er skilyrði.
- Þekking á sviði fjármála og rekstrar er kostur.
- Mjög góð tölvufærni er nauðsynleg sem og færni í notkun hugbúnaðar í áætlanagerð.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Mikil framsetningar- og greiningarhæfni á magntölum, rekstri og öðrum gögnum.



GG VERK
byggingaverktaki

GG Verk ehf. var stofnað árið 2006 og eru eigendur þess þriðja kynslóð smiða í fjölskyldu sinni. Eigendur og starfsmenn búa því yfir áratuga reynslu í faginu. Fyrirtækjameningin ber þess einkenni að vera byggð á fjölskyldugrunni en hugmyndafræði og gildi fyrirtækisins taka fyrst og fremst mið af góðum ytri og innri samskiptum þar sem samvinna, þátttaka og teymisvinna gegna veigamiklu hlutverki. GG Verk er í hópi Framúrskarandi fyrirtækja ársins 2017 að mati Creditinfo hf. og hlaut ISO9001 gæðavottun árið 2015.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins, www.ggverk.is.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Íslandspóstur

Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs

Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs fer með faglega forystu, leiðir stefnumótun og veitir ráðgjöf í mannauðsmálum fyrirtækisins. Starfið heyrir undir forstjóra og á viðkomandi sæti í framkvæmdastjórn fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur

16. janúar

Starfssvið

- Forysta og stefnumótun á sviði mannauðsmála.
- Ábyrgð á framkvæmd og þróun starfsmannastefnu.
- Ábyrgð á launavinnslu, áætlanagerð og eftirfylgni.
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur.
- Ábyrgð á starfsþróunar- og fræðslumálum.
- Ráðningar og móttaka nýliða.
- Samskipti við stéttarfélög, þátttaka í samningagerð og túlkun kjarasamninga.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6249

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Víðtæk reynsla og þekking á mannauðsmálum.
- Reynsla af stjórnun og stefnumótunavinnu.
- Þekking og reynsla af kjaramálum.
- Leiðtogaþæfileikar og afburða hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri.
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti.



Hlutverk Íslandspósts er að veita fyrirtækjum, einstaklingum, félögum og stofnunum áreiðanlega þjónustu á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna og á öðrum sviðum sem tengjast þeirri þjónustu. Hjá Íslandspósti starfa um 1.100 starfsmenn í margvíslegum og fjölbreyttum störfum á um 60 starfsstöðvum víðsvegar um landið.



Jafnlaunauittekkt
PwC
2017

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



SÝSLUMAÐURINN

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftirfarandi störf laus til umsókna:

Sérfræðingur við skráningu og eftirlit með heimgistingu - umsóknarfrestur til 12.01.2018

Helstu verkefni:

- Rafrænt eftirlit með skráðri og skráningaskyldri/rekstrarleyfis skyldri starfsemi
- Heldur tölulegar upplýsingar um skráða og skráningaskylda starfsemi
- Greiningarvinna og skýrsluskrif
- Þátttaka í þróun verkefnisins

Skrifstofumaður í dagbók þinglýsinga - umsóknarfrestur til 15.01.2018

Helstu verkefni:

- Dagleg afgreiðsla í dagbók þinglýsinga, s.s. móttaka og yfirferð skjala, skráning, dagbókarfærslur, færa inn stimpilgjald, móttaka greiðslur, innfærslur og aflýsingar
- Afstemmingar og uppgjör á greiðslum
- Upplýsingagjöf og þjónusta við viðskiptavinum
- Úrlausn og bakvinnsla þinglýsingamála

Aðstoð í mótuneyti

- umsóknarfrestur til 22.01.2018

Helstu verkefni

- Aðstoð við matseld
- Umsjón með kaffistöðvum
- Frágangur og uppvask

Nánari upplýsingar um störf, helstu verkefni, hæfniskröfur og umsóknaferli má finna á vef sýslumanna [syslumanna.syslumenn.is/storf](http://syslumenn.is/storf)

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur
s. 458 2000
www.syslumenn.is

VAKA

Vaka leitar að öflugum liðsmönnum

Bílstjóri á dráttarbílfreið

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meirapróf
- Stundvísi og snyrtimennska
- Öguð vinnubrögð
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Vinnuvélaréttindi og/eða kranaréttindi kostur

Sölumaður í varahlutaverslun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Yfirgripsmikil þekking á bifreiðum
- Góð almenna tölvukunnátta
- Stundvísi og snyrtimennska
- Þjónustulund og gott viðmót
- Góð mannleg samskipti
- Vinnuvélaréttindi kostur

Afgreiðsla í móttöku

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta
- Stundvísi og snyrtimennska
- Þjónustulund og gott viðmót
- Góð mannleg samskipti

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Áhugasamir sendi inn umsókn á starf@vakahf.is

Vaka hf. er eitt elsta fyrirtækið í bílabransanum á Íslandi og er með fjölbreytta þjónustu við bíleigendur. Í dag starfar fyrirtækið á hinum ýmsu sviðum s.s. bíla- og tækjaflutningar, dekkjaverkstæði, varahlutasala, dekkjahótel og móttaka förgunarbílfreiða.

Skútuvogi 8 | 104 Reykjavík | Sími: 567 6700 | vakahf.is

Umsóknarfrestur
19. janúar 2018



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérfræðingur í verkefnastjórnun	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201801/018
Sérfræðingur í búnaðarmálum	Matvælastofnun	Reykjavík	201801/017
Sérfræðingur	Dómsmálaráðuneytið	Reykjavík	201801/016
Sérfræðingur á fjárreiðusviði	Fjársýsla ríkisins	Reykjavík	201801/015
Ræstingar, hlutastarf	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201801/014
Sviðsstjóri fjármála- og þjónustu	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201801/013
Starfsmenn í viðgerðir	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201801/012
Sérfræðingur, lánamál ríkisins	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201801/011
Sérfræðingur á sviði jarðskjálftafr.	Íslenskar orkurannsóknir	Reykjavík	201801/010
Lögfræðingur	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun.	Reykjavík	201801/009
Sérfræðingur í úrtaksrannsóknnum	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201801/008
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, útskriftarteymi	Reykjavík	201801/007
Aðstoð í mótuneyti	Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu	Kópavogur	201801/006
Læknanemi, sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201801/005
Matráður	Rannís	Reykjavík	201801/004
Sjúkraliðar	Landspítali, taugalækningadeild	Reykjavík	201801/003
Aðstoðardeildarstjóri	Landspítali, gjörgæsludeild	Reykjavík	201801/002
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201801/001
Prestur í Digranesprestakalli	Biskupsembættið	Kópavogur	201712/1967

Landvernd

Framkvæmdastjóri

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem brennur fyrir náttúru- og umhverfisvernd. Framkvæmdastjóri er málsvari samtakanna og ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
28. janúar

Starfssvið

- Daglegur rekstur og stjórnun samtakanna.
- Umsjón með gerð umsagna og álitsgerða.
- Virk þátttaka í stefnumótun og innleiðingu stefnu.
- Þátttaka í fræðslu, fjáröflun og daglegri starfsemi.
- Regluleg samskipti við fjölmiðla og hagaðila.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/6242

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Umfangsmikil þekking á umhverfismálum og náttúruvernd.
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Leiðtoga-, samskipta- og skipulagshæfileikar.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Framtíðarsýn, frumkvæði, drifkraftur og metnaður.



LANDVERND

Umhverfis- og náttúruverndarsamtök Landvernd eru stærstu náttúruverndarsamtök á Íslandi. Félagsmenn eru um 5000 talsins og aðildarfélög 40. Samtökin taka virkan þátt í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum sem varða landnotkun, auðlindir og umhverfi, ekki síst á miðhálandi Íslands. Samtökin hafa sex starfsmenn, auk framkvæmdastjóra. Meginhlutverk samtakanna er verndun íslenskrar náttúru og umhverfis.

Rafvirki- tæknimaður

Smith & Norland vill ráða tæknimann til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði, afgangi varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf á þjónustuverkstæði okkar.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum einstaklingi, rafvirkja eða aðila með **sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Áhugasamir sendi umsókn á halldorh@sminor.is eða skili slíkri á skrifstofu fyrirtækisins með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir 19. janúar.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, sminor.is, (undir flípanum UM OKKUR).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Vélaviðgerðir.

Vantar vélvirkja eða vana menn í vélaviðgerðir.

Um framtíðarstarf er að ræða.

Upplýsingar í síma 535-5800 eða á staðnum
að Vesturhrauni 1, 210 Garðabæ.



Við óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu.
Vinnutími er frá kl 6:00 til 13:00
eða frá 12:00 til 18:30

Framtíðarstarf.

Umsóknir sendist á bjornsbakari@bjornsbakari.is

Merkt ATVINNA

VERÐKÖNNUN Tímagjald hjá smiðum

Óskað er eftir smiðum sem hafa áhuga á að vera á lista hjá Hafnarfjarðarbæ varðandi tilfallandi vinnu við viðhald fasteigna bæjarins á árinu 2018.

Beiðni um umsóknargögn skal berast á stefanst@hafnarfjordur.is. Tilgreina þarf nafn og/eða fyrirtæki. Skila þarf inn tilboðum fyrir kl. 13, miðvikudaginn 17. janúar til umhverfis og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, Norðurhelli 2, eða á stefanst@hafnarfjordur.is. Tilboð verða opnuð á sama stað og tíma að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



Er kraftur í þér?

Söluáðgjafi á rafbúnaðarsviði

Johan Rönnings óskar eftir að ráða metnaðarfullan, þjónustulundaðan og sveigjanlegan söluáðgjafa til starfa á rafbúnaðarsviði. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi að Klettagöðum 25 með jákvæðu og hressu starfsfólki. Johan Rönnings hefur sjö ár í röð verið valið fyrirmyndar-fyrirtæki VR ásamt því að hljóta nafnbótina fyrirtæki ársins síðastliðin sex ár. Johan Rönnings hlaut einnig jafnlaunavottun VR árið 2013, eitt af fyrstu fyrirtækjum á landinu til að hljóta slíka viðurkenningu. Fyrirtækið leggur mikið upp úr opnum og heiðarlegum samskiptum.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Starfsreynsla í rafbúnaði
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni og útsjónarsemi
- Reynsla af sölustörfum kostur

Starfið felst í:

- Sölu og þjónustu á rafbúnaði
- Tilboðsgerð og tækniráðgjöf
- Lausnamiðuðum hugsunarhætti

Upplýsingar um starfið veitir

Óskar Gústavsson í síma 5 200 800

eða oskar@ronning.is

Umsóknum skal skilað fyrir 22. janúar.



© 2018 VÍS VMI/UMPH

Johan Rönnings hf. var stofnað árið 1933. Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslun og þjónustufyrirtækin Sindra, Sindra vinnuföt og Vatn og veitur. Hjá félaginu starfa 110 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Grundartanga, á Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagöðum 25 í Reykjavík. Johan Rönnings hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.



REYKJAVÍK
Klettagöðum 25
Sími 5 200 800

SELFOSSI
Eyraveggi 67
Sími 4 800 600

AKUREYRI
Draupnisgötu 2
Sími 4 600 800

REYÐARFIRÐI
Nesbraut 9
Sími 4 702 020

REYKJANESBÆ
Hafnargötu 52
Sími 4 207 200

HAFNARFIRÐI
Bæjarhrauni 12
Sími 5 200 800

GRUNDARTANGA
Mýrarholtsvegi 2
Sími 5 200 830

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



F J Á R S T O Ð

Fjárstoð ehf.
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Sími 556-6000
fjarstod@fjarstod.is
www.fjarstod.is

Rafvirkjar



Aflmót byggingafélag ehf. óskar eftir að ráða öfluga aðila í raflagnadeild fyrirtækisins. Verkefnastaðan er góð og þörf fyrir að bæta við hæfu fólki.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf er skilyrði.
- Getur unnið sjálfstætt og er stundvís.
- Lípurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Nemar í faginu geta komið til greina.

Nánari upplýsingar um starf veitir Arnar Heiðarsson, verkefnastjóri raflagnadeildar, í síma 775-5090. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið johannes@afmot.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað. **Umsóknarfrestur er til og með 16. janúar 2017.**

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Grunnskólar

- Aðstoðarmaður í mótuneyti Salaskóla
- Bókasafns og upplýsingafræðingur í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Kársnesskóla
- Frístundaleiðbeinendur á dægradvöl Salaskóla
- Frístundaleiðbeinendur á dægradvöl Smáaskóla
- Sérkennari í Kársnesskóla
- Þroskaþjálfari/sérkennari í Salaskóla

Leikskólar

- Deildarstjóri á Austurkór
- Deildarstjóri á Læk
- Leikskólakennari á Fífusölum
- Leikskólakennari á Grænatúni
- Leikskólakennari á Núp
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Austurkór
- Leikskólakennari/starfsmaður á Læk
- Leikskólakennari/þroskaþjálfari á Grænatúni
- Leikskólasérkennari, þroskaþjálfari, ofl. á Marbakka
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfari á Austurkór
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfari á Grænatúni
- Matráður á Sólhvörfum
- Matreiðslumaður á Rjúpnahæð
- Sérkennari á Álfatúni
- Starfsmaður í sérkennslu á Læk
- Stuðningsaðili á Rjúpnahæð
- Þroskaþjálfari á Læk
- Þroskaþjálfari/leikskólakennari á Fífusölum

Velferðarsvið

- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Yfirþroskaþjálfari á áfangaheimili fyrir fatlað fólk

- Þroskaþjálfari í íbúðarkjarna

Annað

- Aðstoðarbyggingarfulltrúi hjá Kópavogsbæ
- Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is

HRAFNISTA GARÐABÆ



Deildarstjóri sjúkraþjálfunar

Staða deildarstjóra sjúkraþjálfunar hjá Hrafnistu Garðabæ Ísafold er laus til umsóknar. Deildarstjóri er leiðandi og hefur frumkvæði í þróun öldrunarsjúkraþjálfunar innan heimilisins. Í starfinu felst m.a. skipulagning á starfi ásamt daglegum rekstri. Í boði er fullt starf eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sjúkraþjálfun
- Ráðgjöf og fræðsla
- Teymisvinna

Hæfniskröfur:

- Starfsleyfi sjúkraþjálfara
- Góð samskiptahæfni
- Jákvæðni, frumkvæði og sjálfstæði

Kostur er að þekkja RAI mælitækið.

Hrafnista Garðabæ Ísafold er 60 manna heimili í nýlegu glæsilegu húsnæði sem uppfyllir allar nútíma kröfur. Sjúkraþjálfunaraðstaða er í stóru rými björt, falleg og vel búin tækjum. Við bjóðum upp á jákvæðan starfsanda, áhugaverð verkefni og starf sem er í sífelldri þróun. Í boði er fullt starf eða eftir samkomulagi

Nánari upplýsingar veitir Hrönn Ljótisdóttir, forstöðumaður, í síma 664-9550 eða hronn.ljotsdottir@hrafnista.is. Sótt er um starfið á www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til 14. janúar 2018.



HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær



Reykjavíkurborg
Innri endurskoðun

Verkefnastjóri - Innri endurskoðun

Vegna aukinna umsvifa auglýsir Innri endurskoðun eftir umsóknum um tímabundið starf verkefnastjóra. Starfið felur m.a. í sér að leiða eða framkvæma stjórnsýslu-, rekstrar-, fjárhags- og reglufylgniúttektir og veita stjórnendum og starfsfólki ráðgjöf. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs. Með störfum sínum leggur Innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttá hjá stofnunum og félögum í meirihlutaeigu borgarinnar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ber kennsl á og metur lykílahættuþætti í starfsemi Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar og kemur með tillögum að efni og uppbyggingu innri endurskoðunar-áætlunar.
- Framkvæmd viðtala, yfirferð skjala, þróun og framkvæmd kannana, gerð samantekta og vinnuskjala.
- Auðkenning, þróun og skráning endurskoðunaratriða og tillagna til úrbóta á grundvelli sjálfstæðs mats á sviðum sem eru til skoðunar.
- Greinir frá eða aðstoðar við að greina stjórnendum og stjórn frá niðurstöðum úttekta og ráðgjafarverkefna með skriflegum og munnlegum skýrslum.
- Kemur fram fyrir hönd Innri endurskoðunar í verkefnis-teymum innan Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar, á fundum með stjórnendum og í samskiptum út á við.
- Önnur tilfallandi verkefni sem viðkomandi er falið af innri endurskoðanda.

Hæfniskröfur:

- Framhaldsgráða í viðskiptafræði, opinberri stjórnsýslu eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reyksla á sviði innri endurskoðunar, ytri endurskoðunar, reksturs, bókhaldsvinnu, viðskiptagreiningar og/eða áætlunarmats.
- Faggilding á sviði innri endurskoðunar er kostur, (Certified Internal Auditor – CIA eða önnur faggilding s.s. CGAP, CRMA eða CISA).
- Reyksla af verkefnastjórnun.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, í síma 411 4601 eða í gegnum tölvupóstfangið hallur.simonarson@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 22. janúar nk. Umsóknir ásamt fylgiskjöllum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Nám í áfengis- og vímuefnaráðgjöf

Lausar eru til umsóknar stöður nema í áfengis- og vímuefnaráðgjöf við Sjúkrahúsið Vog. Starfshlutfall er 100%. Um vaktavinnu er að ræða.

Helstu verkefni og ábyrgð

Námið fer fram á heilbrigðisstofnunum SÁÁ samhliða starfsþjálfun. Starfið felur í sér þátttöku í áfengis- og vímuefnaráðgjöf undir handleiðslu og innifelur m.a. vaktskyldu, samskipti og þjónustu við sjúklinga auk þverfaglegar samvinnu *Sjá nánar á www.saa.is.*

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf æskilegt
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og SFR. Til að sækja um þarf að senda ferilskrá þar sem fram koma upplýsingar um menntun og fyrri störf, hvers vegna þú hefur áhuga á starfinu og meðmælendur. Umsókn skal skilað fyrir 20. janúar n.k. á Sjúkrahúsið Vog.

Nánari upplýsingar veitir

Ingunn Hansdóttir, yfirsálfraeðingur SÁÁ, s. 8247608, netfang: ingunnh@saa.is



Hjúkrunarfræðingar

Laus er til umsóknar staða hjúkrunarfræðings við Sjúkrahúsið Vog að Stórhöfða 45. Starfshlutfall er samkomulagsatriði en helst 80-100%. Um er að ræða þrískiptar vaktir og unnið aðra til þriðju hverja helgi. Staðan er laus frá 15. febrúar 2018

Helstu verkefni og ábyrgð

Hjúkrun sjúklinga í afeitrun. Þátttaka í teymisvinnu ásamt sjúkraliðum, áfengis- vímuefnaráðgjöfum, sálfræðingum og læknum.

Menntun og hæfniskröfur

- Réttindi til að starfa sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi
- Áhugi á hjúkrun áfengis- og vímuefnasjúklinga
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Umsóknnum ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík, merkt: Hjúkrunarfræðingur eða í tölvupósti á netfangið thora@saa.is eigi síðar en 1 febrúar 2018.

Nánari upplýsingar veitir

Þóra Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Sjúkrahúsinu Vog í síma 530 7600, netfang: thora@saa.is



VERSLUNIN CURVY AUGLÝSIR EFTIR Söluáðgjafa með brennandi áhuga á tísku!

* Viðkomandi þarf að vera:


- Jákvæð, rösk og stundvís.
- Með mikla hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnað til að veita frammúrskarandi þjónustu.
- Hafa áhuga og gaman af tísku fyrir "Plus sizes".

* Reynsla af sölustörfum, þjónustu og verslunarstörfum er æskileg.

* Aðeins 25 ára og eldri koma til greina.

* Vinnutími er frá kl. 12.30-18 alla virka daga og svo annan hvern laugardag.

Áhugasamir geta sent ferilskrá með mynd á e-mailið curvyvinna@gmail.com Umsóknarfrestur er til 14 janúar 2018



Curvy.is

Sjúkraliðar

Laus er til umsóknar staða sjúkraliða við Sjúkrahúsið Vog að Stórhöfða 45. Starfshlutfall er 80-100%, þrískiptar vaktir og unnið aðra til þriðju hverja helgi. Staðan er laus frá 15. febrúar n.k.

Helstu verkefni og ábyrgð

Þátttaka í teymisvinnu ásamt hjúkrunarfræðingum, áfengis- og vímuefnaráðgjöfum og læknum. Annast móttöku sjúklinga og daglega þjónustu við þá.

Menntun og hæfniskröfur

- Réttindi til að starfa sem sjúkraliði á Íslandi
- Áhugi og reynsla af störfum með áfengis- og vímuefnasjúklinga
- Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð

Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og Sjúkraliðafélags Íslands. Umsóknnum ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík, merkt: Sjúkraliði eða í tölvupósti á netfangið thora@saa.is eigi síðar en 31. janúar.

Nánari upplýsingar veitir

Þóra Björnsdóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri Vogs í síma 530 7600, netfang: thora@saa.is



Óska eftir sölumönnum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í jan 2018. Mikilvægt er að viðkomandi sé með gott sjálfstraust og hafi reynslu af sölumennsku.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

sala@passinn.is

Verkefnisstjóri Kirkjubæjarklaustri

Friður og frumkraftar, hagsmunafélag atvinnulífs í Skaftárhreppi, óskar eftir verkefnisstjóra frá 1.febrúar 2018.

Umsóknarfrestur er til 25. janúar 2018.

Nánari upplýsingar á

www.klaustur.is og www.visitklaustur.is

HRAFNISTA GARÐABÆ



Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa

Hrafnista í Garðabæ leitar að hjúkrunarfræðingum í fasta stöðu og í afleysingu vegna fæðingarorlofs. Starfshlutfall er samkomulagsatriði og sveigjanleiki í boði. Okkur langar mikið að heyra frá þér og ekki hika við að hafa samband.

Fyrir Hrafnistu Garðabæ - Ísafold fer metnaðarfullur og faglegur hópur reyndra hjúkrunarfræðinga sem geta bætt við í sinn góða hóp. Mjög góð vinnuástaða í fallegu og nýju húsnæði.

Þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsmanna Hrafnistuheimilanna tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Störfín hjá Hrafnistu eru fjölbreytt og skemmtileg. Umsækjendur þurfa að hafa ríka samskipta- og samstarfshæfni og hafa gaman af því að umgangast eldri fólk. Gerð er krafa um heiðarleika, dugnað og góða framkomu.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Rík samskipta og samstarfshæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknnum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskránum.

Nánari upplýsingar veitir Hrönn Ljótisdóttir, forstöðumaður, í síma 664-9550 eða á netfangið hronn.ljotsdottir@hrafnista.is

Sótt er um starfið á www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til 14. janúar



EIGNABORG

Hamraborg 12 | 200 Kópavogur | 416 0500 | www.eignaborg.is FASTEIGNASALA | 40 ÁR 1977-2017

FASTEIGNASALAR OG NEMAR Í LÖGGILDINGU FASTEIGNASALA ÓSKAST TIL STARFA.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Upplýsingar gefur Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl og löggiltur fasteignasali í síma 892 2804 og sveinbjorn@eignaborg.is

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



EAK óskar eftir starfsmanni

Vantar starfsmann í fast starf til viðhalds eldsneytisafgreiðslutækja á Keflavíkflugvelli.

Fjölbreytt starf við eftirlit og viðgerðir á bílum og búnaði. Meirapróf kostur en ekki skilyrði. Hreint sakavottorð og íslenskukunnátta er skilyrði. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðgerðum og verkstæðisvinnu.

Upplýsingar og umsóknir sendast á melkorka@eak.is
Umsóknarfrestur er til og með 15. Janúar 2018



EAK ehf.

Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland

Air Atlanta is looking for quality people



Maintenance Planner

Job description

The Maintenance Planning department is responsible for a timely and efficient planning of airworthiness and maintenance tasks of aircraft in the Company's fleet. Liaison of maintenance requirements with Air Atlanta stations and various maintenance organizations around the world is an essential role of the department along with various other tasks, such as technical support, work pack preparation and material pre-load.

We are looking for people who have;

- An aircraft maintenance technician license, engineering degree or strong technical background from the aviation industry
- Good English proficiency
- Good communications skills
- Good computer literacy

Please visit airatlanta.com for further information. **Application deadline is 18th of January 2018**

About Air Atlanta Icelandic

Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service providers in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry. The current fleet consist of fifteen wide-body aircraft of two types; Boeing 747-400 and Airbus A340-300. We have a worldwide operation but the Company's headquarters is located in the municipality of Kópavogur, Iceland.



Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com



Vegna aukinna verkefna óska Hópbílar eftir að ráða bifreiðastjóra

Um er að ræða áætlunarakstur LEIÐ 55 Keflavíkflugvöllur - Reykjavík - Keflavíkflugvöllur

Starfshlutfall: Fullt starf.

Dagsetning ráðningar: Sem fyrst.

Hæfniskröfur: Rúturéttindi (D). Hreint sakavottorð. Rík þjónustulund og góð færni í mannlegum samskiptum.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um

Hægt er að senda inn umsóknir á atvinna@hopbilar.is eða hafa samband við Davíð í síma 599-6014.

HÓPBÍLAR

Melabraut 18 | 220 Hafnarfirði | 599-6000 | hopbilar@hopbilar.is



Sviðsstjóri veitu-, framkvæmda- og umhverfissviðs

Húnathing vestra óskar eftir að ráða lausnamiðaðan og metnaðarfullan einstakling í starf sviðsstjóra veitu-, framkvæmda- og umhverfissviðs Húnathing vestra. Sviðsstjóri veitu-, framkvæmda- og umhverfissviðs fer fyrir framkvæmda-, umhverfis- og auðlindamálum en undir þau falla meðal annars vatnsveita, fráveita og hitaveita. Sviðið fer einnig með málefni brunavarna, rekstur eignasjóðs og þjónustumiðstöðvar, garðyrkju- og umhverfismála, hafnarsjóðs og annarra eigna er tilheyrta sveitarfélaginu. Á sviðinu starfa 7 manns og er starfsemin staðsett á Hvammstanga.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- ▶ Yfirumsjón með veitu-, framkvæmda- og umhverfismálum sveitarfélagsins
- ▶ Vinna við almennan rekstur veitna, viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir veitumannvirkja
- ▶ Ábyrgð og gerð á fjármálum, fjárhags- og starfsáætlunum sviðsins
- ▶ Dagleg samskipti við viðskiptavini og starfsmenn sveitarfélags
- ▶ Stefnumótun í samstarfi við yfirstjórn sveitarfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Menntun sem nýtist í starfi, verk- eða tæknifræðimenntun er kostur
- ▶ Reynsla við gerð verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlana
- ▶ Starfsreynsla við verklegar framkvæmdir
- ▶ Þekking, áhugi og reynsla af umsjón veitna er kostur
- ▶ Reynsla í mannlegum samskiptum þar sem áhersla er lögð á góða þjónustu
- ▶ Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2018.

Í kringum áramótin komst á kreik frétt um að kakóplantan væri að verða útdauð og olli mörgum aðdáendum súkkulaðis hugarangri. Í fréttinni, sem birtist fyrst á vef Business Insider, var því haldið fram að vegna loftslagsbreytinga stefndi í að árið 2050 yrði súkkulaði horfið. Vísindamenn segja þó ekkert til í þessu.

Í frétt Business Insider var sagt að kakóplöntur væru að hverfa vegna aukinna hlýnda og þurrara veðurfarar. Þar sagði að vísindamenn við Kaliforníuháskóla í Berkeley væru að vinna með seltægisframleiðandanum Mars til að „bjarga plöntunni áður en það yrði um seinan“.

Í samtali við þýska fjölmiðilinn Deutsche Welle sagði Megan Hochstrasser, samskiptastjóri vísinda við háskólann, að í fréttinni væri farið með rangt mál. „Því miður eru rangar upplýsingar í greininni sem vakti athygli fjölmiðla á kakóverkefninu okkar. Það stefnir ekki í að súkkulaði verði útdauðt eftir 40 ár.“

Vísindamennirnir eru hins vegar að vinna með Mars-fyrirtækinu til að gera kakóplöntuna harðgerari, svo að hún geti betur varist vírus- og sveppasýkingum, en ekki til að bjarga henni frá því að deyja út. Sveppur hefur plagad kakóplöntur í Suður-Ameríku áratugum saman og Hochstrasser segir að vísindamennirnir séu að reyna að breyta erfðaefni kakóplöntunar með CRISPR-genabreytingatækni svo að hún þoli sjúkdóma betur.

Mars-fyrirtækið hefur stutt þessar rannsóknir með eins milljarðs dollara framlagi til að tryggja að áfram verði til nægar birgðir af kakóplöntum.

Með því að auka þol kakóplöntunnar gegn sjúkdómum er hægt



Stór hluti af kakóframleiðslu heimsins kemur frá Filabeinsströndinni. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

að bregðast við áhrifum hugsanlegra loftslagsbreytinga með því að rækta kakóplöntuna á stöðum sem eru ekki mjög heppilegir til þess í dag og tryggja betri uppskeru á þeim stöðum þar sem hún er þegar ræktað.

Í frétt Business Insider er vísað í rannsókn sem millirikjanefnd um loftslagsbreytingar birti árið 2014. Þar kemur fram að ef ekkert breytist gæti hitastigið á tveimur stærstu ræktunarsvæðum kakóplöntunnar, Filabeinsströndinni og Gana, hækkað um 2,1 gráðu á Celsius án þess að rigning aukist fyrir árið 2050. Það gæti þýtt að hentugt ræktunarlend minnkaði verulega í Gana og hyrfi nær alveg á Filabeinsströndinni.

Þegar tegund er skilgreind sem útdauð þýðir það að hún hverfi alveg af jörðinni og sjáist ekki í að minnsta kosti 50 ár. Þannig að þótt þetta sé vissulega áhyggjuefni, er það ekki rétt að kakóplantan sé að deyja út.

Þótt þessi svæði standi undir mjög stórum hluta af kakóplöntunnaheimsins er hægt að

rækta plönturnar annars staðar. Kakóplöntur eru t.d. ræktaðar á Indlandi, á Karíbahafssvæðinu og í Ástralíu og eru upprunalega frá Ameríku, en ekki Afríku.

Í vikunni gaf Kaliforníuháskóli í Berkeley út fréttatilkynningu þar sem kom fram að loftslagsbreytingar ógni kakóplöntunni, þótt ekki sé hætt á aldaða hennar. En ef spár vísindamanna rætast og loftslagsbreytingar minnka hentug ræktunarsvæði hennar verulega gæti það ýtt undir útbreiðslu sjúkdóma. Það er það sem vísindamennirnir eru að reyna að vinna gegn.

Þótt kakóplantan sé því ekki í hættu á að deyja út, eru loftslagsbreytingar ekki að hjálpa henni frekar en öðrum plöntum sem við notum og reidum okkur á.

Það er því full ástæða til að hafa áhyggjur af loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra á matvælaframleiðslu, en spurningin er ekki hvort súkkulaði verði enn til eftir 40 ár, heldur hvað það eigi eftir að kosta og ekki síst hvort genabreytingar með CRISPR-tækni geti haft áhrif á framleiðslu þess í framtíðinni.

ÚTSALAN ER HAFIN 30-60% AFSLÁTTUR



Fallegur fatnaður í stærðum 42-58
sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
eða komdu í verslun Curvy að Fákafeni 9



Úlpa
6.993 kr
9.990 kr



Kjöll
6.993 kr
8.990 kr



Peysa
4.193kr
5.990 kr



Úlpa
9.594 kr
15.990 kr



Jakki
9.093 kr
12.990 kr



Buxur
6.693 kr
10.990 kr



Buxur
4.893 kr
6.990 kr



Úlpa
9.594 kr
15.990 kr

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT
UM ALLT LAND

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allan virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílalíf



GOTT VERÐ - 3.980.000

LEXUS IS 300H EXE PLUS HYBRID. Árg.2014,ek.62.þús km,bensín og rafmagn,sjálfskiptur.Rnr.247428. Er á staðnum- S:5621717



LÆKKAD VERÐ!

TOYOTA LAND CRUISER 200 VX 35". Árg.2008,ek.aðeins 148. þús km,bensín, sjálfskiptur.Verð 5.990.000. Rnr.247484. Á staðnum - S:5621717.

Bílalíf

Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is

STÓRA BÍLASALAN



100% LÁN

SKODA Rapid Ambition. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, bensín, beinsk., Verð 2.290.000. Rnr.136577.



100% LÁN

SKODA Octavia Scout Elegance. Árgerð 2015, ekinn 49 Þ.KM, Verð 4.690.000. Rnr.136568.



100% LÁN

SKODA Octavia 1.6 Diesel Sjálfskiptur Combi. Árgerð 2015, ekinn 29 Þ.KM, Verð 3.180.000. Rnr.136159.

STÓRA BÍLASALAN



100% LÁN

SKODA Octavia 1.6 Diesel 4x4 Combi. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, Beinsk.. Verð 3.190.000. Rnr.136463.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Netbifreiðasalan



Subaru Legacy Outback. Árgerð 2015 Ekinn 51 Þkm Bensín 2.5 Sjálfskiptur Fjór hjóladrífinn Dráttarkrókur ofl. Virkilega flottur og vel búinn bíll sem er á staðnum Ásett verð 4.290.000.- TILBOÐ 3.970.000.- Stgr Rnr.111117. Opíð laugardaga frá 12-15:00 www.nbs.is

Netbifreiðasalan
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4400
netbifreidasalan.is

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



LAND ROVER Range rover vogue sdv8. Árgerð 2015, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. 345 hestöfl umbosbíll með öllu Verð 16.900.000. Rnr.116100.



SKODA Kodiaq 4x4 ambition . Árgerð 2018, ekinn -1 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. Verð 5.790.000. Rnr.116026.



MERCEDES-BENZ GLA 220 cdi 4matic. Árgerð 2015, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 girar. Verð 4.980.000. Rnr.116125.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



HONDA Cr-v executive. Árgerð 2007, ekinn 145 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 girar. Verð 1.390.000. Rnr.116104.



VW Golf comfortline . Árgerð 2015, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 girar.Einkabíll Verð 2.790.000. Rnr.116141.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

BRAUT
BÍLASALA



SSANGYONG Tivoli dlx 4x4 7" skjár og bakkmyndavél nýr bíll. Árgerð 2017 ekinn 1 ÞKM dísel 6 gíra sjálfskiptur álfelgur Glæsilegur bíll Verð tiboð 3.390.000. Rnr.104955. At Örfáir bílar eftir á þessu verði

Braut Bílasala
Bildshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilbraut@bilbraut.is
www.bilbraut.is

Til sölu TOYOTA Land Cruiser "80
Tilboðsverð kr 2.690.000. -



árg 94, ekinn 352 þ.km, dísel sjálfskiptur, breittur fyrir 44 tommur, 38 tommu getur fylgt með, nýpúptekin vél webasto hitari. Bíll með öllu sem þarf. Rnr.102528.

BRAUT
BÍLASALA

Bildshöfða 3 • 110 Reykjavík
S. 587 6600 • www.bilbraut.is

Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2

Sími 5773777

www.bill.is



BMW 3 330e iperformance

Verð: 5.490.000

Árgerð: 2017 : Bensín
Ekinn: 5þ.km. : 8 Sjálfskiptur

Rnr.271149



TOYOTA Land cruiser 150 leður 7 manna

Verð: 7.590.000

Árgerð: 2016 : Dísel
Ekinn: 48þ.km. : 6 Sjálfskiptur

Rnr.107763



BMW X5 xdrive25d

Verð: 9.600.000

Árgerð: 2017 : Dísel
Ekinn: 6þ.km. : 8 Sjálfskiptur

Rnr.250807



RENAULT Clio limited

Verð: 1.990.000

Árgerð: 2017 : Bensín
Ekinn: 6þ.km. : 5 girar

Rnr.271108



HYUNDAI i20

Verð: 2.190.000

Árgerð: 2017 : Bensín
Ekinn: 31þ.km. : 4 Sjálfskiptur

Rnr.250982



HYUNDAI i20

Verð: 1.750.000

Árgerð: 2017 : Bensín
Ekinn: 23þ.km. : Beinskiptur

Rnr.260671



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast


BESTA VERÐIÐ

SKODA Superb ambition greenline. Árgæð 2013, ekinn 124 þ.km, dísel, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.212251.

**BESTA VERÐIÐ**

NISSAN Navara DC 4wd Acenta. Nýr bíll. ekinn 0 þ.km, dísel, 6 girar. Verð 4.990.000. Rnr.130362.

Höfðabílar
Fossháls 27/ Dragháls megin,
110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

bilauppbod.is

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



SPRENGIVERÐ

VW TIGUAN SPORT & STYLE nýskr. 03/2015, ekinn 62 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.980þkr. SPRENGIVERÐ 3.490 þkr. Raðnr. 256500 á BILO.is

**SPRENGIVERÐ**

VW GOLF COMFORTLINE 4MOTION nýskr. 07/2015, ekinn 74 þ.km, dísel, 6 girar. Verð 2.980þkr. SPRENGIVERÐ 2.490þkr. Raðnr. 257174 á BILO.is

**SPRENGIVERÐ**

FORD FOCUS TITANIUM STATION nýskr. 05/2014, ekinn 43 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490þkr. SPRENGIVERÐ 1.990þkr. Raðnr. 256481 á BILO.is




SPRENGIVERÐ

HONDA JAZZ ELEGANCE nýskr. 05/2014, ekinn 42 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790þkr. SPRENGIVERÐ 1.490þkr. Raðnr. 255735 á BILO.is

**SPRENGIVERÐ**

MAZDA CX7 GRAND TOURING AWD Árg. 2007, ekinn 110 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.680þkr. Sprengiverð 1.350þkr. Raðnr. 256335 á BILO.is

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

**Bílar til sölu**

Lancer vagon. Bíll í toppstandi. Ný tímærim, ný dekk, nýjar bremsur ofl.öfl. 5 girar 2.0l bensín 390 þús stgr. S. 847 7663



MITSUBISHI OUTLANDER PHEV. Rafmagn/Bensín. Árg. 2014. Ekinn 87 þús. Er enn í ábyrgð. Verð 2.950 þús S: 8649999

Vinnuvélar

Vorum að fá sendingu af Robus sturtuvögunum. Búvís sími 465 1332

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

**Til sölu****LOK Á HEITA POTTA**

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com



Gamli glugginn úr,
ný glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Haðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

HÚSBÍLAÆÐI !



Ford Transit 2.4 diesel Carado húsíll
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 girar, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**
Verð nú 4.250.000.



Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsíll
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 girar, með öllu því helsta sem húsíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**
Verð nú 3.650.000.



Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsíll
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 girar, með öllu því helsta sem húsíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000,**
Verð nú 3.650.000.



Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsíll
árg 2008, ekinn 117 þ. km, 6 girar, með öllu því helsta sem húsíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000**
Verð nú 3.650.000.



Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsíll
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 girar, með öllu því helsta sem húsíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**
Verð nú 4.750.000.



Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsíll
árg 2009, ekinn 110 þ. km, 6 girar, með öllu því helsta sem húsíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 til 3 tvöfalt rúm aftast sólarsetla **Verð 5.990.000**
Verð nú 4.650.000.



Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsíll
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 girar, með öllu því helsta sem húsíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **Verð 4.990.000**
Verð nú 2.200.000.
Bíllinn er bílaður líklegast með ónýta vél.



Dacia Dokker 1.5 diesel árg 2016,
ekinn 28 þ. km, 5 girar, svefnpláss fyrir 2, sólarsetla og öndun á topp, klár í notkun. **Verð 1.990.000.-**



Range Rover Vogue diesel 3.6 vél, ekinn 205 þ. km, sjálfskiptur, bíllinn er nánast með öllu. **Verð 3.990.000**
Verð nú 3.490.000

Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600

Touring Cars ehf, Klettartöð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)



Hjólbarðar

VAKA



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

BÓKHALDSPJÓNUSTA TIL SÖLU.

Vilt þú bæta við þig verkefnum eða hefur þú áhuga á að fara út í slíka þjónustu.

Til sölu er bókhaldsþjónusta sem hefur verið starfandi í rúm 30 ár og þjónustar bæði einstaklinga og lögaðila.

Áhugasamir sendi inn hugmyndir sínar og framtíðarsýn á gudnyk@gmail.com merkt: B - 1818

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Alhliða málningarþjónusta löggilttra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

661 3839 - SÍMASPÁ

Opið frá kl. 14 alla daga.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Keypt & Selt

Til sölu



Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA

ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENGLISH f. Adults/ ENSKA f. Fulloröna: I,II,III. Start/Byrja: 8/1, 5/2, 5/3, 2/4, 30/4. 28/5, 25/6: 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/Siðd/Kvölds: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fulloðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og aksturmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

3-4ja herbergja íbúð við Sogaveg (ofan við Skeifu), alls 100m² ásamt sólpalli og garði, strætó fyrir utan. Laust frá 1.03.2017. Uppl. í s. 8601404

R109-Til leigu 3ja herb kj.íbúð í einbýli.Verð 169 þús. Upplýs. á snemma@visir.is og 6951790

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Gisting



SPÁNN LA MARINA COSTA BLANCA

Ertu að leita að húsi á Spáni Mikid af flottum eignum til sölu/leigu Endilega hafið samband Jóhanna sími: +34-675-100-266 Mail: johannasoffia77@gmail.com

Hönnun



HÖNNUN

VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

Atvinna

Atvinna í boði

ÍBÚÐAHÓTEL Í 101 REYKJAVÍK

óskar eftir þeimur í hlutastarf, tilvalið fyrir skólafólk. Umsóknir sendist á jobs@apartmentk.is

Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks part time housekeepers. Please send applications to jobs@apartmentk.is

ÍBÚÐAHÓTEL Í 101 REYKJAVÍK

óskar eftir starfskrafti í móttöku, um er að ræða næturvaktir. Góð enskunnáttá og rík þjónustulund skilyrði. Umsóknir sendist á jobs@apartmentk.is

Apartment Hotel in 101 Reykjavik is looking for a Night Receptionist. Fluent english and good customer service skills are required. Please send applications to jobs@apartmentk.is

BAKARÍ / KAFFIHÚS

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7-13 og annan hvern lau. 8-14. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

Uppl. sendist á: sveinsbakari@sveinsbakari.is

TRAILER BÍLSTJÓRA VANT

Silfri ehf óskar eftir trukkabílstjóra. Uppl. gefur Gunnar í s, 894 9690

Vantar stýrimann á 24 metra bát. Gert út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 868 2853

KVÖLDVINNA STRAX

Við leitum að dugleg fólk í framtíðar og aukavinnu á MIXED og Banthai ofan við hlemm Góð vinna með skóla uppl. ásamt mynd á banthai@banthai.is

Atvinna óskast

SMIDIR OG AÐRIR VERKAMENN

Höfum og getum útvegað smíði og aðra verkamenn sem geta hafið störf innan skamms.

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 og proventus@proventus.is

Sérfræðingar í ráðningum

FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

Tilboð

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Tilboð

Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir á aðeins 5.500.-

Verið hjartanlega velkomin.

Tímabantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: [Facebook.com/snyrti](https://www.facebook.com/snyrti) og nuddstofan smart

Þjónusta

Vírushreinsun og stýrikerfis-hreinsun

Fljót og góð þjónusta



tölvuvinir.is
tölvuverkstæði



Hafðu samband Sími: 445 0100 Langholtsvegur 126 104. Rvk.

-25%



ASU-S410UNE015T

ASUS VIVOBOK

14" | 8. KYNSLÓÐAR INTEL I5

ÁÐUR ~~159.995~~

119.995



ASU-CERBERUSKBWH

LEIKJALYKLABORÐ

ASUS | MEÐ BAKLÝSINGU

ÁÐUR ~~9.995~~

4.995

-50%

-40%



ASU-U2000BKSL

MÚS OG LYKLABORÐ

ÁBRENNDIR ÍSLENSKIR STAFIR

ÁÐUR ~~4.995~~

2.995

PHS-SPA4355

HÁTALARASETT

PHILIPS | 2.1 | 30W RMS

ÁÐUR ~~12.995~~

6.995



-46%



-32%

PHS-240VQ058

24" TÖLVUSKJÁR

PHILIPS | 1920 x 1080 | 5ms IPS

ÁÐUR ~~24.995~~

16.995



-24%

ASU-STRIXGT1050TI04

LEIKJASKJÁKORT

ASUS GTX1050 TI | 4GB

ÁÐUR ~~32.995~~

24.995

-33%

PHS-SPA4355

HEIMILISPARENTARI

ÞRÁÐLAUS | SKANNAR OG PRENTAR

ÁÐUR ~~29.995~~

19.995



ÚTSALA TÖLVULISTANS! ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI



**STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á
MÖRG HUNDRUÐ TÖLVUVÖRUM**

-30%



SEA-STEB3000200

3TB FLAKKARI

Seagate | USB 3.0

ÁÐUR ~~19.995~~

13.995



ASU-PRIMEZ270K

ATX MÓÐURBORÐ

ASUS | DDR4 MINNI

ÁÐUR ~~29.995~~

16.995

-43%

tl.is

RAZ-RZ0401400100R3M1

HEYRNARTÓL

RAZER KRAKEN MOBILE

ÁÐUR ~~13.995~~

6.995

-50%



**TÖLVU
LISTINN**

Allir halda með David Silva

David Silva hefur verið mikið í fréttum eftir að hann greindi frá því að sonur hans hefði fæðst löngu fyrir tímann og berðist nú fyrir lífi sínu á hverjum degi. Heillaóskum hefur rignt yfir Silva og lið hans hefur sagt að hann megi taka allan þann tíma sem hann þarf enda sé fjölskyldan það mikilvægasta í lífinu.

Það að halda allir með töframmanninum hjá Manchester City, David Silva, þessa dagana. Sonur hans fæddist fyrir tímann og berst fyrir lífi sínu. Silva hefur fengið fri frá æfingu og keppni frá félagi sínu en birtist óvænt á keppnisvellinginum í vikunni gegn Watford en það var fyrsti leikur hans með liðinu síðan 13. desember.

Þrátt fyrir að hugur hans væri án efa á Spáni þar sem kærasta hans, Yessica Suarez Gonzalez, dvelur ásamt Mateo, syni þeirra, var Silva enn einu sinni frábær og sýndi hvað býr í þessum ótrúlega fótbolta-manni.

Eftir leikinn sagði Pep Guardiola, stjóri Manchester City, að hann hreinlega vissi ekki hvað hann fengi að njóta hæfileika Silva lengi. Hann hefði fullan stuðning félagsins til að vera á Spáni eins lengi og þurfa þyki.

Kevin De Bruyne fagnaði markinu sínu með því að búa til númerið hans, 21, og Michael Carrick sendi tist honum til stuðnings. Carrick er auðvitað leikmaður Manchester United en trúlega sýnir það tist hversu virtur Silva er.

„Fjölskyldan er það mikilvægasta í lífinu. Það er ljóst hvað David gerir mikið fyrir okkur en ég veit ekki hversu lengi hann mun vera hér hjá okkur. Honum er frjálst að fara heim aftur ef hann þarf að gera það. Það skiptir ekki máli þótt við fáum ekki stig meðan hann er í burtu. Fjölskyldan er mikilvægust.“ sagði Guardiola.

Sjálfur greindi Silva frá veikindum sonar síns á Twitter.

Þrátt fyrir að Silva spili fallega er hann mikill keppnismaður og hann er mikill leiðtogi fyrir þetta lið. Hann er orðinn 31 árs og mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan hann kom fyrst til liðsins fyrir sjö og hálfu ári.

Silva er fæddur og uppalinn í þorpinu Arguineguin á eyrni Gran Canaria sem er ein Kanaríeyja. Hann þótti strax mjög efnilegur og fór til reynslu til Real Madrid þegar hann var aðeins 14 ára. Madrídangar sáu að þarna fór góður leikmaður og voru ánægðir með það sem þeir sáu. En hann var of litill fyrir stórlíðið á þeim tíma og því hringdi liðið aldrei eftir reynslutímann. Reyndar barst Silva simtal frá Real Madrid áratug síðar þegar liðið vildi kaupa kauda frá Valencia. Áhuginn var mikill og stefndi allt í að Silva myndi klæðast hinni frægu hvítu treyju en José Mourinho kom þá til sögunnar og vildi ekki klára kaupin enda ekki frægur fyrir að kaupa leikmenn sem eru undir 185 sentimetrum. Hann fór því til Manchester City með gullverðlaun frá HM og EM í farteskínu.

Hann var, og er væntanlega enn, mikill aðdáandi Danans Michaels Laudrup sem lék lengi á Spáni. Hann reyndi allt til að endurspeglja það sem hann hafði séð í sjónvarpinu með Laudrup úti á leikvelli í Arguineguin.

Þrátt fyrir að Real Madrid hafi ekki viljað kauda á sínum tíma þá vildi Valencia hann og þar gekk hann fótboltamenntavegin. Eftir að hafa verið lánaður til Eibar og Celta Vigo til að öðlast reynslu fór hann að spila fyrir aðallíðið árið 2006. Ekki leið á löngu þar til nafn hans var orðið eitt það eftirsóttasta í boltanum. Valencia vildi þó ekki selja og fyrst þegar Manchester City spurðist fyrir um hann og samherja hans David Villa vildi félagið fá 135 milljónir punda.

Roberto Mancini vildi fá hann til Inter á sínum tíma og sagði á blaðamannafundi þegar Silva var kynntur til leiks, eftir HM í Suður-Afríku, að hann hefði verið oft í sambandi við Silva. Þeir hefðu talað saman á ítölsku. Silva sagði á bjagaðri ensku að hann hefði hrifist af metnaði City-liðsins og hann hefði áhuga á því að heimsækja þá staði sem félagið langaði að komast á.

Síðan hefur hann látið verkin tala á vellingum og flestir hafa verið sammála um að David Silva sé ein allra bestu kaup félagsins frá því að það byrjaði að ausa úr botnlausum peningahirslum sínum.

Gæði hans eru meira að segja slík að nú þegar margir eru að tala um að þetta City-lið sé eitt það besta og skemmtilegasta sem enska úrvalsdeildin hafi séð í langan tíma þá kemur nafn Davids Silva yfirleitt fyrst upp þegar minnst er á bestu leikmennina. Hann lætur hlutina gerast.

Nú þarf City hins vegar að reida sig á aðra leikmenn enda mikilvægari málefni á dagskrá hjá Silva. Hann er mikill fjölskyldumaður og stórfjölskyldan hefur flutt bæði til Valencia og Manchester til að vera nær syni sínum.

Hann sem gerir svo margt fyrir aðra og styður við bakið á svo mörgum þarf nú að reida sig á aðra, læknavísindin og bærni enda hefur það komið í ljós að allir halda með David Silva.

David Josué Jiménez Silva

Fæddur: 8. janúar 1986 Lið: Manchester City
Hæð: 173 cm Landsleikir 118

Titlar

Valencia
Bikarmeistari 2007–08

Manchester City
Bikarmeistari 2010–11
Englandsmeistari 2011–12
Samfélagsskjöldurinn 2012
Englandsmeistari 2013–14
Deildabikarmeistari 2013–14
Deildabikarmeistari 2015–16

Spánn
Evrópumeistari með U-19 2004
Evrópumeistari 2008
Heimsmeistari 2010
Evrópumeistari 2012

Draumalið Davids Silva

4-4-2



Ronaldo

Lionel Messi




Michael Laudrup

Claude Makelele

Patrick Vieira

Luis Figo



Roberto Carlos

Sergio Ramos

Carlos Puyol

Cafu



Iker Casillas



STUÐMENN



ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR ASTRALTERTUKUBBSINS ÁSGEIRS ÓSKARSSONAR!

TVÖ LÖG KUBBSINS HAFU
ÞEGAR RATAD Á TOPP 10
LISTANN OG Þ.M.T. EITT Í
1. SÆTI VINSÆLDALISTA
RÁSAR 2!

FYRSTA UPPLAG SELDIST UPP Á
FÁEINUM DÖGUM! NÝTT UPPLAG
Á LEIÐ Í VERSLANIR PENNANS
EYMUSSONAR, HAGKAUPA,
12 TÓNA OG SMEKKLEYSU!

NÝTT SMÁSKÍFULAG AF
KUBBNUM, ALLT EINS OG
ÁÐUR VAR, KEMUR ÚT
8. JANÚAR N.K.

P.S. FORSALA Á FYRSTU STÓRTÓNLEIKA STUÐMANNA 2018 Í REYKJAVÍK
HEFST 1. FEBRÚAR. FYLGIST MEÐ Á TIX.IS

Ljóðið lifir og lifir og lengi lifi ljóðið

Jólabókaflóðið er í senn þjóðarstolt og ein helsta forsenda bókaútgáfu á Íslandi en eðli málsins samkvæmt tekst misvel til hverju sinni. Af því tilefni er hér litið yfir síðasta flóð og hvað það var sem skoppaði þar á öldutoppum eða fór jafnvel með himinskautum.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þrátt fyrir að frönsk græja sem eldar matinn í plasti hafi náð hylli landans þessi jólin þá er bókin á sínum stað undir jólatrénu. Fjölmargir titlar komu reyndar æði seint á markað sökum bilunar í prentsmiðju í Finnlandi. Þótt jólabókaflóðið sé bráðskemmtilegt, sérislenskt fyrirbæri þá fylgja því líka ýmis vandkvæði hversu þröngur útgáfuglugginn er fyrir þorra íslenskra bóka. Það er aftur á móti hreint út sagt afleitt að bóka-gerð sé á undanhaldi og eigi mögulega eftir að leggjast af á Íslandi. Það er auðvitað kostnaðurinn sem vegur þyngst þegar útfendur velja þann kostinn að prenta utan Íslands, en í samfélagi þar sem efnahagurinn er viðlíka hverfull og raun ber vitni getur sparnaðurinn reynst dýrkeyptur þegar upp er staðið.

Tækifæri fyrir þau ungu

En bókaflóðið og blessuð jólin komu þrátt fyrir bilun í prentsmiðju í Finnlandi og í flóðinu var að finna fjölmargar finar bækur. Kannski ekki margar frábærar en þó gullmola á borð við Sögu Ástu eftir Jón Kalman og ljóðabókina Kóngulær í sýningargluggum eftir Kristínu Ómarsdóttur en þessar tvær telja margir að séu líklegastar til þess að berjast um Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta. Þetta er þó ekki sagt öðrum tilnefndum verkum til hnjóðs en smásagnasafnið Handbók um minni og gleymsku eftir Ragnar Helga Ólafsson er fin bók sem því miður var með síðustu bókum að skila sér úr prentsmiðju og leið ótvírætt fyrir það að berast svo seint. Kristín Eiríksdóttir er flottur höfundur en ekki allra (hvaða höfundur er það svo sem?) en skáldsagan Elín, ýmislegt er með betri verkum þessarar fjölbreyttu listakonu og um margt forvitnilegt verk. Það gildir ekki síður um prósaljóðabók Bergþóru Snæbjörnsdóttur, Flórida, heillandi og heildstætt verk.

Vissulega kom út fjöldi fram-bærilegra íslenskra fagurbókmennta á þessu ári en það verður þó að segjast eins og er að þessi vertíð verður seint talin með þeim bestu. Dreifingin á útgáfu verka frá reyndum skáldsagnahöfundum á

milli ára virðist vera helst til ójöfn og það er hætt við að það geti gert útfendum erfitt fyrir. Góðu fréttirnar eru þó að þetta gefur yngri skáldum og höfundum ákveðið tækifæri til þess að skína á vertíð sem þessari þar sem mörg stór nöfn eru á milli bóka. Á meðal athyglisverðra höfunda og skálda af yngri kynslóðinni um þessi jól má nefna Friðgeir Einarsson, Adolf Smára, Friðu Ísberg, Jónas Reyni Gunnarsson og Dag Hjartarson svo einhver nöfn séu nefnd.

Glæpsamlegt langhlaup

Eitt er það þó sem aldrei haggast á milli ára og það er að helstu spennusagnahöfundar Íslands skila af sér bók um hver einustu jól. Hver einustu jól í mörg ár hafa Arnaldur Indriðason og Yrsa Sigurðardóttir verið fastagestir í stofum landsmanna, vandlega innpökkuð undir jólatrénu, á hverju einasta aðfangadagskvöldi. Þetta er í raun ótrúlegt afrek því vinnan sem liggur að baki hverri bók felst oft ekki aðeins í skrifunum sjálfum heldur er talsvert lagt í rannsóknarvinnu og annað undirbúningsstarf og svo þurfa höfundarnir oft einnig að sinna kynningarmálum utan landsteinanna svo eitthvað sé nefnt. Og Arnaldur og Yrsa brugðust ekki lesendum sínum frekar en fyrri jól.

Stefán Máni og Ragnar Jónasson hafa einnig verið afar ötulir á síðustu árum og öll þessi fjögur voru mætt á sinn stað þessi jólin með spennandi sögur í farteskinu handa tryggum lesendum. Þessi elja íslenskra spennusagnahöfunda er efalítið ótrúlega mikilvæg



Það er afleitt að bóka-gerð sé á undanhaldi og eigi mögulega eftir að leggjast af á Íslandi.



VISSULEGA KOM ÚT

FJÖLDI FRAMBÆRILEGRA

ÍSLENSKRA FAGURBÓK-

MENNTA Á ÞESSU ÁRI

EN ÞAÐ VERÐUR ÞÓ AÐ

SEGJAST EINS OG

ER AÐ ÞESSI VERTÍÐ

VERÐUR SEINT TALIN

MEÐ ÞEIM BESTU.

Nýliðun í veröld spennusagna snýst einmitt oftar en ekki um þolinmæði og elju til þess að vera með bók hver jólin á fætur öðrum og byggja þannig upp lesendahóp. Eiríkur Bergmann stjórn málafræðingur virðist vera á slíku vegferð með aðeins alþjóðlegri nálgun en flestir kollegar hans hér heima. Hið sama má líka segja um Friðriku Benónýsdóttur sem sendi frá sér fina spennusögu fyrir jólin þar sem kveður við aðeins annan tón en við þekkjum úr flestum íslenskum spennusögum. Friðriku er flinkur stílisti og nálgun hennar minnir um margt á breska krimma og það er skemmtileg viðbót við íslensku flórana. Nú er bara að fylgja þessu eftir og mæta með nýja bók um næstu jól og jólin þar eftir og vera með í langhlaupinu alla leið.

Kjarni tungumálsins

Af þessum fimm sem þarna eru nefnd eru reyndar tvö ljóðskáld sem er ágætis áminning um að vaxtarbroddinn í íslenskum bókmenntum er ekki síst að finna í ljóðinu. Auk spennandi nýliðunar eru eldri skáld á borð við Braga Ólafsson og Hallgrím Helgason að snúa aftur til ljóðsins og það er alltaf fagnaðar efni. Að auki er nokkuð um endurútgáfur og þýðingar á mikilvægum ljóðverkum sem veita íslenskum lesendum og skáldum aðgang að verðmætum og innblæstri, sem verður seint ofmetið. Í því samhengi má til að nefna merkisverkið það sem lifir dauðann af er ástin. Hér er á ferðinni fjölbreytt úrval →

þar sem góðir krimmar njóta alltaf vinsælda, seljast vel og geta reynst mikilvæg undirstaða fyrir rekstur og útgáfu viðkomandi forlaga. Stefán Máni er öflugur höfundur sem hefur fundið sína rödd í kröftugum spennusögum. Höfundur sem er óhræddur við að fara sínar eigin leiðir og prófa sig áfram. Það var líka ánægjulegt að sjá að Ragnar Jónasson er að eflast í sínum verkum, stillinn að verða áhugaverðari og einfaldlega betri og það er vonandi að Ragnar haldi áfram á þessari braut.

DANSGLEÐI!

OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 6. JANÚAR KL. 10.00–14.30 AÐ HÁTEIGSVEGI 27–29!
Á ÞRETTÁNDANUM STÍGUM VIÐ DANSINN VIÐ TAKTFASTA TÓNA OG
BRENNUM ÁRIÐ Á OKKAR HÁTT!



KRISTALHOFIÐ
heilun fyrir sál og líkama!
kristalhofid@gmail.com
GSM: 777 3658

Vorönnin hefst
mánudaginn 8. janúar.
Skráning hafin á
dancecenter.is.
Takmarkaður fjöldi.
Skráðu þig strax!



Þú finnur okkur í tengibyggingu Háteigskirkju
(gengið inn að aftan)



Chantelle Carey sem er Íslendingum að góðu
kunn mun vera fastakennari á önninni.



TÍMAR Í BOÐI: ZumbaGleði! – DívuDansGleði! – Ballett fyrir yngri og eldri – Ballett Fitness – Jazzballett – Nútímadans – Spuni – JazzFunk – Hip hop – Mini Hip hop – StrákaSTUFF! – DansGleði foreldrar & barna – Capoeira – Yoga fyrir börn – MeðgönguYoga – MömmuYoga – YogaGleði! – Hugleiðsla – Núvitund

DANSANDI NÝÁRSGLEÐI!

Kl. 10.00–11.00 Ballett & barnadansar. Kennarar: Edda, Áslaug, Nanna
Kl. 11.00–11.30 Kynning á DanceCenter RVK í Kristalhofinu
Kl. 12.00–12.15 DívuDansGleði! Nanna & Elfa
Kl. 12.15–12.30 DansFitness – Kennari: Auður Harpa
Kl. 12.30–12.45 ZumbaFlavour! Zumba & ZumbaGold 60+ Ásta, Marta & Nanna
Kl. 12.45–13.00 BallettFitness 20+ & 60+
Kl. 13.00–13.15 NostalGíuDansGleði! Áslaug & Nanna
Kl. 13.15–13.30 Commercial Street – Nanna
Kl. 13.30–13.45 Mæðgna & FeðginaDansGleði!
Kl. 13.45–14.00 Mömmu & MeðgönguGleði!
Kl. 14.00–14.15 Capoeira & CapoeiraPrek. Kennari: Beatriz
Kl. 14.15–14.30 Söngur, leiklist & tónnæmi – Vala Eiríks

Opið hús (þú bara mætir!). Öllu dansþyrstu áhugafólki býðst að
upplifa dansgleðina. Hvort sem þú ert með engan grunn eða
atvinnudansari. Allar nánari upplýsingar um námskeið gefur
Nanna Ósk Jónsdóttir, DanceCenter RVK.
kristalhofid@gmail.com. GSM: 777 3658

Gestir eru hvattir til að taka með sér lokaða drykkjarbrúsa.

Fatnaður: Strigaskór (mega ekki vera útiskór og verða vera
með botn sem skilja ekki eftir sig rákir, hvítur eða glær botn)
eða dansskór og þægilegur dansfatnaður. Bolur og buxur.



kristalhofid.is • dancecenter.is



➔ af ljóðapýðingum Kristjáns Árnasonar allt frá fornkvæðum Grikkja og Rómverja til nýstárlegri samtímaljóða, auk nokkurra frumsaminnaljóða Kristjáns. Frábær bók sem of lítið hefur farið fyrir í flóðinu en á þó efalítið eftir að eiga langa lífdaga.

En gróskan í ljóðlistinni er þó ekki síst hjá ungum skáldum. Starf Meðgönguljóða, þegar það var hvað kröftugast, leikur þar efalítið stórt hlutverk en þar hafa fjölmörg ung skáld fundið bæði vettvang og stuðning á undanföllum árum. Eitthvað sem getur reynst ómetanlegt fyrstu skrefin fram á ritvöllinn. Ungu skáldin virðast einnig mörg eiga það sameiginlegt að hafa setið á skólabekki í ritlistinni innan Háskóla Íslands og á meðal þeirra virðist gæta mikilla áhrifa frá Sigurði heitnum Pálssyni og er það vel enda ljóðið kjarni tungumálsins og bókmenntanna svo vísað sé til orða skáldsins. Þrátt fyrir allar hrakspár þá er það samt svo að ljóðið einfaldlega lifir og lifir og lengi lifi ljóðið!

Þýðingasafnið stækkar

Annað sem er íslenskum bókmenntum og bókmenntaunnendum mikilvægt og á vonandi eftir að lifa lengi eru þýðingar. Vandaðar þýðingar á bæði á sigildum snilldarverkum og nýjum ferskum bókmenntum utan úr hinum stóra heimi margfalda stærð heimsins fyrir alla áhugasama lesendur og höfundar. Að þýða góðar bókmenntir felur í sér mikla áskorun og glímu við tvö tungumál sem er örmáli á borð við íslenskuna gríðarlega mikilvægt.

Miðað við smæð samfélagsins erum við Íslendingar í raun ágætlega stóðd hvað varðar snjalla þýðendur og afköst þeirra snjöllustu eru líka með talsverðum ólíkindum. Blessunarlega hafa flestir útgefendur áttað sig á því að jólabókafloðið er ekki endilega besti tíminn til þess að gefa út vandaðar bókmenntaþýðingar. Útgáfa þýddra verka dreifist því betur yfir árið og fjölbreytnin virðist vera að aukast með hverju árinu.

Til marks um þessa fjölbreytni má t.d. horfa til þeirra verka sem eru tilnefnd til Íslensku þýðingarverðlaunanna í ár. Þar er að finna sigild meistaraverk á borð við Walden eða Lífið í skóginum eftir Henry David Thoreau, í þýðingu Elísabetar Gunnarsdóttur og Hildar Hákonardóttur, Veisla í greninu eftir Juan Pablo Villalobos, í þýðingu Maríu Ránar Guðjónsdóttur, ljóðabókina Sorgin í fyrstu persónu eftir Ko Un, í þýðingu Gyrðis Eliassonar, Orlandó eftir Virginíu Woolf í þýðingu Soffíu Auðar Birgisdóttur, og loks Doktor Proktor eftir Jo Nesbø í þýðingu Jóns Stefáns Kristjánssonar. Klassík, samtímabókmenntir, ljóð, barnabókmenntir. Allt er þetta óendanlega mikilvægt fyrir framgang og þroska íslenskra bókmennta sem og mikilvægur liður í að vernda og viðhalda íslenskunni.



Á árinu fengu íslenskir lesendur reyndar einnig aðra snilldarþýð-

ingu á verki eftir Virginíu Woolf en Mrs. Dalloway kom út í þýðingu þess snjalla þýðanda Atla Magnússonar. Að auki getur að líta fyrsta flokks samtímabókmenntir á lista yfir nýjar þýðingar á borð við Kalak eftir Kim Leine í þýðingu Jóns Halls Stefánssonar, Hnotskurn eftir Ian McEwan í þýðingu Árna Óskarssonar, Barnagælu eftir Leilu Slimani, í þýðingu Friðriks Rafnsónar, Grænmetisætuna eftir Han Kang, í þýðingu Ingunnar Snædal, svo aðeins fátt eitt sé nefnt. Eitt er víst að gróskan í þýðingum er umtalsverð og í raun til marks um að íslenskir lesendur vilja hafa aðgang að sem breiðustu safni gæðabókmennta á íslensku. Þetta er safn sem stækkar blessunarlega frá ári til árs.

Að lesa meira og meira

Talandi um grósku og þörf fyrir aðgang að úrvali vandaðra bókmennta þá koma barnabókmenntirnar upp í hugann. Þrátt fyrir að fjöldi bóka fyrir börn og unglunga komi út á hverju ári, mikill meirihluti í aðdraganda jóla, þá er samt þörf á að gera betur. Barna- og unglungabækur eru oft fljótlesnar og duglegustu lestrarhestarnir mjög afkastamiklir. Auk þess er hér verið að sinna afar breiðum og ólíkum hópi lesenda, þar sem yngsti og elsti hluti hópsins eiga í raun ekkert sameiginlegt, þannig að fjöldi útgefna titla segir litla sem enga sögu.

Ef lítið er á þær ljóðandi finu bækur sem eru tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna sést þessi breidd eða öllu heldur þessi vandi glögglega. Skrimslí í vanda, eftir Elísu Jóhannsdóttur höfðar til barna sem eru að byrja að lesa eða jafnvel yngri. Þitt eigið ævintýri eftir Ávar Þór Benediktsson er ætluð krökkum á barnaskólaaldri. Er ekki allt í lagi með þig? Eftir Elísu Jóhannsdóttur og Vertu ósýnilegur: Flóttasaga Ishmaels eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur höfða til unglunga. Og loks er það hin bráðskemmtilega Fuglar eftir Hjörleif Hjartarson og Rán Flygering sem gæti helst



flokkast sem fræðandi skemmtiefni fyrir alla fjölskylduna.

Með því að horfa til aðeins þessara fimm bóka sést vel hversu þörfin fyrir fjölbreytta og öflugra útgáfu er mikil af þeirri einföldu ástæðu að krakkar vaxa upp úr lesefni. En ef þau itrekað upplifa að þau hafi einfaldlega „ekki lesa sem þau langar til þess að lesa“ er hætt við að þau snúi sér að öðru. Þess vegna er líkast til ekkert eins mikilvægt fyrir bókmenningu Íslendinga og að við förum að sinna þessum lesendum af mun meiri krafti og alvöru og til þess að slíkt eigi að ganga upp þurfa stjórnvöld að taka þátt.

Þessi vandi blasir til að mynda við þegar kemur að útgáfu á bókaröðum fyrir bæði börn og unglunga. Stuðningurinn dugir ekki til þess að útgefendur hafi undan og ungu lesendurnir næla sér í næstu bækur á ensku eða hætta að lesa. Á sama tíma má sjá hversu ótrúlegum árangri höfundur eins og Gunnar Helgason hefur náð með því að sinna sínum lesendum frá ári til árs. Bækur Gunnars jafnvel fylgja hans helsta lesendahópi aldurslega með því að viðfangsefni taka mið af aldri og þroska hans dyggustu lesenda. Árangurinn hefur líka ekki látið á sér standa og það eru eflaust ófá ungmennin sem eiga lestrarkunnáttu sína og færni Gunnari mikið að þakka. Að lesa meira og meira er nefnilega lykillinn að svo ótrúlega mörgu í nútímasamfélagi og þessu þurfa stjórnvöld að átta sig á.

Til gagns og gamans

Það er mikil og sterk ævisagnahefð á íslenskum bókamarkaði en það er þó sitthvað sem bendir til þess að breytingar séu að eiga sér stað. Ævisögum stjórnámalamanna og annarra áberandi einstaklinga úr þjóðlífinu virðist fara fækkandi á sama tíma og ævisögum rithöfundar og jafnvel fleiri listamanna, byggðum á ævi þeirra og þeirra nánustu, fjölga jafnt og þétt. Hvort þetta er jákvæð eða neikvæð þróun er svo auðvitað smekksatriði en bókmenntalega séð hvarflar nú óneitanlega að manni að þetta sé frekar til bóta. Það hefur í hið minnsta oft verið efið að verjast þeirri tilfinningu við lestur ævisagna stjórnámalamanna að þær þjóni einkum þeim tilgangi að skrifa þeirra útgáfu af sögunni. Í þannig bókum er oft ekkert síður forvitnilegt að skoða hvað er ekki þar að finna en það sem stendur á síðunum.

Það á þó svo sannarlega ekki við fjölskyldusögu rithöfundarins Mikael Torfasonar þar sem ekkert er dregið undan. Hið sama má mögulega segja um bók Jóns Gnarr, Jóka, um ævi eiginkonu hans og einnig koma upp í hugann nokkrar magnaðar þýðingar. Hvort hér eru á ferðinni áhrif frá erlendum höfundum á borð við Karl Ove Knausgaard verða aðrir að segja til um en þetta er í það minnsta forvitnileg þróun.

Útgáfa hvers kyns forvitnilegra fræðibóka er bæði mikil og fjölbreytt þrátt fyrir þröngan markað. Þessi verk eiga það þó alla jafna sameiginlegt að vera síður bundin af jólabókafloðinu og útgefendur mættu gjarnan hafa í huga að fyrir þessar bækur er jafnvel betra að koma út á öðrum árstíma. Stofuhiti Bergs Ebba er gott dæmi um slíka vel heppnaða útgáfu að sumri til á góðri bók sem skoðar samfélag okkar með nýstárlegum og skemmtilegum hætti. Sagnfræði og náttúruvísindi eru reyndar oftar en ekki fyrirferðarmest í þessari útgáfu enda áhugi leikmanna umtalsverður á þessum fræðum og þess er óskandi að framhald verði á þeirri þróun að út komi aðgengilegar bækur um forvitnileg fræði sem nýtast bæði sérfróðum sem leikmönnum. Bækur sem eru rétt eins og allar góðar bækur eiga að vera; lesendum sínum til bæði gagns og gamans.

KOMDU

í

KOLAPORTIÐ

- dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17

BYRJAÐU NÝJA ÁRIÐ BETUR!



Sigraðu sjálfan þig

STÆRSTI SIGURINN

TILBOÐSVERÐ:
3.399.-
Verð:
4.299.-




Einstök bók eftir Ingvar Jónsson sem getur liðsinnt öllum þeim sem hafa hug á að brjótast úr viðjum vanans, stefna hærra og sækja lengra. Bókin innheldur fjölmörg verkfæri sem auðvelda þér að ná markmiðum þínum og sigra sjálfan þig.



BÆTUM LÍKAMANN

Í þessari bók eftir Michael Mosley fer hann með okkur í ferðalag um meltingarveginn. Michael Mosle skrifaði metsölubækurnar "5:2- mataræðið", "8 vikna blóðsykurkúrinn" og gert fjölda þátta um heilsu og lifnaðarhætti.




8 vikna blóðsykurkúrinn
TILBOÐSVERÐ: 4.299.-
Verð áður: 3.399.-



5:2 mataræðið
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.699.-

TILBOÐSVERÐ:
3.399.-
Verð:
4.299.-



Bætt melting - Betra líf

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 8. janúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um skringilegan skemmtikraft.

Sadistinn Otto (leikinn af Kevin Kline) hefur bundið stamandi dýravininn Ken (sem leikinn er af Michael Palin) við stól og hyggst pynta hann til sagna. Meðan á yfirheyrslunni stendur, spyr Otto hinn skelfingu lostna Ken spurninga úr sögu heimspekinnar, einkum um eftirlætisheimspeking sinn Nietzsche og treður frönskum kartöflum upp í nasaholur fórnarlambins.


Þessi eftirminnilega sena úr gamanmyndinni um Fiskinn Vöndu frá árinu 1988 kitlaði hláturtaugar áhorfenda um víða veröld. Engum var þó jafnskemmt og danska heyrnarneinafræðingnum Ole Bentzen. Hann hló svo tryllingslega að sérfræðingar áætluðu að hjartað hafi slegið á bilinu 250-500 sinnum á mínútu, uns það brast. Bentzen fékk hjartaáfall og var úrskurðaður látinn þegar sjúkraflutningamenn mættu á staðinn.

Dauði hins hláturmilda Dana var vitaskuld harmleikur fyrir fjölskyldu hans og vini, en stórkostleg auglýsing fyrir kvikmyndaverið sem framleiddi hina afdrifríku gamanmynd. Sagan af vesalings Ole Bentzen flaug um víða veröld og ófyrirleitnir eigendur kvikmyndahúsa hikuðu ekki við að nýta sér hana og auglýsa myndina sem „lífshættulega fyndna“.

Næri hundrað árum áður höfðu stjórnendur skemmtistaðarins Rauðu myllunnar í París gripið til sömu auglýsingabrellu á sýningum Josephs Pujol, sem kallaði sig Le Pétomane. Sýning hans var sú vinsælasta í gjörvallri Parísarborg og þótti svo fyndin að konur í áhorfendahópnum, sem reyrdar voru í lífstykki að þeirrar tíðar tisku, áttu það til að hníga í öngvit þegar leikurinn stóð sem hæst og á einni sýningunni fékk karlmaður í salnum hjartaáfall. Í auglýsingaskyni ákvað skemmtistaðurinn því að hafa hjúkrunarkonur til taks þegar Le Pétomane tróð upp. Skemmtikrafturinn sem vakti þessi kröftugu viðbrögð var þó hvorki uppistandari né gamanvisnasöngvari. Joseph Pujol var nefnilega fretlistamaður.

Aftansöngur til skemmtunar

Áður en lengra er haldið í að rekja feril og listir þessa sérkennilega Frakka, er rétt að taka það fram að



Meistari prumpsins

Þótt Joseph Pujol sé vafalítið kunnasti listamaður síðustu aldarinnar á þessu óvenjulega sviði, hefur sagan að geyma fleiri dæmi um fólk sem hefur öðlast frægð fyrir að tjá sig með afturendanum. Vindgangur hefur alla tíð heillað mannkynið. Þótt dæmi séu um það í menningarsögunni að prump sé talið hollur og góður eiginleiki, þess sér til að mynda stað í þjóðsögum Inúíta, er algengara að þessi iðja sé talin skemmtiefni og tengist groddalegum gamanmálum.

Til skamms tíma var talið að elsti þekkti brandari mannkyns væri egypskur frá því 1.600 árum fyrir upphaf tímatafs okkar. Hann er eitthvað á þessa leið: „Hvernig hressirðu faraó við þegar hann er í döpru skapi? – Með því að fylla bát af ungum stúlkum sem aðeins eru klæddar í fiskinet og sendir hann niður að Nil til að veiða!“

Löngum var kersknisaga þessi talin til marks um að húmor hefði frá upphafi verið blautlegur og neðanbeltis. Fyrir nokkrum árum fundu málvísindamenn þó enn eldri brandara, sem ættaður er frá Súmerum um 1.900 árum fyrir Krist: „Eitt er það sem aldrei hefur gerst í sögunni: að ung eiginkona freti ekki í kjöltu mannsins síns!“

Eflaust hafa Súmerar hlegið datt að þessum sigilda brandara og þau fjögur þúsund ár sem liðin eru síðan hefur prump verið miðlægt í menningu heimsins. Finna má dæmi frá ýmsum tímum mannkynssögunnar um einstaklinga sem öðluðust frægð fyrir að freta sérlega kröftulega eða af listfengi.

Við hirðir miðaldakonunga tíðkaðist að halda hvers kyns skemmtikrafta og hirðfífl. Má á stöku stað finna vísanir í heimildum í fólk sem skemmti áheyrendum með hljóm-miklum rokem frá endaparmi. Kunnastur var líklega fretarinn Róland, sem var hirðfífl í þjónustu Hinriks 2. Englandskonungs á tólftu öld. Hann þótti svo snjall í fretlistinni að konungur gaf honum miklar lendur að launum.

Svo virðist sem Róland fretari hafi þegið þrjátíu ekrur lands fyrir



VINDGANGUR HEFUR ALLA TÍÐ HEILLAD MANNKYNIÐ.

snilli sína, sem var langtum meira en venjulegt hirðfífl gat vænst úr hendi konungs. Bendir það til þess að Róland hafi verið fadaema snjall í faginu. Freistandi er að álykta að hann hafi verið sömu eiginleikum búinn frá náttúrunnar hendi og Joseph Pujol mörgum öldum síðar.

Einstakur endaparmur

Pujol fæddist árið 1857 í Marseilles. Sagan hermír að á unglingsárum hafi hann verið að leik í brimi við ströndina. Í þann mund sem hann dró djúpt andann áður en næsta alda reid yfir, fann hann nistandi kulda í ristlinum. Pujol reyndist óafvitandi hafa sogið heljarmikinn sjó upp í gegnum endaparminn um leið og hann andaði. Drengurinn varð skelfingu lostinn og þagði um þennan hæfileika sinn í mörg ár.

Löngu síðar, þegar Pujol var kominn í herinn, sagði hann félögum sínum söguna og þeir hvöttu hann til að endurtaka leikinn. Í ljós kom að hermaðurinn ungi gat sogið ekki aðeins vökvu, heldur einnig loft upp í ristilinn og losað þaðan aftur að vild. Hann hóf þegar að vinna með þessa óvenjulegu náðargáfu og þjálfá sig í hvers kyns kúnstum.

Þessa sérstæða líkamsstarfsemi var

lykillinn að list Pujols. Þótt hann kallaði sig fretlistamann var í raun ekki um eiginlegt fret að ræða, þar sem prumpið varð ekki til fyrir tilstilli baktería í meltingarveginum. Vindgangurinn var því margfalt meiri en unnt hefði verið með náttúrulegum aðferðum, auk þess sem hann var lykhtarlaus (sem skýrðist einnig af tröllatru listamannsins á stólpípum í hollustuskyni – en hann mun hafa gefið sjálfum sér stólpípu allt að fimm sinnum á dag).

Eftir herþjónustu gerðist Pujol bakari og næstu árin var prumpið einungis áhugamál samhliða brauðgerðinni. Hann gerði sér að leik að skemmta viðskiptavinum með því að freta í hljómtegundum hinna ýmsu hljóðfæra og fékk afbragðsgóðar viðtökur. Á þrítugasta aldursári lét hann loks slag standa og hóf að leysa vind á sviði í Marseilles.

Við komum saman og...

Það virtust engin takmörk fyrir því hvers konar furðuhljóð Pujol gat framkallað með endaparminum. Hann hermdi eftir fallbyssuskotum og þrumuveðri, en einnig hljóðfærum og ýmsum dýrum. Hann gat leikið heilu dægurlögin og sjálfan þjóðsönginn með hjálp flautu sem stungið var upp á milli rasskinnanna. Til að ganga ekki fram af siðprúðum áhorfendum, kom listamaðurinn þó yfirleitt fram í snyrtilegum smóking með gúmmislöngu út úr afturendanum.

Sýningin sló í gegn í Marseilles og leiðin lá skjótt til heimsborgarinnar. Þar jók Pujol enn við dagskrá sína ýmsum brellum, svo sem að totta vindil og blása fallegum reykhringjum í gegnum görnina, slökkva á kerti í nokkurra metra fjarlægð og setja upp litla leikþætti þar sem ólík prumpuhljóð voru látin tákna mismunandi persónur: allt frá feimnum yngismeyjum til frekra tengdamæðra.

Rauða myllan var aðalskemmtistaður Parísarbúa, í það minnsta þegar kom að sýningum sem ekki féllu að siðgæðisviðhorfum allra. Pujol varð þegar vinsælasti skemmtikraftur staðarins og fékk mun hærri laun en kunnir listamenn á borð við þokkagyðjuna Söru Bernhardt. Auk opinberu sýninganna aflaði hann sér einnig stórfjár með einkasýningum fyrir auðmenn sem vildu sjá hann leika listir sínar nakinn, til að sannfæra um að ekki væru brögð í taflí. Raunar hafði Pujol ítrekað leyft læknum og vísindamönnum að rannsaka sig við slíkar aðstæður, til að votta að hann væri enginn svikahrappur.

Þótt Le Pétomane væri gullkálfur Rauðu myllunnar kastaðist í kekki milli hans og stjórnendanna, sem stefndu honum fyrir að prumpa á sýningum utan skemmtistaðarins og brjóta þannig gegn ráðningar-samningnum. Rauða myllan vann málaferlin en þar sannaðist að sá hlær best sem síðast hlær. Pujol opnaði sinn eigin skemmtistað, en gömlu vinnuveitendurnir brugðust við með því að kynna til sögunnar nýjan fretlistamann – og það konu. Hún reyndist algjör eftirbátur Pujols og var fljótlega afhjúpuð sem loddari, þegar í ljós kom að hún faldi heljarmikinn físelþeg undir pílsnum sínum.

Pujol átti eftir þetta nokkur góð ár sem sjálfstætt starfandi fretkarl, en tíðarandinn reyndist honum ekki hliðhollur. Fyrri heimsstyrjöldin braust út árið 1914 og mátti listamaðurinn sjá á eftir tveimur sonum sínum í stríðið þar sem þeir snerðust báðir. Þessi persónulegu áföll drógu mjög úr honum máttinn, en líklega munaði meira um það að stríðið og hörmungar þess settu mark sitt á skemmtanalíf Parísarbúa. Léttúðugar prumpsýningar þóttu ekki lengur videigandi, líkt og þær tilheyrðu eldri og saklausari tímum.

Pujol hvarf aftur á heimaslóðir sínar og tók upp bakaraiðnina að nýju. Hann lést í hárrí elli, en ættingjar hans höfnuðu óskum lækna um að fá að kryfja líkið til að rannsaka betur hinn undursamlega ristil og endaparm. Hamingjan ein má vita hvort mannkynið mun aftur kynnað öðrum eins listamanni.

ÚTSALA

30-70% afsláttur

Komdu og gerðu frábær kaup fyrir alla fjölskylduna.

skórnir þínir

SMÁRALIND • 2 HÆÐ
SKORNIRTHINIR.IS

Bætum við
vörum daglega

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

ÚTSALAN ER HAFIN

YFIR 4000 VÖRUR
Á MÖGNUM TILBOÐI!

20-75%
afsláttur!

**KAFFIVÉLAR,
ELDHÚSÁHÖLD,
POTTAR OG PÖNNUR,
VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,
DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL,
BORBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR,
BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR-
OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR,
HRADSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT,
HITAKÖNNUR OG BRÚSAR,
BAÐVOGIR OG MARGT
FLEIRA!**

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Líkaðu við okkur
á Facebook:
[www.facebook.com/
byggtogbuid](http://www.facebook.com/byggtogbuid)

TÍMAMÓT



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Teitur Jónasson

lést mánudaginn 1. janúar.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
föstudaginn 19. janúar kl. 13.

Halldóra Teitsdóttir
Ingveldur Teitsdóttir
Haraldur Þór Teitsson

Jónas Haraldsson
Gunnar Torfason
Ylfa Edith Fenger
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eigenmaður minn,
Berghreinn Guðni
Þorsteinsson

flugvirki,
Dalseli 34,

lést í faðmi fjölskyldunnar að morgni
nýársdags á hjúkrunarheimilinu
Skógarbæ.

Fyrir hönd aðstandenda,
Randy Sigurðardóttir

Ótrúlega gefandi starf

Sylvía Hallsdóttir í sveitarfélaginu Garði á Suðurnesjum lét af störfum á gamlárskvöld 2017 sem meðhjálpari í Útskálakirkju um áramótin eftir rúmlega 22 ára farsælt starf.

Það var á aðfangadag árið 1995 sem Sylvía Halldórsdóttir var beðin að vera meðhjálpari í messu í Útskálakirkju sama dag klukkan 18, því starfandi meðhjálpari væri veikur. Eftir það varð ekki aftur snúið. Nú rúmum 22 árum síðar hefur hún sagt skilið við embættið og lét messuna á gamlárskvöld 2017 marka þau tímamót.

Sylvía er fædd í Skinnalóni á Melrakkaslétu haustið 1944 en ólst upp á Raufarhöfn frá þriggja ára aldri. Hún fór snemma að vinna, var í sveit og svo til skiptis í sveit eða að passa börn. Þá vann hún við sildarsöltun og einnig á símtöðinni á Raufarhöfn þar sem voru þrjár samalínur til Akureyrar sem þurftu að gagnast öllum, bæði heimamönnum, sildarvinnslufólki og sildarflotanum. Sylvía vann einnig við verslunarstörf, fiskvinnslu og í rúm 20 ár á hjúkrunarheimili í Garðinum eða þar til því var lokað 2014.

„Ég kem úr stórrí fjölskyldu, við erum sjö systur og einn bróðir og afkomendur frá foreldrum mínum eru á bilinu 130 til 140. Sjálf á ég mann, tvö börn, þrjú ömmubörn og þrjú langömmubörn,“ segir Sylvía um fjölskyldu sína.

Sylvía segir að allt hafi verið skemmtilegt við að vera meðhjálpari í Útskálakirkju en hlutverkið felst í því að undirbúa fyrir messur og aðstoða í þeim, vera við skírnir, brúðkaup, jarðfarir, lita eftir kirkjuhúsinu, sjá um að flagga og jafnvel taka á móti fólki sem vildi skoða kirkjuna.

„Starfið var alltaf skemmtilegt og gaf mér mikið, það erfiða var jafnvel mest gefandi í starfinu. Maður fékk að sjá svo vel hvað manneskjan er margbreytileg. Þetta starf er ótrúlega gefandi, það er ekki hægt að meta það til fjár,“ bætir Sylvía við. Hún starfaði með mörgum prestum í kirkjunni, meðal annarra þeim Sigfúsi B. Ingvasyni, Hirti Magna



Sylvía Hallsdóttir í síðustu messu sinni sem meðhjálpari. MYND/GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

●● **Það erfiða var jafnvel mest gefandi í starfinu. Maður fékk að sjá svo vel hvað manneskjan er margbreytileg.**

Jóhannssyni, Birni Sveini Björnssyni, Önundi Björnssyni, Arngrími Jónssyni, Báru Friðriksdóttur og núverandi presti, Sigurði Grétari Sigurðssyni. Einnig ótal mörgum öðrum sem voru í einni athöfn eða fleirum.

Sylvía segir gott að hætta á þessum tímamótum, starfið sé frekar bindandi og hún ætli nú að njóta þess að vera frjáls. mhh@frettabladid.is

Meirgæta, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA
ÚTR
REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfssdóttir Sverrir Einarsson Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfarastofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ÞETTA GERÐIST: 7. JANÚAR 1942

María Markan söng í Metropolitan

Óperusöngkonan María Markan varð fyrst Íslendinga til að syngja stórt hlutverk í Metropolitan-óperunni í New York. Það var 7. janúar 1942. Óperuhúsið er eitt elsta og virtasta óperuhús Bandaríkjanna. María steig þar á sviði í hlutverki greifafrúarinnar í Brúðkaupi Figarós eftir Mozart.

María kom til New York haustið 1941 eftir að hafa starfað í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi,



Berlín, Lundúnum og við Glyndebourne-óperuna á Englandi auk þess að hafa farið í söngföer um Ástralíu. Hún var fastráðin við Metropolitan frá 1941 til 1944. Þá var síðari heimsstyrjöldin í algleymingi og rætin blaðaskrif um meint tengsl Maríu við nasista í Þýskalandi reyndust henni fjötur um fót á framabrat við óperuna.



NORDICPHOTO/GETTY

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Sigrún Óskarsdóttir, guðfræðingur

Útfararþjónusta
& lögræðingur

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Jórunn Gislína Gottskálksdóttir
Lóa frá Hvoli í Ölfusi,
lést á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði sunnudaginn 24. desember.
Hún verður jarðsöngin frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 6. janúar kl. 14.00.

Kristján J. Friðgeirsson
Gottskálf Friðgeirsson
Gróa Friðgeirsdóttir
Rúnar J. Friðgeirsson
Össur E. Friðgeirsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Edda Sverrisdóttir
Ásgeir Guðmundsson
Yuridise Kendi Nyaga
Guðrún Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

+

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Kr. Ingólfsson
bifvélavirki,
Bárustíg 2, Sauðárkróki,
lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki þriðjudaginn 2. janúar sl.
Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 13. janúar kl. 14.00.

Regína Magnúsdóttir
Magnús Jónsson
Jónína Inga Jónsdóttir
Helgi Jón Jónsson
Halldór Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Karitas R. Sigurðardóttir
Kristján Óli Jónsson
Inga Hjördís Aðalbjarnardóttir
Rósa María Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Eva Hlín og Þorsteinn Jóhannesson, framkvæmdastjóri Farfugla.

Gestirnir geta sofið vært

Farfuglaheimilið í Borgarnesi hefur fengið vottun Norræna umhverfismerkisins Svansins til staðfestingar á góðum árangri í verndun umhverfisins. Það er eini gististaðurinn á Vesturlandi með slíka vottun og fyrsta farfuglaheimilið utan Reykjavíkur.

Gestirnir okkar ganga vel um og eru meðvitaðir um mikilvægi þess að flokka rusl og endurvinna. Auðvitað þarf að vaka yfir því að fræða þá um okkar stefnu, til dæmis Asíubúana, en þeir taka fullt tillit til hennar þegar þeir hafa verið upplýstir um hana," segir Eva Hlín Alfredsdóttir, móttökustjóri farfuglaheimilisins í Borgarnesi. Það

heimili hlaut Svaninn, sem er norrænt umhverfismerki, í lok síðasta árs og er hið eina utan höfuðborgarinnar sem hefur náð þeim árangri. Í dag eru átta gististaðir á landinu með slíka vottun, þar af er helmingurinn farfuglaheimili.

Eva Hlín segir farfuglaheimilið hafa haft viðmið Svansins að leiðarljósi lengi, kröfurnar byggist á sjálfbærni og sam-

félagsábyrgð. Efna- og orkunotkun sé í lágmarki, heimilið kaupir inn vistvænar vörur og allur úrgangur sé flokkaður og enduruninn. Auk þess hvetji Farfuglar gesti sína til að ferðast á sjálfbæran og ábyrgan hátt. „Gestirnir okkar geta sofið vært, vitandi það að þeir skilja ekki eftir sig kolefnisfótspor meðan þeir dvelja hjá okkur.“ gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Eggert Guðjónsson

húsasmiðameistari,
Efstasundi 30, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 2. janúar.
Útförin fer fram frá Áskirkju
miðvikudaginn 10. janúar kl. 13.00.

Eygló Fjóra Guðmundsdóttir

Guðjón Bjarni Eggertsson

Magnús Þór Eggertsson Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir
barnabörn og langafabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Matta Friðriksdóttir

Vallhólma 8, Kópavogi,

lést þann 30. desember á Hrafnistu í
Reykjavík. Útför hennar fer fram frá
Kópavogskirkju miðvikudaginn
10. janúar klukkan 13.

Benedikt Bjarnarson

Þuríður H. Benediktsdóttir

Sigurður F. Benediktsson

Haukur C. Benediktsson

Birgir Teitsson

Ingibjörg Helga Helgadóttir

Hjördis Sigurðardóttir

og barnabörn.



Pálmi Þorsteinsson

byggingartækniþræðingur,
Klettaborg 54, Akureyri,

lést á heimili sínu miðvikudaginn
3. janúar. Útför hans fer fram
frá Akureyrarkirkju föstudaginn
12. janúar klukkan 13.30. Blóm og kransar
vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja
minnast hans er bent á minningarkort til styrktar
starfsemi Heimahlyningar á Akureyri.

María Axfjörð

Arnhildur Pálmadóttir

tengdabörn, barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.

Guðfína Óskarsdóttir

Þorsteinn Pálmason Axfjörð

tengdabörn, barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Svava Pálsdóttir

Hrafnkelsstöðum,
Hrunamannahreppi, Árnessýslu,

lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum,
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, 3. janúar
2018. Útför hennar verður gerð frá Hrunakirkju
laugardaginn 13. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst
hennar er bent á hjúkrunarheimilið Ljósheim, HSU.

Aðalsteinn Þorgeirsson

Margrét Jónsdóttir

Anna Ringsted

Brynhildur Þorgeirsdóttir

Hrafnhildur Þorgeirsdóttir Guðmundur Auðunsson

Ragnhildur Þórarinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Sigmar Svavarsson

frá Seyðisfirði,

lést 23. desember síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Lindakirkju
föstudaginn 12. janúar kl. 13.00.

Lilja S. Sigmarsdóttir

Jón Viðar Gestsson

Páll Þórir Pálsson

og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, amma
og langamma,

Guðrún Sigríður Sverrisdóttir

lífeindafræðingur,

lést þann 14. desember síðastliðinn á
Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin
hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Kærar þakkir
fyrir hlýjar kveðjur og auðsýnda samúð.

Ragnar Þórisson

Katrín Gunnarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
sonur, bróðir, tengdasonur og mágur,

Haukur Þór Bergmann

tölvunarfræðingur,
Kögurseli 1, Reykjavík,

sem lést 29. desember, verður
jarðsungið frá Kópavogskirkju
föstudaginn 12. janúar kl. 13.00.

Aðalheiður Kristjánsdóttir

Halldóra Rún Bergmann

Þóra Lilja Bergmann


Hekla Lind Bergmann

Þóra Jónsdóttir

Sigurður Bergmann

Halldóra Gísladóttir

Sólveig St. Guðmundsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma, systir og mágkona,

Kristín P. Andrésdóttir

hússtjórnarkennari,
Berjaríma 34,

lést 3. janúar síðastliðinn. Útförin fer
fram frá Seljakirkju 12. janúar kl. 13.00.

Anna Björg Sigurðardóttir

Ragnhildur Hrun Sigurðard.

Andrea Rós Viglundsdóttir

Stefán Ragnar Viglundsson

Aron Kristinn Jónsson

langömmubörn

Björgúlfur Andrésón

Víglundur H. Ákason

Antonio Fattoruso

Kristín Ósk Magnúsdóttir

Hafdis Jónsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Gísli Finnbogi Guðmundsson

skipstjóri,
Prestastíg 6, 113 Reykjavík,

lést þann 1. janúar 2018 á líknardeild
Landspítalans. Jarðsungið verður í
Guðríðarkirkju þriðjudaginn 9. janúar kl. 15.00. Þeim sem
vilja minnst hans er bent á líknardeild Landspítalans,
Rjóður í Kópavogi.

Þórey Erla Ragnarsdóttir

Ágústa Finnbogadóttir

Guðmundur Finnbogason

Arnbjörg Gísla Finnbogadóttir

Ragnhildur Finnbogadóttir

Sólrun Elin Rögnvaldsdóttir

Ragnar Rögnvaldsson

Rögnvaldur Rögnvaldsson

Alda J. Rögnvaldsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Magnús Jónatansson

Þorgerður Guðrún Sveinsd.

Sigurður Ingason

Rakel Sigurðardóttir

Arne Sólmundsson



Eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

Guðni Þór Gunnarsson

frá Eskifirði,
Bergsmára 11, Kópavogi,

lést að heimili sínu 21. desember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Jóhanna Andrea Ólafsdóttir

Ólafur Gunnar Guðnason

Andrea Guðlaug Guðnadóttir

Egill Guðni Guðnason

Helga Guðnadóttir

Sigríður Bjarney Guðnadóttir

Margrét Þórey Guðnadóttir

afabörn og langafabörn.

Hugrún Ísaksdóttir

Sigurjón Ólason

Svanhvit Friðþjófsdóttir

Gunnar Örnólfur Reynisson

Gísli Pálsson

Ívan Örn Hilmarsson



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Gunnlaugur Lárusson

fyrirverandi skrifstofustjóri
Framleiðsluráðs landbúnaðarins,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
24. desember. Útförin fer fram frá
Lindakirkju í Kópavogi mánudaginn 8. janúar kl. 13.00.

Stefanía Erla Gunnlaugsdóttir

Lárus Gunnlaugsson

Jónína Gunnlaugsdóttir

Margrét Gunnlaugsdóttir

barnabörn og langafabörn.

Kristín Jóna Jónsdóttir

Jón Rafn Gunnarsson

barnabörn og langafabörn.

PRÓFAÐU VEGAN Í JANÚÁR

veganuar.is



Samtök
grænmetisæta
á Íslandi

Veganúar er áskorun til almennings um að prófa
vegan lífsstíl og stuðla þannig með virkum hætti
að dýravernd, umhverfisvernd og bættri heilsu.

Það er ekkert mál að byrja núna,
skoðaðu matarplönin:

veganuar.is/matur

Fylgstu með okkur á Snapchat:

[veganúar](#)

Veganismi er lífsháttur þar sem leitast
er eftir fremsta megni að útiloka og
forðast hagnýtingu og ofbeldi gagnvart
dýrum, hvort sem það á við um fæðu,
fatnað, skemmtun eða aðra neyslu.

[Kynntu þér málið á \[veganuar.is\]\(https://veganuar.is\)](#)




KRAKKAR

Konráð

283

og félagar á ferð og flugi

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnapraut,“ sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata eins ánægð. „Þú og þínar eldspýtnaprautir,“ sagði hún öflug. „Þér finnst þær örugglega bara skemmtilegar af því að þú ert betri en við í þeim,“ bætti hún við. „Ég er nú strax búin að leysa þessa,“ sagði Róbert. „En ég ætla að leyfa ykkur að glíma við hana áður en ég segi ykkur svarið.“ Einhverra hluta vegna trúðu þau ekki Róberti.



„Sko,“ sagði Lísaloppa. „Það á að færa fjórar eldspýtur og búa þannig til þrjá ferhyrninga.“ Konráð horfði hálf ringlaður á þrautina.

Eldspýtnaprautir voru ekki alveg hans sterkasta hlið. „Svona nú,“ sagði Lísaloppa. „Reyniði að leysa þessa þraut.“



Getur þú
leyst þessa
eldspýtna-
þraut?


Fróðleikur um norðurljósín

Flestir Íslendingar hafa séð norðurljósín dansa um himinhvolfið. Stundum eru þau litrík og kvik en þau geta líka verið ljósleit og kyrrlát.

Lengst af höfðu menn ekki hugmynd um hvernig norðurljósín verða til. Sumir hópar inúíta töldu að þau væru andar framliðinna sem lékju einhvers konar fót-boltaleik með rostungshöfðum. Í Finnlandi sá fólk fyrir sér ref sem feykta lausamjöll um himininn með skotti sínu og kölluðu ljósín refaelda. Nágrannar þeirra, Samar, töldu líka að norðurljósín væru andar framliðinna. Í Noregi trúðu sjómenn að norðurljósín hjálpuðu þeim að sjá fiska betur, sér í lagi síld. Þess vegna kölluðu þeir þau líka sildarljós.

Norðurljós eiga rætur að rekja til sólarinnar. Sólin sendir stöðugt frá sér straum rafhláðinna agna sem kallast sólvindur. Sólvindurinn er nokkuð hvass, vindhraðinn er frá um 300 km á sekúndu upp í 3.000 km í öflugustu hviðunum. Sólvindurinn er því alla jafna tvo til þrjú daga að fjúka milli sólar og jarðar.

Þegar til jarðar er komið leitast sólvindurinn eftir segulsviði jarðarinnar á pólsvæðunum. Í segul-



» Á ÍSLANDI ER HÆGT AÐ SJÁ NORÐURLJÓSÍN FRÁ ÁGÚST OG FRAM Í MAÍ.

sviðinu eykst hraði sólvindsins. Þegar hann rekt á súrefni og nitur (köfnunarefni) í um og yfir 100 km hæð yfir jörðinni, örvast efnin og gefa frá sér ljós: Norðurljós! Sama ferli á sér stað á suðurhvelinu og verða þar til suðurljós.

Úr bókinni *Stjörnusköðun* – fyrir alla fjölskylduna eftir Sævar Helga Bragason. JPV útgáfa 2016



Jón við skrifborðið þar sem hann æfir sig í að lesa sem gengur líka svona ljómandi vel. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR

Ég er oftast á undan afa

Jón Reykdal Snorrason er kátur strákur sem býr í Kópavogi ásamt foreldrum sínum, systkinum og einum ketti. „Já, ég er hress. Ég var að koma úr sundi og svo fórum við í heimsókn til ömmu Jóhönnu,“ segir hann og bætir við: „Amma sagði allt gott og það er alltaf gaman að heim-sækja hana. Í dag er síðasti dagurinn í jólafríinu en á morgun byrjar skólinn aftur og ég hlakka til að fara aftur í skólann.“

Jón er fjögurra ára en bendir á að hann verði orðinn fimm ára þann 24. febrúar og að þá verði sko haldin afmælisveisla. Síðasta haust byrjaði Jón í fimm ára bekk í Ísaksskóla sem hann segir að sé bæði góður og skemmtilegur skóli. Spurður um hvað sé skemmtilegast að gera í Ísaksskóla þá stendur ekki á svari. „Leikfimi. Við erum líka búin að læra stafina, nema kannski ekki alveg alla, kennarinn minn segir að við endum á því að læra jod en ég kann hann samt alveg vegna þess að það er stafurinn minn. Nafnið mitt er skrifað J, ó, n,“ segir Jón einbeittur og er greinilega með þetta allt á hreinu. Jón segir að þau séu búin að vera 78 daga í skólanum og þar sé líka mikið sungið. „Við æfðum Heyr, himna smiður en nú erum við hætt að syngja það og byrjuð að æfa annað.“ Jón lætur það þó ekki aftra sér frá því að syngja þetta fallega lag og texta af miklu lístfengi. „En ég veit ekki hvað við eigum að læra næst. Við byrjum að æfa á mánudögum og svo er sungið á sal á föstudögum og þá koma foreldrarnir að hlusta.“

ÞAD VORU MIKIL LÆTI OG ÉG ER ALVEG SKÍTHRÆDDUR VIÐ ALLA FLUGELDA SEM ÉG SÉ.

Jón segir að það sé búið að vera gaman í jólafríinu en líka mikið að gera. „Ég fór í mörg jólaboð og það var líka jólaboð hjá okkur. En svo var líka veisla á gamlárskvöld og þá fórum við út að horfa á flugelda. Það voru mikil læti og ég er alveg skíthræddur við alla flugelda sem ég sé. En það var samt mjög gaman.“

En þótt jólafríið sé að verða búið þá er Jón að fara í sveitiferð um helgina og segist hlakka mikið til ferðarinnar. Tilefni ferðarinnar segir Jón vera að amma Eva sé að verða sjötíu ára og að það eigi að halda upp á það með því að fara í sveitina. „Ég er líka stundum að gista hjá ömmu Evu og afa Einari og það er mjög skemmtilegt. Við afi fórum oft í keppni um hver er fyrstur að klára morgunmatinn. Ég er mjög oft fyrstur vegna þess að afi þarf að búa til matinn því ef hann gerir það ekki þá fæ ég ekkert að borða.“

Gott í
BOOSTIÐ!



1 kg

395
kr. 1 kg

ES Berjablanda
Frosin, 1 kg



395
kr. 500 g

ES Hindber og Bláber
Frosin, 500 g



1 kg

395
kr. 1 kg

ES Jarðarber
Frosin, 1 kg



1 kg

395
kr. 1 kg

Mangóbitar
Frosnir, 1 kg



**SAMA VERÐ
UM LAND ALLT**

198
kr. kg

Dole Bananar



ENGIN KOLVETNI
80 mg koffein

69
kr. 250 ml

ES Orkudrykkur
Sykurlaus, 250 ml



200kr
verðlækkun

698
kr. stk.

Nutra D3 Vitamín
200 hylki - Verð áður 898 kr.



ÍSLENSK
framleiðsla

3.798
kr. stk.

Protis Liðir
240 hylki




2L

129
kr. 2 l

Klaki Kolsýrt vatn
2 lítrar, 3 tegundir

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur




Suðvestan hvassviðri austan til á landinu fram eftir degi, en mun hægari vindur vestan til. Rigning eða slydda suðaustan til fram að hádegi, annars dálítill el, en þurrkt að kalla sunnan til á landinu síðdegis. Frost 0 til 6 stig, en hiti um frostmark sunnan til.

Heimurinn

Kaupmannah. 3°	Oslo -2°	Stokkhólmur -4°	Gautaborg -2°	Helsinki 1°	Pórshöfn 1°	Nuuk -5°
London 5°	Amsterdam 6°	Paris 7°	Berlin 6°	Madrid 5°	Brussel 6°	Róm 15°
Boston -19°	New York -16°	Orlando 2°	Moskva 2°	Singapúr 27°	Tókýó 2°	Sydney 24°

Reykjavík



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
4° ↖ 15	3° ↗ 10	3° ↗ 2	3° ↗ 7	0° ↖ 7

Ísafjörður



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-4° ↖ 11	-0° ↗ 9	1° ↖ 5	-0° ↗ 12	-5° ↗ 4

Akureyri



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-4° ↖ 9	-1° ↗ 8	4° ↖ 14	-1° ↗ 8	-3° ↗ 3

Egilsstaðir



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
-5° ↖ 12	2° ↗ 12	4° ↖ 20	-0° ↖ 4	2° ↖ 3

Kirkjubæjarklaustur



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
0° ↖ 13	1° ↗ 4	6° ↖ 16	2° ↖ 2	2° ↖ 3

Pondus

Eftir Frode Øverli

Ertu að hugsa um eitthvað flott?
 Já, Önnu Mist.
 Önnu Mist? Þína fyrirverandi úr menntaskóla?
 Já. Ég hitti hana í búðinni í dag. Ímyndaðu þér ef ég væri með henni í dag.
 HA?!?
 Hún er orðin eins og lítill flóðhestur, í joggingsbuxum með karlmannsrass. Það eina sem var eins var trjónan á henni.
 Fínt.

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Hungur er ömurlegt og eldamennska er of erfið.
 Ertu að steikja skó?

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ég trúir ekki hversu dýrt það er að ala upp börn.
 Segðu.
 Það er eins og við getum annaðhvort átt fjölskyldu eða peninga.
 Þannig að bara svona pæling...
 Það er ekki hægt að skila krökkunum, Bjössu.

CoverIceland sendir óskir um gleðilegt ár og er með dúndurtilboð á ekta Cover svalalokunum til 20. janúar til að auðvelda lengingu sumarsins.

CoverIceland
 Auðbrekkur 10,
 200 Kópavogi.
 Sími 5197771

ÚTSAULA

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MP3 SPILARAR
HÁTALARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR
DVD SPILARAR BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL

HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti
Sjónvörp frá Philips, Panasonic og LG á frábærum verðum
Þvottavélar og þurrkarar á frábærum verðum
Philips ryksugur frá 9.995 - allt að 33% afsláttur
Uppþvottavélar með allt að 44% afslætti
Blandarar með allt að 50% afslætti
Whirlpool örbylgjuofnar frá 9.995
Witt spansuðuhelluborð 29.995 – 40% afsláttur
Tvöfaldir LG kæliskápar frá 149.995
65" Panasonic Snjallsjónvarp 179.990 – 28% afsláttur
Fissler pottar og pönnur með allt að 60% afslætti
Whirlpool barkalausir þurrkarar frá 44.995
Práðlausir bluetooth hátalarar með allt að 75% afslætti
Alsjálfvirkar DeLonghi kaffivélar frá 39.995

**TAKMARKAÐ
MAGN**

*Fyrstur kemur
– fyrstur fær!*






















**Opið alla
helgina!**

OPIÐ!

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA
FRÁ 10-18, LAUGARDAGA 11-18
OG SUNNUDAG 13-18.

 **Heimilistæki**
www.ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

 LG  CASIO  Lenco  NAD  KENWOOD  PHILIPS  Panasonic  DENON  BEKO  scan domestic  wilfa
 Melissa  Ariete  elna  VESTFRÖST  iRobot  MEDISANA  Whirlpool  DeLonghi  DAEWOO  OBH NORDICA

Var Lína Langsokkur í ár eftir fyrstu leikhúsferð

Salka Guðmundsdóttir hafði gaman af að láta aðeins hræða sig þegar hún var barn, ef tryggt var að allt endaði vel. Leikrit hennar Skúmaskot, sem frumsýnt er í Borgarleikhúsinu á morgun, er fyrir slíka krakka.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Skúmaskot er dálítið myndin hasarfantasia. Við byrjum í kunnuglegu umhverfi en förum svo niður í dularfullan leyniheim, þar eru háski og hættur við hvert fótímal,“ segir leikskáldið Salka Guðmundsdóttir. Hún er höfundur verksins Skúmaskot sem frumsýnt verður á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan 13 á morgun, sunnudag. „Þetta leikrit er ekki fyrir allra yngstu börnin heldur langaði mig að skrifa fyrir þau sem eru orðin átta ára og eldri og hafa gaman af að láta segja sér sögur með smá spennu,“ segir hún og kveðst sjálf hafa kunnad að meta það að láta aðeins hræða sig þegar hún var krakki, svo fremi sem hún gæti treyst því að allt færi vel að lokum.

Salka hefur einbeitt sér að leikritaskrifum síðustu ár. Öðru hvoru

sleppir hún barninu í sér lausu í þeim skrifum. Fyrir nokkrum árum sendi hún frá sér leikrit sem hét Hættarnar í Huliðsdal og annað gerði hún fyrir útvarp sem heitir Ljósberarnir, það var páskaleikritið hjá RÚV í hittið-fyrri. En eru henni einhverjar sýningar úr leikhúsum eftirminnilegar frá því hún var barn?

„Já, fyrsta sýningin sem ég sá var Lína Langsokkur, þá var ég bara mjög litil. Pabbi minn, Guðmundur Ólafsson, var að leika aðra lögguna og ég lifði mig svo gríðarlega inn í efnið að ég var Lína í heilt ár á eftir. Skikkaði foreldra mína til að vera Tommi og Anna sem var ekki skemmtilegt hlutskipti í samanburði við mitt!“

Leikararnir í Skúmaskoti eru allir uppkomnir en geta leikið fólk á öllum aldri, að sögn Söllu. Þeir eru Halldór Gylfason, Marianna Clara Lúthersdóttir, Vala Kristín Eiríksdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir. „Þetta er afskaplega skemmtilegur hópur, fólk sem hefur gaman af að leika sér og þau halda í barnið í sjálfum sér. Það sama gildir um



„Ég hafði þungar áhyggjur af því fyrir nokkrum árum hversu lítið var um nýsköpun leikverka fyrir börn. Við höfum tekið okkur á í þeim efnum, samt mættu vera fleiri barnasýningar,“ segir Salka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar

KALLAÐ EFTIR TILLÖGUM AÐ FRAMLAGI ÍSLANDS Á FENEYJA- TVÍÆRINGINN Í MYNDLIST 2019

Val á framlagi Íslands fer fram í tveimur þrepum. Fagráð KÍM mun auk tveggja utanaðkomandi fagaðila fara yfir allar innsendar tillögur og verður þremur umsækjenda boðið að vinna að nánari útfærslu sinna tillagna. Stefnt er að því að tilkynnt verði í maí 2018 um það hvern af tillögunum verður framlag Íslands í Feneyjum 2019.

Allar nánari upplýsingar og leiðbeiningar má nálgast á www.icelandicartcenter.is og í síma 562 7262 eða á netfangið bjorg@icelandicartcenter.is

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar (KÍM) ber ábyrgð á verkefninu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis og sér um framkvæmd þess.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 1. mars 2018 og fer valferlið fram í tveimur þrepum.

alla sem koma að sýningunni. Það er nauðsynlegt fyrir þá að rannsaka, vera forvitnir og uppgötva eitthvað nýtt,“ segir Salka. Leikstjórinn, Gréta Kristín Ómarsdóttir, átti sterka innkomu á síðasta ári enda var hún tilnefnd til þrenna Grímuvörðlauna og var útnefnd þar Sproti ársins. „Það var spennandi að fá hana í þetta verkefni,“ segir Salka.

Þrjár barnasýningar eru frumsýndar í leikhúsunum þessa helgi. Það finnst Söllu frábært.

„Ég hafði þungar áhyggjur af því fyrir nokkrum árum hversu lítið var um nýsköpun leikverka fyrir börn. Við höfum tekið okkur á í þessu efni, samt mættu vera fleiri barnasýningar á minni sviðum leikhúsanna. Þó er þakkarvert hvað sjálfstæðu hóparnir eru duglegir að sinna barnameningunni.“



Þórunn Arna og Vala Kristín í hlutverkum sínum. MYND/GRÍMUR BJARNASON

Fullgerðar sögur og brot úr fleirum á sýningu

Arnar Heiðmar hefur opnað myndasögusýningu í Borgar-bókasafninu/Menningarhúsi í Grófinni við Tryggvagötu. Þar eru bæði fullgerðar sögur og brot úr fleirum sem Arnar hefur annaðhvort skrifað eða ritstýrt á síðustu árum.

Here and Back Again heitir sýningin. Sem listamaður rekur Arnar feril sinn til þess þegar hann tók þátt í myndasögusamkeppni með Elizabeth Katrín Mason í Grófinni fyrir fjórum árum. Síðan þá hefur hann unnið með fyrirtækjum, útgefendum og listamönnum.

„Áhugi minn á myndasögum snýr einkum að því að sjá hvernig myndir geta bætt við frásagnir – og ófugt – til dæmis þegar kemur að því að lýsa tilfinningum sögupersóna,“ segir Arnar. Spurður hvað hafi kveikt þann áhuga svarar hann: „Það voru aðallega myndir og þættir sem byggðu á myndasögum, svo sem Batman: The Animated Series. Bókasöfnin gáfu mér líka tækifæri til að lesa aragrúa af myndasögum, svo sem Sandman eftir Neil Gaiman. Ég hef viljað vera í þessum bransa síðan ég var um sjö ára aldur eða svo.“

Þetta er fyrsta skipti sem Arnar er með opinbera sýningu og hann útskýrir að sumar sögurnar geti verið byggðar á almenningsfni, svo sem ævintýrasögum. „Ég teikna ekki myndasögur heldur skrifa ég og ritstýri þeim og vinn af og til aðra vinnu tengda myndasögum.“

Allar myndir á sýningunni núna eru eftir konur sem flestallar eru útlendingar sem ég finn í gegnum netið. Nöfn þeirra eru sýnd skýrt á sýningunni og mæli ég endilega með því að fólk sjái verkin þeirra.“

–gun



Arnar vildi vera í þessum bransa síðan hann var sjö ára. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Stuð á sviðinu hjá þeim Stefáni Halli og Mariu Thelmu.

MYND/HALLDÓR ÖRN ÓSKARSSON

Tengja við sýninguna sem fyrrverandi börn og líka sem fullorðið fólk

Ég get! nefnist leikrit sem Þjóð-leikhúsið frumsýnir á morgun í Kúlunni við Lindargötu. Það er eftir sænska leikhúsmögúlinn Peter Engkvist. „Sýningin er miðuð við þriggja til sex ára og líka fullorönu börnin,“ segir Björn Ingi Hilmarsson, leikstjóri verksins. Rennsli er rétt að hefjast þegar ég kíkinn inn í Kúluna. Leikararnir, María Thelma Smáradóttir og Stefán Hallur Stefánsson, eru að setja sig í stellingar undir vöklulu auga leikstjórans og ljósamaðurinn, Hermann Karl Björnsson, hefur komið sér fyrir með sínar græjur. Þau taka því þó öll vel að vera tafir í fimm mínútur til að segja frá sýningunni, kaffi er rennt í bolla og ég tylli mér niður á litinn stól í næstfremstu röð.

Um hvað fjallar Ég get?

Stefán Hallur er fyrstur til svars.

„Í rannsóknarferðalaginu fyrir þessa sýningu höfum við komist að ýmsu og eigum auðvelt með að tengja við hana á margan hátt, bæði sem fyrrverandi börn og líka sem fullorðið fólk. Til dæmis er í henni ýmislegt sem viðkemur sjálfstæði, réttindum og sjálfsmyndinni.“

„Hún snýst líka um klassísk viðfangsefni eins og vináttuna, að deila með sér og hjálpast að,“ bætir María Thelma við.

„Í þessari sýningu er ekkert verið að predika eða segja hvernig hlutirnir eigi að vera,“ segir Björn Ingi og bætir við að titillinn, Ég get, sé bein tilvitnun í frænda höfundarinn. „Systursonur hans sagði þetta: „Ég get. Ég get allt. Ég er bestur.“ Svona setningar heyrast oft þegar börn eru að uppgötva sjálf sig. Hver þekkir ekki samtöl eins og: „Farðu í þessi fót.“ „Nei.“ „Ég skal klæða þig.“ „Nei, ég get.“ ...?“

Er leikritið sem sagt þerapia fyrir foreldra líka?

„Kannski, en líka um það að þiggja hjálp og gera hluti saman,“ segir María Thelma. „Svo er sýningin mjög myndræn.“

Í ÞESSARI SÝNINGU ER EKKERT VERIÐ AÐ PREDIKA EÐA SEGJA HVERNIG HLUTIRNIR EIGI AÐ VERA.

„Við fengum tuttugu og fimm leikskólabörn á æfinguna í gær og þau skemmtu sér konunglega,“ segir Stefán Hallur.

„Já, ég fékk póst frá kennaranum þeirra á eftir sem sagði að börnin hefðu verið á fullu að tala um sýninguna þegar þau komu til baka,“ upplýsir Björn Ingi.

„Þau voru líka svo fús til að taka þátt, búa til hljóð með okkur og fleira, fylgdu okkur og treystu alveg um leið,“ segir María Thelma.

Stefán Hallur tekur fram að þau María Thelma séu ekkert að leika sérstaklega fyrir börn, heldur bara vinna vinnuna sína sem listamenn. „Já, og finna okkar eigið barn innra með okkur,“ segir María Thelma brosandí.

Að lokum spyr ég Björn Inga hvort úrval sé til af göðum leikverkum fyrir unga áhorfendur eins og þessi sýning er miðuð við. Hann segir svo vera. „Ég var að vinna í leikhúsi í Stokkhólmi í fimm ár sem gerir leikrit fyrir börn frá tveggja upp í sextán ára. Það er mikill brunnur að ganga í fyrir mig. Ég er með margar ferðatöskur af leikritum fyrir alla aldurshópa.“

Nú tef ég ekki lengur. Fólkíð verður að fá að æfa. Áður en ég smeygi mér út fæ ég að sjá smá brot úr sýningunni. Persónurnar ætla að fara að vökva en fyrr en varir eru garðkonnurnar búnar að taka völdin, bregða á leik í loftinu og mynda listaverk með hjálp leikaranna og ljósamannsins.

gun@frettabladid.is

Upplýsingar vegna tilnefningar og kosningar vígslubiskups í Skálholti

Samkvæmt starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa, nr. 333/2017 mun fara fram forval (tilnefning) áður en kosning vígslubiskups fer fram.

Rétt til tilnefningar hafa eingöngu þeir vígðu menn sem kosningarréttar njóta, skv. 4. gr., sbr. 3. gr. fyrrnefndra starfsreglna. Heimilt er að tilnefna allt að þrjá einstaklinga sem uppfylla kjörgengisskilyrði skv. 1. gr. starfsreglnanna.

Tilnefningin mun verða rafræn og standa frá kl. 12:00 hinn 2. febrúar 2018 og ljúka kl. 12:00 hinn 7. febrúar 2018.

Í 1. mgr. 13. gr. starfsreglna nr. 333/2017 segir:

Þeir þrjú einstaklingar sem flestar tilnefningar fá, að teknu tilliti til 3. mgr., eru í kjöri til biskups Íslands eða vígslubiskups. Ef tveir eða fleiri fá sama fjölda tilnefninga skulu þeir báðir eða allir vera í kjöri. Séu tilnefndir færri einstaklingar en þrjú eru þeir allir í kjöri að teknu tilliti til 3. mgr.

Ákveðið hefur verið að kosning til vígslubiskups í Skálholti fari fram dagana 9. mars til og með 21. mars 2018, en um er að ræða póstkosningu.

Um kosningarrétt við kjör vígslubiskups er fjallað í 4., sbr. 3. gr. starfsreglna nr. 333/2017 og eru ákvæðin svohljóðandi:

3. gr.

Kosningarréttur við kjör biskups Íslands.

A. Kosningarréttur vígðra:

Biskup Íslands og vígslubiskupar eiga kosningarrétt við biskupskjör. Auk þeirra á kosningarrétt hver sá sem vígslu hefur hlotið og er:

- þjónandi prestur eða djákni íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis og er í föstu og launuðu starfi sem slíkur, eða
- þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjón biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagsamtaka hér á landi.

Prestur eða djákni í tímabundnu leyfi, allt að tveimur árum, nýtur kosningarréttar.

Prestur sem settur er til þjónustu tímabundið nýtur ekki kosningarréttar nema í þeim tilfellum þar sem ekki er skipaður prestur fyrir.

Prestur, sem sinnir aukþjónustu, nýtur ekki kosningarréttar fyrir það embætti sem hann sinnir aukþjónustu í.

Djákni skal vera ráðinn til a.m.k. eins árs eða ótímabundið til að njóta kosningarréttar.

Prestur eða djákni sem látið hefur af þjónustu nýtur ekki kosningarréttar. Kosningarrétt eiga vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og vígðir starfsmenn á biskupsstofu sem eru í föstu starfi.

B. Kosningarréttur leikmanna:

a) kjörmenn prestakalla, sbr. 7. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum,

b) þeir leikmenn sem sæti eiga í kirkjuráði og á kirkjuþingi.

4. gr.

Kosningarréttur við kjör vígslubiskupa.

Kosningarrétt við vígslubiskupskjör eiga þeir sömu og réttinn eiga skv. 3. gr. og tilheyra prófastsdæmi sem er í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í.

Þjónandi prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis, sbr. a) lið 1. mgr. 3. gr., nýtur kosningarréttar í umdæmi vígslubiskups í Skálholti.

Þjónandi prestur eða djákni, sbr. b) lið 1. mgr. 3. gr., nýtur kosningarréttar í því umdæmi vígslubiskups sem viðkomandi starfar.

Kosningarrétt eiga kirkjuþingismenn, kirkjuráðsmenn, vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og vígðir starfsmenn á biskupsstofu sem eru í föstu starfi.

Kjörskrá vegna kosningar vígslubiskups í Skálholti verður lögð fram 19. janúar 2018, kl. 12:00 og skulu skilyrði kosningarréttar þá hafa verið uppfyllt frá 12. janúar 2018.

Almennar upplýsingar um fyrirkomulag og framkvæmd tilnefninga og kosninga er í starfsreglum nr. 333/2017, sem unnt er að nálgast á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=a8b0f2cd-30d4-489c-acf2-2888200169d8>

Reykjavík, 5. janúar 2018

f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar

Hjördís Stefánsdóttir, formaður

Coca-Cola **LAUGARÁS BÍÓ** **5%**
miðisala og nánari upplýsingar

PADDINGTON 2
FORSÝND UM HELGINA
Sýnd kl. 2

ALL THE MONEY IN THE WORLD
Sýnd kl. 7.50, 10.30

PITCH PERFECT 3
Sýnd kl. 6, 8, 10

JUMANJI WELCOME TO THE JUNGLE
Sýnd kl. 2, 5, 8, 10.30

FERDINAND
Sýnd kl. 1.30, 3.45, 5.30

LAUGARÁS BÍÓ KYNIR **NÝ VIÐMIÐ** Í BÍÓUPPLIFUN Á ISLANDI

AXL **DOLBY ATMOS LUXURY · LASER**

SAMBÍÓINN **SAMBIO.IS**

FATHER FIGURES Frábær grínmynd með úrvalseikurum
OWEN WILSON ED HELMS JK SIMMONS KATT WILLIAMS TERRY BRADSHAW VING RHAMES with CHRISTOPHER WALKEN and GLENN CLOSE

STAR WARS THE LAST JEDI BÍÓUPPLIFUN ÁRSINS
ROBERT ROY POOL

THE DISASTER ARTIST Geggjuð grínmynd
JAMES FRANCO DAVE FRANCO SETH ROGEN
2 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR
BESTA MYNDIN BESTI LEIKARINN
92% ★★★★★

FERDINAND Frábær mynd fyrir alla fjölskylduna
Sýnd með íslensku tali

COCO

DADDY'S HOME 2

THE GREATEST SHOWMAN

ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI
FATHER FIGURES kl. 1-3:20-5:40-8-9:10-10:30	FATHER FIGURES kl. 5:30-8-10:30	FATHER FIGURES kl. 5:30-8-10:30
STAR WARS 2D kl. 4-6-7:10-10:20	STAR WARS 2D kl. 2-5-8-10:20	STAR WARS 3D kl. 1:10-4:20-7:30-10:40
STAR WARS 2D VIP kl. 1-4-7:20-10:30	THE GREATEST SHOWMAN kl. 1-3:20-5:40-8	THE DISASTER ARTIST kl. 6-8:20-10:40
THE DISASTER ARTIST kl. 8-10:30	THE DISASTER ARTIST kl. 10:20	COCO ISL TAL kl. 1-1:20-3:15-3:40
FERDINAND ISL TAL kl. 1-3:20-5:40	DADDY'S HOME 2 kl. 1-3:20-5:40-8	KEFLAVÍK
WONDER kl. 8	COCO ISL TAL kl. 1-3:20	FATHER FIGURES kl. 5:35-8-10:30
COCO ISL TAL kl. 1-1:40-3:20-5:40	AKUREYRI	ALL THE MONEY IN THE WORLD kl. 10:30
JUSTICE LEAGUE 2D kl. 10:20	FATHER FIGURES kl. 5:30-8-10:30	THE GREATEST SHOWMAN kl. 8
LEGO NINJAGO ISL TAL kl. 1-3:20	STAR WARS 3D kl. 7-10:10	JUMANJI kl. 5:35
	COCO ISL TAL kl. 2-3-4:20	FERDINAND ISL TAL kl. 1-3:20
		COCO ISL TAL kl. 1-3:20

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU KR. 950

wonder

Hvað? Hvenær? Hvar?
Laugardagur

hvar@frettabladid.is

6. JANÚAR 2018

Tónlist

Hvað? Phantasmagoría
Hvenær? 17.00
Hvar? Hannesarholt, Grundarstíg
Ragnar Jónsson sellóleikari, Hulda Jónsdóttir fiðluleikari og Mathias Halvorsen píanóleikari leika kammerverk í Hljóðbergi.

Hvað? Dansaðu af þér jólasteikina með Stórsveitinni Salsakommúnunni
Hvenær? 20.00
Hvar? Iðnó
Salsakommúnan blæs til áramótadansleiks í Iðnó. Á tónleikum mun sveitin leika lög af sinni fyrstu breiðskífu, í bland við þekkt sals-



Prettándagleðin verður við völd á laugardaginn víða um landið, meðal annars í Hafnarfirði.

SAMBÍÓINN **SAMBIO.IS**

COCO **LEGO NINJAGO MOVIE** **FERDINAND**

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

LAUGARÁS BÍÓ **Ódýrt í bíó** **miðis**
miðisala og nánari upplýsingar

PADDINGTON 2 SÝND KL. 2
JUMANJI WELCOME TO THE JUNGLE SÝND KL. 2
FERDINAND SÝND KL. 1.30 SÝND Í 2D

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

slagara, flutta í áður óheyrðum útgáfum við nýja íslenska texta.

Hvað? Nýárstónleikar Kórs Akraneskirku
Hvenær? 20.00
Hvar? Bióhöllin, Akranesi
Á efnisskránni verða m.a. íslensk dægurlög í útsetningum eftir Ríkarð Örn Pálsson, Magnús Ingimarsson og Jón Sigurðsson og má þar finna margan gullmolann. En einnig verður fluttur lagaflokkur sem kallast Feel the spirit og inniheldur sjö afrísk-ameríska söngva í útsetningu enska tónskáldsins Johns Rutter.

Hvað? Eiríkur Hauksson syngur á Prettándagleði
Hvenær? 23.00
Hvar? Kringlukuráin
Eiríkur Hauksson syngur með Gullkistunni á Prettándagleði Kringlukuráinnar. Eiríkur varð landsfrægur fyrir samvinnu sína við tónskáldið og lagahöfundinn Gunnar Þórðarson þegar hann söng lögina Gaggó Vest og Gull inn á hljóm-

